

Fornleifar í Svalbarðsstrandarhreppi



Sædís Gunnarsdóttir



Fornleifastofnun Íslands
FS279-04181
Reykjavík
2005

Forsíðumynd er af bæjarhólnum að Meyjarhóli SP-005:001

© *Fornleifastofnun Íslands*
Bárugötu 3
101 Reykjavík

Sími: 551 1033
Fax: 551 1047

Netfang: fsi@instarch.is

Efnisyfirlit

I. Inngangur	5
II. Um fornleifaskráningu og löggjöf	5
III. Fyrri fornleifaskráning á svæðinu	8
IV. Byggðasaga	12
V. Fornleifaskrá	20
<i>SP-003 Veigarstaðir</i>	23
<i>SP-004 Hallland</i>	33
<i>SP-005 Meyjarhóll</i>	38
<i>SP-006 Geldingsá</i>	42
<i>SP-007 Sigluvík</i>	48
<i>SP-008 Breiðaból</i>	57
<i>SP-009 Svalbarð</i>	61
<i>SP-010 Mógil</i>	71
<i>SP-011 Meðalheimur</i>	74
<i>SP-012 Tunga</i>	75
<i>SP-013 Neðri-Dálksstaðir</i>	83
<i>SP-014 Efri-Dálksstaðir</i>	86
<i>SP-015 Gautsstaðir</i>	92
<i>SP-016 Þórisstaðir</i>	97
<i>SP-017 Leifshús</i>	102
<i>SP-018 Sveinbjarnargerði</i>	106
<i>SP-019 Garðsvík</i>	110
<i>SP-612 Óstaðsetjanlegar fornleifar</i>	115
VI. Fornleifar og byggð	116
<i>Bæjarhólar og bæjarstæði</i>	116
<i>Kirkjur og legstaðir</i>	117
<i>Útihús og túngarðar</i>	118
<i>Stekkir og kvíar</i>	119
<i>Beitarhús og sel</i>	120
<i>Mótekja</i>	120
VII. Niðurstöður	120
<i>Tölfræði og hættumat</i>	120
<i>Verndun og kynning minja</i>	123

Minjakortaskrá

kort 1. Yfirlitskort yfir landamerki á skráningarsvæðinu 1.	10
kort 2. Yfirlitskort yfir landamerki á skráningarsvæðinu 2.	11
kort 3. Minjakort fyrir Veigarstaði.	22
kort 4. Minjakort fyrir Hallland og Meyjarhól.	32
kort 5. Minjakort fyrir Geldingsá.	41
kort 6. Minjakort af Sigluvík.	47
kort 7. Minjakort fyrir Breiðaból.	56
kort 8. Minjakort fyrir Mógil, Svalbarð, Tungu og Meðalheim.	63
kort 9. Minjakort fyrir Dálksstaði	82
kort 10. Minjakort fyrir Gautsstaði, Þórisstaði og Leifshús	91
kort 11. Minjakort fyrir Sveinbjarnargerði og Garðsvík	105

I. Inngangur

Sumarið 2004 fór fram fornleifaskráning í Svalbarðsstrandarhreppi í Suður-Þingeyjarsýslu. Verkið var unnið af Fornleifastofnun Íslands fyrir sveitarstjórn hreppsins. Alls voru skráðar 315 fornleifar á vettvangi.

Skýrsla þessi er byggð upp eins og aðrar skýrslur um fornleifaskráningu. Fyrst er í stuttu máli sagt frá löggjöf um minjavernd og sögu fornleifaskráningar (II. kafli), síðan er sagt stuttlega frá fornleifakönnunum á svæðinu (III. kafli) og þá kemur kafli um byggðasögu svæðisins (IV. kafli). Í kjölfar hans fylgir ítarleg skrá yfir fornleifar (V. kafli). Í henni eru minjastaðir flokkaðir eftir jörðum og byggir tölusetning jarðanna á *Jarðatali Johnsens* frá 1847. Á undan minjaskrá hverrar jarðar er gerð grein fyrir takmörkum hennar, breytingum á þeim og öðrum upplýsingum sem geta varpað ljósi á sögu byggðar og búskapar á staðnum. Einnig er gerð grein fyrir þáttum eins og gróðurfari og túnasléttun sem hafa áhrif á varðveislu minja. Í minjaskrá er síðan fjallað sérstaklega um hvern minjastað, sagt frá staðsetningu minjanna og aðstæðum og birtar lýsingar og myndir af tóftum þar sem við á. Í VI. kafla er samantekt um helstu minjaflokka og gefið yfirlit um sérkenni svæðisins. Að lokum eru svo settar fram tillögur um verndun og kynningu fornleifa á öllu svæðinu (VII. kafli).

Sædís Gunnarsdóttir gerði heimildakönnun fyrir Svalbarðsstrandarhrepp árið 1996 en ekki var skrifuð skýrsla á þeim tímapunkti. Hafist var handa við skráninguna í júníbyrjun sumarið 2004 og vann Sædís alla skráningu í hreppnum og ritaði skýrslu þessa. Skrásetjari vill koma á framfæri kærum þökkum til heimildarmanna sinna fyrir dygga aðstoð og hlýjar móttökur. Sérstakar þakkir fá Stefán Júlíusson að Breiðabóli og Sveinberg Laxdal í Túnssbergi fyrir ómetanlega aðstoð og hjálpssemi í hvívetna.

II. Um fornleifaskráningu og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar. Nú eru rúmlega 60 þúsund minjastaðir í gagnagrunni Fornleifastofnunar og er talið að það séu um 30% allra minjastaða í landinu. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum og sér í lagi staðir sem á einn eða annan hátt tengdust

fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning. Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmiskonar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk þeirra. Slík heimildakönnun er nauðsynlegur undirbúningur fyrir vettvangsathuganir.

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 10. grein þjóðminjalaga (nr. 107, 2001) eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja ...“ Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mó gröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur

einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er álagablettir eða staðir þar sem torf var rist. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

III. Fyrri fornleifaskráning á svæðinu

Mikill áhugi var á fornaldarminjum í Danmörku í upphafi 19. aldar og lét konungleg nefnd um varðveislu fornminja þá skrá merkar minjar í öllu Danaveldi. Árið 1817 voru sendir út spurningalistar til sóknarpresta á Íslandi og þeir beðnir að gera grein fyrir fornum mannvirkjum og gripum sem fundust í sóknum þeirra. Svörin sem bárust nefndinni á næstu árum eru mjög misjöfn að lengd og gæðum og frá sumum prestum komu engin svör. Þá var sóknarkirkja Svalbarðsstrendinga, Svalbarðskirkja, annexía frá Glæsibæ og hafa varðveist tvær skýrslur ritaðar af prestum þar. Fyrst má nefna að séra Jón Reykjálín skrifaði bréf þar sem hann nefnir hauga Gauts (SP-015:019) og Þóris (SP-016:015) ásamt dys í Þórisstaðagili (SP-016:016). Einnig telur hann til Þinggerði (SP-015:011) í landi Gautsstaða ásamt meintum aftökustað nálægt Þinggerðinu sem hefur verið kallaður Möngupollur (SP-015:017). Árið 1820 hefur séra Kristján Þorsteinsson tekið við brauðinu að Glæsibæ en hann greinir aðeins frá sömu minjastöðum og fyrirrennari hans.¹ Reyndar var það svo að haugar fornmanna auk þingstaða, hofa og fornra sagna voru þær tegundir fornleifa sem mest ástæða þótti til að nefna á þessum tíma. Þessar áherslur voru að hluta til dregnar af spurningum nefndarinnar, sem greinilega hafði mestan áhuga á sýnilegum minnismerkjum um söguöldina, en reyndar lýsa þær líka almennri skoðun á fornminjum í byrjun 19. aldar. Þær áherslur áttu ekki eftir að breytast næstu áratugi en áhugi jókst hins vegar mjög á íslenskum fornleifum er leið á 19. öld.

Árið 1838 sendi Hið íslenska bókmenntafélag spurningalista til sóknarpresta á Íslandi til undirbúnings Lýsingu Íslands. Í svörunum geta flestir prestar um jarðir í sóknum sínum, eyðibýli, leiðir, bænhús og seljabúskap en segja fátt um aðrar fornleifar. Þegar spurningalistarnir bárust þjónaði sr. Björn Jónsson, prestur í Glæsibæ, Svalbarðssókn og nefnir hann engar fornleifar í hreppnum.² Skipulegar rannsóknir á Íslendingasögunum áttu blómaskeið á seinni hluta 19. aldar, og voru þær, af hálfu Íslendinga að minnsta kosti, tengdar sjálfstæðisbaráttunni og þörf fyrir skýra mynd af eigin fortíð. Á þessum tíma gerðu menn sér grein fyrir að ein helsta leiðin til að sannreyna að hversu miklu leyti sögunar segðu frá raunverulegum atburðum, væri að athuga staða- og leiðalýsingar þeirra. Í þeim tilgangi reið danski handritafræðingurinn Kristian Kålund um landið á árunum 1872-74, með

¹ FF: *Frásögur um fornaldaleifar*, 556-557


² SSE: *Sýslu- og sóknalýsingar Eyjafjarðar*, 163-167

Íslendingasögurnar í farteskinu og kannaði staði og leiðir sem lýst er í sögunum. Kålund lagði mesta áherslu á að staðsetja atburði og staði sem getið er í Íslendingasögum og taldi hann fátt eftirtektarvert í Svalbarðsstrandarhreppi. Af frásögn hans að dæma virðist hann ekki hafa komið á alla staðina sjálfur, heldur styðst hann við lýsingar heimilda og annarra manna af staðhättum. Hann tekur upp sagnir úr fornleifaskýrslunum um Þinggerðið (SP-015:011) við Gautsstaði. Einnig telur hann líklegt að lendingarstaður Helga magra við Galthamar sé á Svalbarðsströndinni þótt staðsetning hans hafi ekki varðveist. Kålund fjallar aðeins um lendingarstaðinn að Knarrarnesi (SP-019:008/23) sem hann telur að sé sami staður og Knarrareyri sem nefnd er bæði í Reykdælu og Finnbogasögu ramma.³ Árið 1879 var Hið íslenska fornleifafélag stofnað og var markmið þess meðal annars að kanna forn mannvirki og einkum þau sem tengdust fornsögunum og samfélagi þjóðveldisaldar. Félagið gerði út leiðangra á sumrin en því miður virðast rannsóknarmenn félagsins ekki hafa stigið fæti á Svalbarðsströnd. Ekki hefur tekist að finna upplýsingar um aðrar fornleifarannsóknir í hreppnum og ljóst að fornleifar á Svalbarðsströnd hafa mjög lítið verið rannsakaðar. Árið 1937 komu upp mannabein í landi Leifshúsa og var haft samband við Matthías Þórðarson sem sótti beinin og kom þeim á Þjóðminjasafnið. Árið 1952 komu upp fleiri bein á svæðinu og skrifaði Sigurjón Valdimarsson, bóndi í Leifshúsum, skýrslu um fundinn að beiðni Kristjáns Eldjárns en beinin voru dysjuð aftur í túni.⁴ Sama sumar og fornleifaskráningin var unnin (2004) fundust mannabein við bæinn í Siglufvík við skurðgröft og rannsakaði Sigurður Bergsteinsson minjastaðinn. Þar fannst ein heilleg beinagrind ásamt fleiri beinaleifum en grafan hafði raskað miklu. Sigurður gerði könnunarholu austan heimreiðar til að athuga hvort grafreiturnin hefði náð þangað. Þar voru mikil mannvistarlög með kolum og ösku en engin merki um grafreit. Grafreiturnin hefur því líklega verið að stórum hluta þar sem íbúðarhúsið stendur nú.⁵


³ Kålund, Kristian: *Íslenskir Sögustaðir* II, 101-102

⁴ Sigurjón Valdimarsson: *Skýrsla um fund mannabeina í Leifshúsum Svalbarðsstrandarhreppi S-Þing árið 1952*

⁵ Sigurður Bergsteinsson: Bréf 11 maí 2005



kort 1. Yfirlitskort yfir landamerki á skráningarsvæðinu 1.



kort 2. Yfirlitskort yfir landamerki á skráningarsvæðinu 2.

IV. Byggðasaga

Aðferðirnar sem hér verður beitt til þess að skoða byggð á svæðinu eru þær að fyrst er gerð grein fyrir landnámi eins og frá því er sagt í Landnámabók en á grunni þess og örnefna, staðsetningu kumla og kirkna er hægt að setja fram tilgátur um hvaða jarðir byggðust fyrst. Kuml eru auðsjáanlega vísbending um byggð fyrir árið 1000, en kirkjur og bænhus eru yfirleitt talin hafa verið reist skömmu eftir kristnitöku. Nærtækasta skýringin á hinum mikla fjölda guðshúsa er sú að þau hafi upphaflega verið byggð í heimagrafreitum, sem voru líklega við hvern bæ eins og kumlateigar í heiðni. Sé svo má nota bænhus eða kirkju sem vísbendingu um að viðkomandi bær hafi verið komin í byggð á fyrri hluta 11. aldar. Jarðir þar sem kirkjur og bænhus hafa verið, eru að jafnaði stærri og dýrari en þær sem ekki höfðu slík hús og er því oft freistandi að álykta að minniháttar jarðir þar sem ekki hafa verið bænhus séu seinna til komnar, eða hafi að minnsta kosti ekki verið orðnar sjálfstæð býli á fyrri hluta 11. aldar. Ritaðar heimildir eru helstar Landnámabók, fornsögur og fornbréf.

Svalbarðsstrandarhreppur liggur undir Vaðlaheiðinni og er sveitin nokkuð frjósöm og gróin. Ekkert afréttarland var í hreppnum en fram til 1930 var féð rekið á Flateyjarðalsheiði eða fram á Bleiksmýrardal. Munur er á landslagi innan sveitar. Nær ekkert undirlendi er við sjóinn að sunnanverðu, þar skiptast á breiðir, flatir hjallar sem eru grösugir að ofan. Norðan við Geldingsá breytist landslagið og hefst þar breið láglendisræma við sjóinn og nær hún að mörkum við Grýtubakkahrepp. Á Svalbarðsströndinni eru nær engin merki um skóga. Í *Lýsingu Suður Þingeyjasýslu* er gróðurfari í hreppnum lýst þannig:

Ekki er gróður óræktarlands fríður niðri í byggðinni, hálfdeigjur og grasmóar stórþýfðir, eða óræktarlegir móar með flagi norðan í hverri þúfu. Engjar voru á víð og dreif um hagana, móar og hálfdeigjur, og hvergi véltækar. Þó eru samfelldar engjar á hinum nyrztu jörðum⁶

Heyskapur var allstaðar erfiður í hreppnum og oft nauðsynlegt að fara sparlega með hey. Frá mörgum bæjum var heyjað uppi í Vaðlaheiði en þar voru slægjur og oft heygott. Mikil vinna fylgdi heyskap uppi í heiði og var heyfengurinn oft skilinn eftir

⁶ LÞSB: *Lýsing Þingeyjasýslu*, 58

og sóttur á vetrum. Mikil breyting varð á búskaparháttum í Svalbarðsstrandarhreppi með tilkomu stórvirkra vinnuvéla við sléttun og þurrkun túna um og eftir 1950 en einnig varð mikið breyting þegar margir bændur á ströndinni hófu kartöflurækt af krafti eftir 1930.⁷

Landnám skiptir miklu máli er byggðasaga sveitarfélaga er rannsökuð því þeir sem komu fyrstir gátu numið bestu löndin, höfðu mestra hagnuna að gæta og mótuðu oft þá byggð er fylgdi í kjölfarið. Ætla má að bæir hafi byggst snemma þar sem fóru saman góð skilyrði til búfjárræktar og fjölbreytileg hlunnindi, svo sem fjörubeit, sumarbeitiland, vetrarbeit, reki, fiskveiði eða selveiði eftir því hvað við á. Svalbarðsströndin er öll innan landáms Skaga Skoptasonar frá Mæri í Noregi. Eftir deilur við Eystein glumu flutti Skagi til Íslands. Hauks- og Sturlubók Landnámu greina á sama hátt frá landnáminu: „Hann nam at ráði Helga Eyjafjarðarströnd ena eystri út frá Varðgjá til Fnjóskadalsár ok bjó í Siglúvík. Hans son var Þorbjörn, faðir Heðins ens milda, er Svalbarð lét gera sextán vetrum fyrir kristni; hann átti Ragnheiði dóttur Eyjólf Valgerðarsonar.“⁸ Án efa hafa landkostir almennt vegið þungt við val á bæjarstæði í ónumdu landi. Landgæði í Siglúvík eru slík að menn hafa furðað sig á því að landnámsmaðurinn hafi sest þar að. Hefur Júlíus Jóhannesson bent á það í bók sinni um Svalbarðsströnd að gróðurfar í Siglúvík henti vel fyrir nautpening og því hafi það ráðið staðsetningu landnámsins og má vel vera að þar hafi Júlíus hitt naglann á höfuðið. Hinsvegar færðist þungamiðja sveitarinnar að Svalbarði, enda var þar reist sóknarkirkja sveitarinnar. Jarðir á Svalbarðsströnd eru sambærilegar, samkvæmt jarðamati á miðöldum, miðað við jarðir annarsstaðar í firðinum. Engin ástæða til að ætla annað en ströndin hafi þótt ágæt til landnáms. Hinsvegar hafa engin kuml fundist á svæðinu en þau eru órækur vitnisburðurinn um byggð fyrir árið 1000.

Í Svalbarðsstrandarhreppi virðast fiskveiðar hafa skipt miklu máli frá öndverðu og því helgast landgæði ekki eingöngu af möguleikum til búskapar, þ.e. undirlendi, slægjum og beitolandi, heldur einnig aðgengi að fiskimiðum. Útræði var frá öllum jörðum á Svalbarðsströndinni en lendingar voru misgóðar eftir jörðum. Ef dýrleiki jarða er skoðaður í samhengi við staðsetningu þeirra er augljóst mynstur. Hæst metnu jarðirnar eru nyrst í hreppnum þar sem er mest undirlendi, mestu möguleikar eru á ræktun og styst er á fiskimiðin. Á miðöldum var Garðsvík 60 hundraða jörð, Þórisstaðir 50 hundruð, Gautsstaðir og Dálksstaðir 40 hundruð og svo

⁷ BBSÞ: *Byggðir og bú Suður-Þingeyjasýslu* 1963, 105-106

⁸ ÍF I, 269-270

kom Svalbarð sem átti bæði Breiðaból (20 hdr.) (Breiðabólstaður á miðöldum) og Tungu (20 hdr.). Sunnan við Svalbarð var landnámsjörðin Siglufvík sem var 60 hundraða jörð og hátt metin en sunnan hennar taka við þær jarðir sem hafa ekkert undirlendi að sjó og eru byggðar á stöllum í Vaðlaheiðinni og eru þær allar rýrari jarðir. Veigarstaðir og Geldingsá 30 hundraða jarðir, Meyjarhóll (Hóll á 14. öld) 12 hundruð og Hallland 10 hundraða jörð og rýrasta lögbýlið í hreppnum á miðöldum. Athyglisvert er að margar af dýrustu jörðunum í hreppnum heita nöfnum sem enda á – staðir því almennt er álitid að bæir sem heita -staðir hafi byggst síðar en bæir sem heita einfaldari nöfnum. Dýrustu jarðirnar í hreppnum eru hinsvegar Garðsvík, Siglufvík og Svalbarð og má ætla að í upphafi hafi byggðin á Svalbarðsströnd skipst í tvo kjarna. Annarsvegar hafi verið búið í Garðsvík og sá landnámsþópur hafi átt landamerki suður að Dálksstöðum. Frá Dálksstöðum og norður að Varðgjá hafi síðan búið annar kjarni landnámsmanna, Skagi og afkomendur hans. Ekki er víst að hann hafi búið á núverandi bæjarstæði Siglufvíkur þó að landnámið sé kennt við víkina. Alveg eins líklegt er að hann hafi búið á Breiðabóli (Breiðabólstað) ef horft er til örnefna. Síðan hafi þriðja kynslóð landnámsmanna byggt upp jörð að Svalbarði og þá hafi þungamiðja sveitarinnar færst þangað. Ef til vill bendir þetta til þess að landnámsjarðir í Svalbarðsstrandarhreppi hafi verið mjög stórar, Garðsvík hafi byggst snemma og átt landamerki að Svalbarði sem hefur verið mjög stór jörð. Landamerki Svalbarðs og Siglufvíkur hafi náð saman (enda þess getið að Svalbarð hafi verið byggt af barnabarni Skaga). Sagt er að landnám Skaga hafi náð að Varðgjánum og hefur fjölskylda landnámsmannsins ef til vill skipt hinum minni jörðum, sunnan Geldingsár, út úr landnáminu þegar byggð tók að þéttast.

Staðsetning kirkna og bænhusa gefur oft vísbendingar um elstu byggð, enda er talið að flest guðshús hafi verið komin til sögunnar fljótlega eftir árið 1000. Í Svalbarðsstrandarhreppi er því miður ekki mikið vitað um guðshús á miðöldum fyrir utan sóknarkirkjuna á Svalbarði og útkirkju á landnámsjörðinni Siglufvík. Ekki er vitað hve lengi kirkja hefur verið að Svalbarði en miðað við stærð og dýrleika jarðarinnar og það að hennar er getið í Landnámu (sagt að jörðin hafi verið byggð 16 árum fyrir kristni) má ætla að kirkja hafi verið þar frá fyrstu tíð. Kirkjunnar er fyrst getið í Auðunnarmáldaga frá árinu 1318 og eru þá 9 bæir í sókninni en ekkert er getið um bænhus eða hálfkirkjur.⁹ Í máldaga kirkjunnar frá 1397 voru bæir í sókninni

⁹ DI II, 448-449

orðnir 10 og hélst sú tala óbreytt í varðveittum miðaldamáldögum¹⁰ og stemmir ágætlega við vitneskju um miðaldabyggð í hreppnum.¹¹ Í þessum máldaga er fyrst getið um kirkju í Siglúvík, og fékk Svalbarðsprestur 4 merkur fyrir þjónustu við hana sem bendir til að hún hafi verið alkirkja. Þar stendur einnig: „af Bænhvsum. v hundrad ef til liggja wtbænhvs. þau fiogur sem herra petur hefdi til lagt.“¹² Aðeins eru heimildir um eitt bænhús á ströndinni en í bréfi frá árinu 1433 segir að það hafi verið bænhússkylda á Gautsstöðum.¹³ Miðað við orð máldagans virðist sem fjórum bænhúsum hafi verið bætt við þing Svalbarðsprests í tíð Péturs Nikulássonar sem var biskup á Hólum 1391-1411. Hugtakið ‘útbænhús’ – sem annars er ekki algengt – gæti bent til að þessi bænhús hafi verið utan Svalbarðssóknar eða að minnsta kosti utan þinga þeirra sem Svalbarðsprestur hafði áður haft. Í máldaga kirkjunnar frá árinu 1461 er sagt aftur frá útbænhúsum sem séra Pétur lagði til en ekki getið hvar þau hafi verið.¹⁴ Því er ekki vitað hve mörg guðshús voru á Svalbarðsströnd á miðöldum. Í þessu samhengi vert að geta beinafundar í túnfætinum á Leifshúsum. Árið 1937 kom þar upp ein beinagrind sem var flutt á Þjóðminjasafnið en árið 1952 komu þar upp að minnsta kosti 14 beinagrindur við framkvæmdir. Þáverandi bóndi á Leifshúsum, Stefán Valdimarsson, skrifaði skýrslu um beinafundinn og taldi hann líklegast að líkin hefðu verið grafin í kistum því ofan á þeim var brúnt, þunnt lag sem gæti hafa verið fúinn viður.¹⁵ Engar heimildir eru fyrir byggð að Leifshúsum á miðöldum en grafreitirinn er nálægt bænum að Þórisstöðum sem voru 50 hundraða jörð og ekki ósennilegt að bænhúsið hafi verið þar. Í árdaga kristni á Íslandi voru kirkjur stundum staðsettar utan túngarðs í nokkurri fjarlægð frá bæ¹⁶ og gæti því vel hafa staðið guðshús nánast þar sem þjóðvegur 1 liggur nú milli húsanna að Þórisstöðum og Leifshúsum. Stefán segir orðróm um að eitt sinn hafi verið bænhús á Þórisstöðum og er ekki ósennilegt að þarna hafi það staðið. Einnig hefur verið bænhús eða hálfkirkja í Garðsvík. Ef miðað er við máldagann sem áður var nefndur segir að laun prestsins fyrir 5 bænhús hafi verið eitt hundrad sem er hátt kaup því venja var fyrir því að greiddar væru 12 álnir fyrir hvert bænhús. Því er ekki ósennilegt að einhver þessara

¹⁰ DI III, 569-570; IV, 466

¹¹ Lögbýli á miðöldum voru að meðaltali 10, Veigarstaðir, Hallland, Meyjarhóll, Geldingsá, Breiðaból, Tunga, Dálksstaðir, Gautsstaðir, Þórisstaðir, Garðsvík, auk Siglúvíkur en þar var hálfkirkja (alkirkja).

¹² DI III, 569-570

¹³ DI IV, 528

¹⁴ DI V, 299-301

¹⁵ Þessi skoðun hans var staðfest af Hildi Gestsdóttur, beinafræðingi, pers comm.

¹⁶ Hjalti Hugason: *Frumkristni og upphafi kirkju*, 191

bænhúsa hafi verið hálfkirkjur eða fjórðungskirkjur.

Flestra lögbýla, þar sem ekki stóðu guðshús, í Svalbarðsstrandarhreppi er getið í fornum skjölum, bæði í máldögum kirkna og sölu- og vitnisburðarbréfum. Garðsvíkur er getið í Sturlunga sögu en þar bjó Einar, fylgdarmaður Eyjólfssonar í Flugumýrabrennu 1253.¹⁷ Í afsalsbréfi fyrir Svalbarð frá árinu 1390 fylgdu bæði Tunga og Breiðaból(staður).¹⁸ Jarðarinnar Hóls á Svalbarðsströnd er getið í sölubréfi frá árinu 1391 og er líklegast að bréfið eigi við Meyjarhól.¹⁹ Jörðin Geldingsá er seld árið 1431.²⁰ Dálksstaðir var aðeins ein jörð á miðöldum og gekk hún kaupum og sölum alla 15. öldina og hafa varðveist mörg bréf um þau viðskipti, það elsta frá árinu 1431.²¹ Í vitnisburðarbréfi frá 1446 um gjafir Margrétar nokkurrar Vigfúsdóttur er Halldands getið en þá var jörðin í bændaeign og komst undir Hólastól á 16. öld.²² Þórisstaða er getið í erfðaskiptabréfi frá árinu 1463.²³ Í sölubréfi fyrir jörðina Þórisstaði er getið um Snæbjarnargerði norðan við merkin við Garðsvík og er það líklega sama hjáleiga og síðar varð Sveinbjarnargerði og var orðið lögbýli fyrir 1712.²⁴ Veigarstaða er fyrst getið í vitnisburðarbréfi um reka Svalbarðskirkju frá 1499.²⁵ Hjáleiganna Mógils, Leifshúsa og Meðalheims er ekki getið fyrr en í jarðabók 1712. Þá voru allar jarðirnar í eyði, Mógil og Meðalheimur frá því í bólunni 1707 en Leifshús frá 1710.²⁶

Margt er á huldu um þróun byggðar í Svalbarðsstrandarhreppi á miðöldum en í ljósi þess sem hér hefur þegar komið fram má gera sér nokkrar hugmyndir um þróun byggðar. Sigluvík er landnámsjörð hreppsins en ljóst er að þungamiðja sveitarinnar hefur færst norður að Svalbarði fljótlega eftir að jörðin byggðist því að bæði ströndin og hreppurinn bera nafn jarðarinnar. Bæði Svalbarð og Sigluvík áttu engjaparta á bökkum Eyjafjarðarár og er líklegt að jarðirnar hafi þurft að byggjast snemma til að tryggja sér slíkt afbragðs landsvæði.²⁷ Miðað við dýrleika jarða, staðarheiti og landamerki virðist sem tveir hópar hafi upphaflega skipt ströndinni á milli sín, annarsvegar ábúendur í Garðsvík og hinsvegar landnámsmaðurinn Skagi sem búið

¹⁷ *Sturlunga saga* I, 485

¹⁸ DI III, 452-453

¹⁹ DI III, 453-454

²⁰ DI IV, 460

²¹ DI IV, 481

²² DI IV, 677-679

²³ DI V, 393.

²⁴ DI V, 694-695

²⁵ DI VII, 415-416.

²⁶ JÁM X, 11, 15

²⁷ DI III, 452-453; IV, 458-459

hafi milli Dálksstaða og Varðgjár. Þegar á leið voru byggðar kirkjur bæði á Svalbarð og í Siglurvík ásamt því sem líklega var hálfkirkja eða fjórðungskirkja, í Garðsvík. Bóndinn í Siglurvík hefur selt eða útdeilt jarðirnar sunnan Geldingsár, enda eru þar rýrari jarðir en annarsstaðar í hreppnum, en Svalbarðsbóndi hefur selt jarðir norðan eigin landsvæðis en haldið eftir stóru flæmi sem í dag nær yfir Breiðaból, Svalbarð, Mógil, Meðalheim og Tungu. Norðan Svalbarðstorfunnar byggðust Dálksstaðir. Úr landnámi Garðsvíkurbónda skiptust Gautsstaðir (þar sem var bænhús) og Þórisstaðir (þar sem sennilega var bænhús). Garðsvík átti afréttarland á Flateyjardalsheiði, og við skiptin fór hluti þess til Þórisstaða, sem rennir enn styrkari stoðum undir þá kenningu að þeir hafi byggst úr landi Garðsvíkur.²⁸

Hjáleigubbyggðinni má skipta í tvennt. Annarsvegar nokkuð þétt hjáleigubbyggð fyrir 1712 og hinsvegar byggjast upp grasbýli (eða þurrabúðir) um og eftir aldamótin 1900.

Hjáleigur voru byggðar út frá stærstu jörðunum í hreppnum en voru allar komnar í eyði fyrir ritun jarðabókarinnar 1712, fyrir utan Breiðaból og Tungu sem hafa upphaflega verið hjáleigur. Þær hjáleigur sem byggðust aftur eru enn í byggð svo sem Leifshús, Mógil og Meðalheimur. Símonarkot var byggt frá Veigarstöðum. Þar voru sagnir um forna byggð strax 1712 en á 17. öld hafði maður að nafni Símon byggt þar upp aftur en aðeins búið þar í nokkur ár.²⁹ Í jarðabók Árna og Páls er þess getið að byggð hafi áður verið á Halllandsseli en það var löngu komið í eyði 1712.³⁰ Jarðabókin greinir einnig frá meintri byggð þar sem heitir Siglurvíkurstekkur upp frá Siglurvík, en þar var allt í eyði þegar jarðabókin var rituð.³¹ Þrjú meint býli voru byggð uppi í heiðinni úr landi Svalbarðs. Fyrst skal nefna býlið Hæking sem var notað sem stekkur þegar jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín var rituð 1712 en þar var talið að hefði verið býli til forna. Einnig var býlið Stefánsstaðir byggt úr landi Svalbarðs þótt það sé nú innan landamerkja Tungu. Það var talið fornt eyðibýli eins og Hækingur 1712.³² Svalbarð átti selstöðu langt uppi í heiði þar sem heitir Sólheimar og segir í örnefnaskrá að þar hafi verið búið um skamma hríð en ekki virðist vera vitað hvenær þar var byggð.³³ Í landi Tungu voru þrjú eyðibýli 1712, Sjávargerði sem virðist hafa verið grasbýli við sjóinn og síðan tveir Tungustekkir þar

²⁸ Birna Lárusdóttir og Guðrún Alda Gísladóttir: *Menningarminjar í Hálshreppi*, 19-22

²⁹ JÁM X, 5-6

³⁰ JÁM X, 6

³¹ JÁM X, 9

³² JÁM X, 11

³³ Ö-Svalbarðsstrandarhreppur, 25

sem var búið löngu fyrir aldamótin 1700.³⁴ Í jarðabók Páls og Árna er talið að byggð hafi verið frá Dálksstöðum þar sem síðar var sett Dálksstaðasel.³⁵ Gautsstaðakot var byggð uppi í fjalli frá Gautsstöðum en var komið eyði fyrir 1712, en býlið byggðist aftur um skamma hríð seint á 18. öld.³⁶ Frá Þórisstöðum voru byggðar 3 hjáleigur, Gata sem var í heimatúni og var farin í eyði nokkru fyrir 1712 og síðan hjáleigurnar Leifshús og Sveinshús sem voru byggðar saman á helmingi jarðarinnar. Leifshús og Sveinshús fóru síðan báðar í eyði en þegar byggt var upp aftur að Leifshúsum voru Sveinshús lögð undir jörðina.³⁷ Á 17. öld varð mikil byggðaaukning á Íslandi, fjöldi hjáleiga og smákota byggðist um allt land, sum í skamman tíma eins og virðist hafa verið raunin á Svalbarðsströnd. Þar sem getið er um eyðihjáleigur á Svalbarðsströndinni 1712 er iðulega tekið fram að heimajörðin myndi skaðast af því ef býlin yrðu byggð upp að nýju sökum heyskaparleysis. Stefánsstaðir, uppi í fjalli, eru eina býlið sem var uppblásið og hentaði því ekki til búskapar þar lengur. Mógil og Meðalheimur fóru hinsvegar í eyði vegna bólunnar 1707, enda byggðust þær jarðir upp síðar.

Næst er að telja eru grasbýli (eða þurrabúðir) sem byggðust í kringum aldamótin 1900 nálægt sjónum og eru sum þeirra enn í byggð. Litlihvammur (Dældir) var byggður í landi Geldingsár 1892.³⁸ Grund var byggð í landi Breiðabóls um aldamótin 1900.³⁹ Býlið Litla-Sigluvík var byggt í landi Sigluvíkur árið 1870. Þar var búið í nokkur ár og fylgdi býlinu 1/5 Sigluvíkurlands. Þegar jörðin fór í eyði lagðist hún aftur undir heimajörðina.⁴⁰ Tvö býli voru byggð í landi Tungu, rétt norðan við kaптúnið á Svalbarðseyri, það voru Eyrarbakki (b. 1902)⁴¹, og Helgafell (byggt fyrir 1917).⁴² Brautarhóll var byggður árið 1906 í landi Neðri-Dálksstaða og er enn búið þar.⁴³ Bakki og Sæból voru sambyggðir bæir undir sama þaki úr landi Neðri-Dálksstaða, byggðir 1890.⁴⁴ Síðast má nefna býlið Kjarna sem byggður var í landi Sveinbjarnargerðis um 1928.⁴⁵ Má sjá greinilegt mynstur í hjáleigubbyggð í

³⁴ JÁM XI, 12

³⁵ JÁM X, 13

³⁶ JÁM XI, 14; *Lýsing Þingeyjasýslu* 72.

³⁷ JÁM XI, 16

³⁸ SSB: Júlíus Jóhannesson: *Svalbarðsstrandabók*, 22

³⁹ SSB: Júlíus Jóhannesson: *Svalbarðsstrandabók*, 33

⁴⁰ Ö-Svalbarðsstrandarhreppur, 17-18

⁴¹ SSB: Júlíus Jóhannesson: *Svalbarðsstrandabók*, 33

⁴² BBSÞ: *Byggðir og bú Suður-Þingeyjasýslu* 1986, 53,

⁴³ BBSÞ: *Byggðir og bú Suður-Þingeyjasýslu* 1986, 41

⁴⁴ BBSÞ: *Byggðir og bú Suður-Þingeyjasýslu* 1986, 53


⁴⁵ SSB: Júlíus Jóhannesson: *Svalbarðsstrandabók*, 94

Svalbarðsstrandarhreppi. Annarsvegar þónökkra fjölgun í hreppnum á 17. öld, en þá var almenn fjölgun um allt land, en síðan hefur byggð haldist stöðug fram undir lok 19. aldar þegar fólk fór að byggja grasbýli (eða þurrabúðir) við sjávarsíðuna víða um land. Líkast til hefur byggð á svæðinu verið sveiflukennd og haldist í hendur við fiskgengd og árferði en mynstrin eru greinileg og gefa mjög ákveðna mynd af hjáleigubúskap í Svalbarðsstrandarhreppi. Upp úr aldamótunum 1900 byggðist upp þéttbýliskjarni úr landi Svalbarðs, Svalbarðseyri. Þeir bæir sem þar byggðust falla ekki undir lög um fornleifar og er því ekki fjallað um sögu byggðarinnar á ströndinni hér heldur vísað til umfjöllunar Júlíusar Jóhannessonar í bók sinni um Svalbarðsströndina.

V. Fornleifaskrá

Við skráningu á fornleifum notar Fornleifastofnun Íslands staðlað kerfi þar sem hver sýsla hefur skammstafað heiti (EY, SÞ o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Fyrir hverja jörð er gerð stutt úttekt þar sem byrjað er á að gefa yfirlit um matsverð jarðarinnar, skiptingu hennar og einnig er gefin stutt lýsing á náttúrufari og búskaparaðstæðum og sléttun túna. Þar á eftir kemur listi yfir allar þekktar fornleifar á hverri jörð.

Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer. Í skránni fær hver minjastaður eina grein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hvernar greinar eru grunnupplýsingar; auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af



Dæmi um hvernig skráning á dæmigerðum minjastað lítur út


einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða nátttröll). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða. Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í gráðum og mínútum. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum (stillingin WGS 84) og er mælt í miðju hvers minjastaðar. Miðað

er við að áætlað frávík frá miðju sé ekki meira en 10 metrar að meðaltali. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu séu til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó að engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða staðsetningu hans á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki.


Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirbyggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt með öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hættu, 2) hættu og 3) stórhættu. Þeir minjastaðir sem eru fjarri byggð og öllu því umróti sem hugsanlega gæti skemmt þá teljast ekki í hættu. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað teljast í hættu ef hugsanlegt er talið að þeim verði rótað. Sem dæmi um slíka staði má telja fornleifar í túni en þær teljast í hættu vegna þess umróts sem fylgir ábúð og búskap, og minjastaðir sem eru á svæði þar sem framtíðar landnotkun er óráðin. Í stórhættu eru minjastaðir þar sem miklar líkur teljast á að stöðum verði raskað vegna áætlaðs eða fyrirsjáanlegs umróts. Sem dæmi um slíka staði má nefna minjastaði sem eru á skipulagssvæði þéttbýlis, inni í skógræktarreitum, innan áhrifasvæðis stórframkvæmda eða sem uppblástur ógnar.

Gerð er grein fyrir hver er hættuorsök hverju sinni. Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni. Á minjakortunum í skýrslunni sýnir afmarkaða svæðið mörk túna árið 1917. Þau eru teiknuð inn en ekki hnituð og er staðsetning þeirra því áætluð. Landamerki eru einnig birt án ábyrðar en þau eru teiknuð eftir landamerkja skrá RALA.



kort 3. Minjakort fyrir Veigarstaði.



Veigarstaðir, mörk túns og útihúsa árið 1917

SP-003 Veigarstaðir

30 hdr. 1712. 1/3 eign Þönglabakkakirkju 1/3 bændaeign. 26.3.1499:” Það giorum vier Are Sigurdsson og Einar Einarsson godum monnum kunnugt með þessu ockar opnu brefe. að við hofum sied og yferlesid gamla Mældaga Svalbardskirkiu j Eyiafirde. epter oskum Magnusar bonda Thorkelssonar. so lätande. að adurnefnd kirkia ”siottung j vidreka fyrer hvorre eirne jordu ä Svalbardsstrond utan under Hranä og jnn under tvilæku fyrer innan Veigastade.” (DI VII, 415-16) 1508: Jón Ásgrímsson selur Sæmundi Símonarsyni Vígastaði og Meyjarhól á ströndinni. (DI VIII, 192). 1531 selur Jón Arason biskup Þorleifi Gímssyni nokkrar jarðir og voru Veigarstaðir meðal þeirra. (DI IX, 634). 1560: Eru Veigarstaðir nefndir í bréfaskiptum eftir Þorleif Grímsson (DI XV, 289). Hjáleigur, Símonarkot í eyði 1712. Jörðin nefnd Vígastaðir, Vegastaðir, Veiðistaðir eða Veigustaðir (á túnakorti 1917). Var skipt niður í Veigastaði I og II um eða fyrir 1887. Veigastaðir I í eyði síðan 1974, Veigarstaðir II í eyði síðan 1946. Árið 1965 var Vaðlafell byggt úr landi Veigarstaða I. Á landi jarðarinnar er nú afgirt sumarbústaðasvæði og einnig hafa verið byggð þar heilsárshús. Enginn búskapur er nú á Veigarstöðum og búið að rífa öll hús sem tilheyrðu býlinu.

1712: “Torfrista og stúnga bjargleg. Fjalldraparif lítið, brúkast ei. Elt er taði undan kvikfje. Grastekja lítil ut supra. Silúngsveiði með lagnetjum í sjó lítil og sjaldan til stórra hlunninda. Selveiði í nótum hefur verið að nokkru gagni.” ... Enginu hefur spilt til skaða eitt jarðfall, sem á það hljóp fyrir tveimur árum. Úthagarnir bjarglegir víðlendir og grösugir, en erfitt og hættusamt fyrir nautpening að sækja til fjallahaganna.” (JAM XI, 5). 1917: Tún 6,18 ha. (3/4 sléttað) garðar 1432 m². 1954: “Landslagið mótaðist af hinum suðurhóllu hjöllum heiðarinnar og stendur bærinn á einum slíkum. ... Bæjarhjallinn er jafnlundur, og hallar þó sunnanverðu túninu frá sjó og að fjallinu, mót austri. ... Jörðin var talin til hinna betri á ströndinni. Land allvitt, en engjar nokkuð dreifðar til heiðarinnar.” (LÞSP, 61.) 1964: “Veigastaðir standa á háum hjallahrygg. ... Austan við bæinn rennur lækur í alldjúpum farvegi til suðvesturs. Var túnið á þeim rinda, er myndaðist milli hjallabrunarinnar og lækjarins. Var það langt og mjótt.” (SSB, 9). 1986: “Árið 1936 var Skógræktarfélagi Eyfirðinga leigð úr

Veigastaðalandi landspilda með sjó og er þar nýskógur í góðum vexti, Vaðlaskógur. ... jörðin er öll nýtjuð til beitar og slæгна og útihúsin notuð fyrir hænsni.” (BBSÞ 1986, 51). Allt svæðið heima við bæinn hefur verið vélsléttað og hafa verið byggð þar nokkur hús og sumarbústaðir og því búið að umbýlta öllu svæðinu. “Land jarðarinnar hallar til vesturs, niður til Eyjafjarðar, þar er brattlent með klettahjöllum og á einum slíkum stendur bærinn.” Ö-Svalbarðsstrandarhreppur, 3

SB-003:001 *Veigarstaðir* bæjarhóll bústaður 65°40.883N 18°02.315V

Bæjarhóllinn var 50 metra suðaustur af Vaðlafelli og 16 metra norður af fjárhúsi 003. Bærinn stóð fast sunnan við skrudgarð sem merktur er inn á túnakort og sér enn fyrir skrudgarðinum þótt bæjarhóllinn sé með öllu horfinn. Allt vélsléttað tún, húsin voru rifin og sléttuð í kringum 2001-2002. Landslaginu hefur verið umbýlt þannig að engin bæjarhóll er sýnilegur lengur. Þarna er sléttað tún fast sunnan í skrudgarðinum en þar standa enn nokkur tré.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar


Heimildir: Túnakort 1917

SB-003:002 heimild um hrútakofa 65°40.902N 18°02.119V

“Á tungu við lækjarmótin ofan við bæinn voru fjárhús, er þriðjungurinn átti,” segir í Svalbarðsstrandarbók Miðað við túnakort frá 1917 var húsið nálægt 140 metra ANA af bæjarhól 001. Það var hrútakofi að sögn heimildamanns. Í sléttu túni. Hrútakofinn er horfinn.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917; SSB, 10



SB-003:003, fjárhústóft



SB-003:003, fjárhústóft, horft til norðausturs

SB-003:003 tóft fjárhús 65°40.866N 18°02.329V

15 metrum suður af 001 og tæpum 10 metrum norðaustur af hesthúsi, 004, er ógreinileg tóft af litlu fjárhúsi og hlöðu að sögn Jóhannesar Halldórssonar heimildamanns. Í sléttuðu túni. Tóftin er mjög niðurgrafin en er þó greinileg tóft með hlöðu að norðanverðu. Ummál tóftarinnar að utanmáli er mest 5x4 m. Húsið sjálft hefur verið mjög lítið, 3x2 m að innanmáli. Innangengt var í það syðst á vesturveggnum (langvegg). Hleðsluhæð er mest 0,3m. Mikið gras er í tóftinni og erfitt að sjá hvort garði hefur verið þar. Nokkuð af grjóti er í tóftinni, sennilega hleðslugrjót sem fallið hefur inn í tóftina þegar túnið var sléttað. Ekkert grjót er sjáanlegt í veggheðslum. Norðan við fjárhústóftina var hlaða eða heystæði, sú tóft er grynri, aðeins 0,1 m á dýpt og er hún sporöskjulaga. Að innanmáli er hún 2x1,5m. Norðurveggur er aflíðandi til norðurs og engar hleðslur greinanlegar. Ytri mörk veggja eru ógreinileg því þau hafa flast út í túnið við sléttun og veggjaþykkt því ekki nákvæm. Helst er hægt að greina veggjaþykkt á S-gafla fjárhússins, þá um 0,5-1 m.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

SB-003:004 heimild um hesthús 65°40.851N 18°02.346V

Samkvæmt túnakorti var útihús tæpa 10 metra suðvestur af bæjarhól 001 og rúma 80 metrum norður af réttinni sem ber númerið 007. Steingrímur Valdemarsson á Heiðarbóli taldi líklegt að á þessu svæði hefði verið hesthús. Í vélsléttuðu túni og sjást engin merki um húsið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

SB-003:005 heimild um leið 65°41.031N 18°02.719V

“Alfaraleið lá neðan við hann [Hjallann sem bærinn stendur á] á bökkum,” segir í Svalbarðsstrandarbók. Á Veigarstöðum er mikil skógrækt SA af bænum og má vera að vegurinn sjáist í skógræktinni en skráningarmaður sá engar leifar vegarins. Jóhannes Halldórsson ábúandi á Vaðlafelli kannast ekki við götur á þessum slóðum. Alfaraleiðin norður ströndina var sennilega vestar en þessi leið, þetta gæti hafa verið alfaraleið heim að Halllandi, Meyjarhól og Geldingsá þó engar heimildir séu fyrir því.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

Heimildir: SSB, 9

SB-003:006 heimild um útihús 65°40.867N 18°02.431V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús 110 metra vestur af 001, fast vestan við núverandi heimreið, sennilega undir íbúðarhúsinu sem stendur suðvestur af Vaðlafelli. Jóhannes Halldórsson kannast ekki við hús á þessum slóðum. Búið er að umbylta öllu og sennilega hefur útihúsið lent undir húsi eða vegi.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

SB-003:007 heimild um rétt 65°40.804N 18°02.328V

Á túnakorti frá 1917 er merkt rétt rúma 80 metra suður af hesthúsinu sem ber númerið 004, 25-30 metra austur af heimreiðinni heim að Vaðlafelli. Slétt tún. Réttin er horfin og kannaðist heimildamaður ekki við hana.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

SB-003:008 Bás heimild um lendingu 65°40.725N 18°04.947V

1712: “Heimræði hefur hjer ekki brúkast til gangamuna teljandi, því skipsuppsátur er ekkert, þar sem þeim sje óhætt fyrir sjáfarflæðum,” segir í Jarðabók Árna og Páls. “Stapaklöpp er á syðri merkjum, skammt frá sjó. Litlu norðar er smá vík við svonefndan hlein. Þá er Folaldsvík og Bás, lítil vík, þar var bátauppsátur jarðarinnar. Þar eru grónar tættur gamalla sjóbúða [019]” segir í Svalbarðsstrandarbók. “Veigastaðajörðin liggur gegnt Akureyri og var þar áður aðalferja þingeyinga yfir Akureyrapoll,” segir í búkollu. “Veigarstaðabás er í daglegu tali nefnt Bás, er uppsátrið frá bæ. Er það góð lending en bratt upp frá henni og erfiður fjöruburður. Sunnan víkurinnar eða bássins er vík nefnd Folaldavík sem nær suður að Hlein sem er við sjóinn skammt frá merkjunum. Veigarstaðabás er norðan undir nafnlausu klettanefi, en á þessu nefi er smáhóll, Sjöbúðarhóll,” segir í örnefnaskrá. Leningin er 580 metra suðvestur af bæjarhólin, 001. Til að komast að lendingunni er best að leggja á syðra útskotinu sem er fast vestur af þjóðvegi 1. Gengið er niður stíg sem liggur til norðurs frá planinu er, gengið er framhjá afleggjara niður að nýlegu bátaskýli og haldið áfram til norðurs eins langt og stígurinn nær í gegnum skógræktina. Básinn er nokkuð stór og ekki greinilegt hvar lendingin hefur verið. Lendingin hefur verið vestan í grýttri fjöru. Upp af fjörunni er nokkuð bratt hall sem nær alla leið upp á þjóðveg 1. Hallið er allt skógi vaxið enda mikil skógrækt á svæðinu. Engar minjar eru greinilegar eftir lendinguna. Fjaran er um 5 metra breið (þegar skráð var) og gæti lendingin hafa verið hvar sem er í básnum sem er 20-30 metra langur.


Hættumat: engin hætta

Heimildir: JÁM XI, 5; SSB, 10; BBSÞ, 51; Ö-Svalbarðsstrandarhreppur, 3

SB-003:009 Símonarkot tóft býli 65°40.846N 18°02.727V

1712: Simonarkot, forn eyðihjáleiga í úthögunum niður frá heimajörðunni. Það ætla menn, að þetta hjáleigustæði hafi verið í fyrndinni þrælsgerði, so sem mönnum sýndist líklegt af fornu garðlagi þar í kríng, sem þó er lítið um sig. En einn maður, Símon að nafni, bygði hjer sjer upp hús hjer um fyrir vel xl árum, og var þar síðan við men nokkrar ær og öngva kú um nokkur ár. Ekki vita nálægir að undirretta um byggíngarkosti, en meina á þó alllitla verið hafa, því heyskapurinn var mjög lítill, og því má hjer ei aftur byggja,” segir í Jarðabók Árna og Páls. “Út og upp frá Básunum er gróinn melhryggur, lágur fyrst, en hækkar, er norðan dregur. Á þeim hrygg eru grónar tóttir. Hét þar Símonarkot. Landsnytjar hafa þar litlar verið eins og á fleiri slíkum kotum, en meira lifað á fiskveiðum. Lítið var búið þar á 17. öld, en ekkert síðan. Nú hafa kvenskátar frá Akureyri byggt þar skála, er þær kalla Valhöll. Umhverfis kotstóttirnar var kallað kotstún,” segir í Svalbarðsstrandarbók. “Niðurundan bænum undir Klifinu er mýri sem heitir Kotmýri. Er í Kotsdal. Hún byrjar undir Klifinu og er kennd við Símonarkot. Þess er getið í jarðabók Á.M. og talið hafa verið byggt um 1670 eða

jafnvel fornt þrælsgerði,” segir í örnefnaskrá . Tóftin er 330 metra suðaustur frá bæjarhólnum 001. Á mótis við heimreiðina að Halllandi er vegaslóði sem liggur til suðurs, jeppafær. Liggur hann að gömlu Valhöll, skála skátanna sem nú er hætt að nota. Þar sem vegurinn liggur fram hjá Valhöll og áfram til



suðurs eru tóftir af býlinu, fast austan við vegaslóðann sem hefur skemmt hluta tóftanna. Í mjög grónu kargapýfi. Stæðileg tóft, 16,5x5 m að utanmáli. Tóftin er í stórhættu vegna vegaslóðans sem hefur skaddað hana að vestanverðu. Útlínur tóftarinnar eru óskýrar að hluta, sennilega hafa þetta verið tvö hólf og hafa rýmin opnast til austurs um miðja tóft. Að norðan er tóftin um 2 m að breidd að innanmáli en vestur veggurinn beygir til austurs inn í tóftina og mjókkar hún í um 1,5 m að innanmáli þar. Er norðurhluti tóftarinnar 1,5-2 m að breidd að innan en 6 m á lengd. Þar sem þessi hluti tóftarinnar mjókkar virðist hafa verið annað hólf að vestanverðu en það er skemmt af vegaslóðanum og því óskýrt. Um miðja tóft virðist hafa verið op til austurs niður að brekkunni og læk sem liggur þar og sennilega verið vatnsból fyrir býlið. Sunnan við opið hefur verið minna hólf, 3x2 m að innanmáli og hefur það einnig opnast til suðurs. Sunnan við opið eru ógreinilegar þúfur og veggstubbir 3 m langur 1 m breiddur og virðist hafa verið frekari byggingar þar þótt ekki sé hægt að greina á þeim lag.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: JÁM XI, 5-6; SSB, 10; Ö-Svalbarðsstrandarhreppur, 3

SP-003:009, Símónarkot

SP-003:010 Sundpollsmór örnefni sundlaug


65°40.548N 18°02.534V

“Stapasund er við Stapaklöpp, en Þrætlág liggur þar upp frá við merki. Sundpollsmór er ofan Stapasunds, og ofar Heyholt og Svarðarholt norðar,” segir í Svalbarðsstrandarbók “Mýrar eru sunnan við Bæjarlæk og þar hjá er Svarðarholt [018] og sunnan þess Heyholt og norðan undir því er Sundpollsmór,” segir í örnefnaskrá. Heimildamaður kannaðist ekki við þetta örnefni en ofan við Stapaklöpp og Stapasund eru nú tún.

Þar sjást engar mannvirkjaleifar.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: SSB, 10; Ö-Svalbarðsstrandarhreppur, 3-4



SP-003:011, þúst

SP-003:011 þúst

65°04.092N 18°01.961V

Um 40 m ANA af Stekkjarhvammi, 013, er ógreinileg þúst í hvammi upp við brekku, 280 metra austur af bæjarhól 001. Í sléttum en mjög blautum grónum hvammi. Ógreinileg þúst um 10x7 metrar að utanmáli. Hún er hlaðin upp utan í háa brekku og er 7 metrar á breidd og um 10 metra löng og snýr

hún austur-vestur. Mjög greinileg upphækkun upp í brekkuna en engar hleðslur eru sjáanlegar. Þetta gæti hafa verið heystæði.

Hættumat: engin hætta


Heimildir:SSB, 10.



SB-003:011, þúst horft til norðvesturs

SB-003:012 tóft fjárhús

65°40.976N 18°02.323V



SB-033:012, fjárhús

sést til garða. Tóftin er í heild 9 m löng og 4 m breidd og er hleðsluhæð mest 0,2m

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:SSB, 10; Ö-Svalbarðsstrandarhreppur, 3

SB-003:013 Stekkjarhvammur tóft stekkur


65°40.882N 18°02.027V

“Stekkarhvatn er næstum beint upp frá bænum ofan vegarins,” segir í Svalbarðsstrandarbók. Stekkjarhvatn er við bæjarlækinn þar sem hann fellur í litlu gili beint A af 001 og austan gamla þjóðvegarins. Stekkjartóftin sjálf er 1 m austur af skógræktinni sem þarna er, 220 metra austur af bæjarhól 001 og 40 metra VSV af þústinum númer 011. Í þýfðum móa er hallar til suðurs niður að læknum. Tóftin virðist vera um 14,5 x 15 metrar alls að utanmáli en hún nokkuð sérkennileg í laginu Skiptist í þrjú hól. Að vestanverðu er langveggur alls 14,5 metra langur, 1 metri á breidd og mjög greinilegur. 3,5 metra norður af syðri enda veggjarins er mjög greinilegt hól, hér nefnt A. Það er 3,5 x 3,5 metrar að innanmáli og er hleðsluhæð mest 0,5 metrar. Engin veggur er að sunnanverðu en greinanlegir nokkrir steinar þar. Norðan við norðurenda á hólfi A tekur við ógreinilegt hól C. Það er 3,5 x 7 metrar að innanmáli, hleðsluhæð mest 0,1 metrar. Að austan er þetta hól nokkuð ógreinilegt. Austan við hól A tekur við 6-7 m löng og ógreinileg bogadregin hleðsla B sem liggur upp í brekkuna, beygir síðan til suðausturs og endar við brekkubrúnina þar sem liggur hrúga af gaddavír og girðingarefni. Að sunnanverðu er enginn veggur, aðeins bratt niður að læknum og líkast því sem girt hafi verið fyrir aðhaldið og það notað eitthvað eftir að fráfarur lögðust almennt af, kannski sem rétt eða

eitthvað slíkt.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: SSB, 10.



SB-003:013, stekkur

SB-003:014 Gamlastekkjjarborg örnefni stekkur

65°41.18'2N 18°01.614V

“Ofan samgirðingar er út við merki Háborg eða Gamlastekkjjarborg, hún er lítið fyrir neðan gamla veg,” segir í Svalbarðsstrandarbók. Gamlastekkjjarborgin er á merkjum milli Halllands og Veigarstaða. Steingrímur Valdemarsson frá Halllandi taldi sig muna eftir stekk á þessum slóðum í æsku en gat ekki staðsett hann nákvæmlega. Sunnan við borgina er kargabýfi og mýrar en í Halllandslandi eru tún. Svæðið var allt gengið en engin merki sáust um stekk. Borgin er 770 metra norðaustur af bæjarhólum, 001. Annarsvegar blautar mýrar og kargabýfi hinsvegar vélsléttað tún.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: SSB, 10.



SB-003:013, stekkur horft til norðurs.

SB-003:015 Refsstígur gata leið


65°41.149N 18°01.594V

“Upp frá Rauðuklöpp er einstigi um klettana, kallað Refsstígur. Sunnar er Sneiðingur, að mestu gróin brekka, en snarbrött. Á vetrum var þetta oft ófær leið, en það var eina leiðin til fjallsins,” segir í Svalbarðsstrandarbók. “Refsstígur er einstigi upp klettana upp af Rauðuklöpp. Sunnan við klettana er skarð sem heitir Sneiðingur og sunnan þess heitir svæðið Skeiðar um þær er svo Merkjalækur

fyrirnefndi á merkjum,” segir í örnefnaskrá Refsstígur liggur upp klettana nálægt merkjum Veigarstaða og Halllanda . Nálægt miðju klettabeltinu og er mjög greinilega eina færa leiðin upp klettana. Þessi leið var lítið notuð. Flestir fóru Sneiðinginn sjá 021. Götur liggja að stígnum frá báðum bæjum, vel grónir stigar þar sem þeir sjást. Liggja í gegnum tún og eru ekki greinanlegir þar. Stígurinn sést ekki á loftmynd.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:SSB, 10-11; Ö-Svalbarðsstrandarhreppur, 4



SB-003:016, beitarhúsatóftir

SB-003:016 Beitarhúsahjalli tóftir beitarhús

“Fyrir ofan kletta er Beitarhúsahjalli. Þar var sel jarðarinnar til forna. Ofan við hann er Dýjaklöpp og sunnar Selklöpp,” segir í Svalbarðsstrandarbók. “Þá förum við upp fyrir klettana, þar er þá fyrst Beitarhúsahjalli þar eru gamlar beitarhúsatættur. Þá er þar ofan Dýjaklöpp og suður af henni er Selklöpp,” segir í örnefnaskrá. Frá bæjarhólnum (001) er farið til suðausturs upp að klettabeltinu ofan við túnin. Þaðan þarf að klífa bratt og illfært einstigi sem kallast Sneiðingur, sjá 021, sem liggur sunnan í klettabeltinu. Þegar komið er upp á Beitarhúsahjallann þarf að ganga um 100 metra til norðurs og þar sem hjallinn er breiðastur eru þrjár tóftir. Staðurinn er ríflega 800 m í beinni línu suðvestur af bæjarhól 001, en í raun er leiðin mun lengri því að ekki er hægt að ganga beint frá bæ að beitarhúsunum. Tóftirnar eru á sléttum bala, umkringdar miklu þýfi og er nokkuð blautt á staðnum. Fjöldi fossa falla fram af klettunum framan við tóftirnar. Á Beitarhúsahjalla var síðast heyjað á árunum 1911 og 1915. Á þessu svæði eru alls þrjár tóftir: Mög greinileg beitarhúsatóft en hún hefur verið byggð ofan á eldra hús sem gæti hafa verið sel áður fyrr. Suður af beitarhúsatóftinni er minni tóft og síðan er lítil tóft aðeins 10-12 m suðaustan við beitarhúsin, gæti hafa verið lítil stekkur. Fyrst ber að telja beitarhúsatóftina (A). Hún er 18° metra löng að utanmáli og 6 metra breið og snýr norður-suður. Hér sjást mjög greinilega sex umföer af grjóthleðslum í suðausturhorni tóftarinnar. Greinilegur garði er í húsinu miðju, en nær ekki á milli

gafla. Engar grjóthleðslur sjást í garðanum. Op viðist hafa verið á tveimur stöðum á vesturvegg (sem er langveggur) bæði að sunnan og norðanverðu. Veggjaþykkt er um 1 metri. Tóft (B) er fast sunnan við beitarhúsið, og er mikið ógreinilegri en tóft (A). Hún gæti verið leifar af eldra byggingarstigi (sel?). Það er ekkert grjót sjáanlegt í veggjum. Tóftin er 7x5 metrar að utanmáli og skiptist í tvö hólfi. Að vestan er hólfi sem er 1x5 metrar að innanmáli og opnast það til austurs. Austara hólfið er minna en hitt aðeins 1x2,5 m að innanmáli og opnast það til suðurs. Þúst er fast austan við beitarhúsið, merkt (C) á teikningu.



SB-003:016, beitarhúsatóft A, horft í suðvestur



SB-003:016, tóft E horft til austurs

Þústin er 5,5x3,5 m. Op er úr austurvegg beitarhússins inn í þessa þúst. Þetta gæti hafa verið heystæði. Norðan við beitarhúsatóftina (A) er önnur þúst (D). Hún er nálægt 2x2m að þvermáli. Nálægt 10 m suðaustur af tóftaþyrpingunni, (A-D), er lítil tóft (E), sem gæti hafa verið stekkur eða kvíar. Þetta er eitt lítið hölf byggt utan í brekku, alls 3x3,5 metrar að utanmáli, og opnast til vesturs.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:SSB, 11; Ö-Svalbarðsstrandarhreppur, 4; BBSÞ 1963, 106

SB-003:017 *Skólavarða* varða 65°41.517N 18°00.134V

“Skólavarða er á háheiði, sunnan Veigastaðavatns, hlaðin 1928 af nemendum Menntaskólans á Akureyri,” segir í Svalbarðsstrandarbók. Varðan var ekki skráð sumarið 2004, staðsett af korti.

Heimildir:SSB, 11.

SB-003:018 *Svarðarholt* heimild um mógrafir 65°40.544N 18°02.514V

“Stapasund er við Stapaklöpp, en Þrætulág liggur þar upp frá við merki. Sundpollsmór er ofan Stapasunds, og ofar Heyholt og Svarðarholt norðar,” segir í Svalbarðsstrandarbók. “Mýrar eru sunnan við Bæjarlæk og þar hjá er Svarðarholt og sunnan þess Heyholt og norðan undir því er Sundpollsmór,” segir í örnefnaskrá. Heimildamaður kannaðist ekki við þetta örnefni en þarna var allt blautt áður en það var sléttað og breytt í tún.

Slétt tún. Hvergi sjást leifar af mógröfum

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:SSB, 10; Ö-Svalbarðsstrandarhreppur, 3-4

SB-003:019 *Sjóbúðarhóll* heimild um sjóbúð 65°40.724N 18°02.949V

“Stapaklöpp er á syðri merkjum, skammt frá sjó. Litlu norðar er smá vík við svonefndan hlein. Þá er Folaldsvík og Bás, lítil vík, þar var bátauppsátur [008] jarðarinnar. Þar eru grónar tættur gamalla sjóbúða,” segir í Svalbarðsstrandarbók. “Veigastaðajörðin liggur gegnt Akureyri og var þar áður aðalferja Þingeyinga yfir Akureyrarpoll,” segir í BBSÞ. “Veigarstaðabás er í daglegu tali nefndur Bás, er uppsátrið frá bæ. Er það góð lending en bratt upp frá henni og erfiður fjöruburður. Sunnan vikurinnar eða bássins er vík nefnd Folaldavík sem nær suður að Hlein sem er við sjóinn skammt frá merkjunum. Veigarstaðabás er norðan undir nafnlausu klettanefi, en á þessu nefi er smáhóll, Sjóbúðarhóll,” segir í örnefnaskrá. Farin sama leið og að lendingunni, sjá 008, engin tóft er sjáanleg þarna eftir sjóbúð. Skógrækt er kringum allan Básinn, sjóbúðin sennilega falin á milli trjána og undir þeim

Hættumat: engin hætta

Heimildir:SSB, 10; BBSÞ, 51; Ö-Svalbarðsstrandarhreppur, 3

SB-003:020 *Lautinantsvarða* varða 65°41.769N 18°00.192V

“Skólavarða [017] er á háheiði, sunnan Veigastaðavatns, hlaðin 1928 af nemendum Menntaskólans á Akureyri. Hlaðhóll er einnig á háheiðina. Af honum sést vel yfir tjarnir þær í Varðgjárlandi, er kallast Varðgjárvötn. Lautinantsvarða er norðar á heiðarbrúnn og Fálkahóll á merkjum Halllands við Fnjóskdæli,” segir í Svalbarðsstrandarbók. Varðan var ekki skráð á vettvangi 2004 heldur staðsett af korti.

Heimildir:SSB, 11.

SB-003:021 *Sneiðingur* gata leið 65°40.822N 18°01.363V

“Upp frá Rauðuklöpp er einstigi um klettana, kallað Refsstígur [015]. Sunnar er Sneiðingur, að mestu gróin brekka, en snarbrött. Á vetrum var þetta oft ófær leið, en það var eina leiðin til fjallsins,” segir í Svalbarðsstrandarbók. “Refstígur er einstigi upp klettana upp af Rauðuklöpp. Sunnan við klettana er skarð sem heitir Sneiðingur og sunnan þess heitir svæðið Skeiðar um þær er svo Merkjalækur fyrrnefndi á merkjum,” segir í örnefnaskrá. Sneiðingurinn liggur meðfram klettunum til suðurs að suðurenda þeirra og síðan beint upp mjög bratta brekku þar til komið er uppá sylluna ofan klettabeltisins. 360 metra suðvestur af beitarhúsunum [016]

Mjög brött og gróin brekka

Í brekkunni sjást leifar af götu, aðeins einn paldur og er gatan orðin mjög gróin, enda er þessi leið lítið farin nú.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:SSB, 10-11; Ö-Svalbarðsstrandarhreppur, 4

SB-003:022 heimild um landamerki 65°40.578N 18°02.764V


“Syðst í landinu á merkjum móti Varðgjá skammt frá sjó, er klöpp sem heitir Stapaklöpp frá henni er

svo línan til sjávar beint í gegnum vörðu á sjávarbakkanum vestur í miðjan leir, móts við suðurbrún Búðargils en það er á höfðanum hjá Akureyri,” segir í örnefnaskrá. Engin varða er sjáanleg við merkin á bakkanum. Ekki vitað hvers vegna varðan er horfin gæti hafa horfið þegar vegurinn var lagður.


Á þessu svæði er nú fjara

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Svalbarðsstrandarhreppur, 3



kort 4. Minjakort fyrir Hallland og Meyjarhól.



Halllandi, mörk túns og útihúsa árið 1917

SP-004 Hallland

10 hdr. 1712. Hólastólseign. 1446: Bréf um þá peninga sem Margrét Vigfúsdóttir fékk í gjöf frá Þorvarði Loftssyni, og eru jarðirnar Sigluvík, Geldingsá og Halland nefndar í bréfinu. (DI IV, 677-679) Árið 1526 gefur Jón Arason Helgu Sigurðardóttur jörðina Hallland en hún gaf jörðina strax til Hólastóls í próventu. (DI IX, 351-352) 1550 Halllands getið í skrá Hólastóls eftir fráfall Jóns Arasonar. (DI XI, 866). Nefnt Falldandi 1805. Hjáleigur, eyðibýlið Halldandssel meint hjáleiga árið 1712. Halldandssnes var byggt úr jörðinni 1900, í eyði síðan 1968 og var þá sameinað jörðinni. Í byggð nú Hallland II og III og Húsbrekka sem var byggð syðst í Halldandstúni 1981.

1712: "...útingangur nokkru lakari en áður segir, fyrir því að hjer er erfiðara og lengra að ná til fjallhaganna, þar sem beitinn er best, heldur en á hinum bæjunum. Torfrista og stúnga nútíleg. Fjalldraparíf lítið í fjallinu. Elt er taði undir kvikfje. ... Silungsveiði í sjónum með lagnetjum ut supre. ... Enginu spillir vatnsgröftur, og sumstaðar gjörast af því kviksyndi og jetur úr rótina. Úthagarnir er bjarglegir." (JÁM XI, 6). 1917: Tún 5,73 ha. (3/4 sléttuð) garðar 1634 m². 1954: "Túnið er langt um hjallann og nýræktir teygja sig vítt um." (LÞSP, 62). 1964: "Bærinn stendur á miklu lægri hjalla en Veigastaðir, en þó allhátt og beint á móti Oddeyrinni". (SSB, 13). Hallland var ein af fyrstu jörðunum í hreppnum þar sem þurrkað var upp landið í heiðinni austur af bænum. Byrjað á því upp úr 1951.

SP-004:001 Hallland bæjarhóll bústaður

65°41.337N 18°02.741V

Bæjarhóllinn var þar sem nú stendur stórt fjós, uppi á háum hjalla, rúma 5 m norður af íbúðarhúsinu sem byggt var árið 1930. Í hlaði undir fjósi. Erfitt er að átta sig á umhverfi bæjarhólsins því breytingar hafa verið miklar á síðustu árum. Bæjarhóllinn var framarlega á stallinum þar sem túnið var.

Bæjarlækurinn en enn til staðar á svipuðum slóðum og hann var 1917. Bæjarhólnum var rutt burt árið 1958 og var þá fjós byggt á staðnum. Einnig hefur öllu verið umbylt í túninu, þar hafa verið byggð fjögur íbúðarhús til viðbótar við elsta steipta íbúðarhúsið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

SB-004:002 heimild um fjárhús 65°41.375N 18°02.633V

Rúma 40 metra ASA af bæjarhól 001 og um 160 metra norðaustur af fjárhúsi 005 var útihús samkvæmt túnakorti frá árinu 1917. Samkvæmt upplýsingum frá Steingrími Valdemarssyni var það fjárhús og man hann eftir tóftum á þessum slóðum. Allstórt grjótbórið sléttlendi, niðurgrafinn steypur skúr á svæðinu. Þetta er nálægt bæjarlæknum og hefur þessu svæði öllu verið umbylt. Húsin eru með öllu horfinn

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

SB-004:003 heimild um útihús 65°41.334N 18°02.685V

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var útihús um 20 m suður af bæjarhólnum 001. Þar er sléttur garður. Ekki sést til húsaleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

SB-004:004 heimild um útihús 65°41.280N 18°02.694V

Rúma 80 metra suður af bæjarhólnum 001 og 30 metrum norðvestur af fjárhúsi 005 var útihús samkvæmt túnakorti frá árinu 1917. Nú er heimreið á þessu svæði. Húsið hefur verið þar sem nú er sléttuð heimreið eða fast við hana undir grónu sléttuðu grasi. Á þessu svæði voru tóftir þegar Steingrímur Valdemarsson (f. 1926) var ungur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

SB-004:005 heimild um fjárhús 65°41.279N 18°02.65°3V

Um 30 metrum ASA af útihúsi 004 og 75 metrum norðvestur af réttinni 006 var fjárhús. Þar stendur nú íbúðarhús á einni hæð. Svæðið var allt sléttað áður en íbúðarhúsið var byggt, það er þó aðeins á einni hæð þannig að einhverjar hleðslur gætu leynst undir því. Á þessu svæði var fjárhús með hlöðu að sögn Steingríms Valdemarssonar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

SB-004:006 heimild um rétt 65°41.230N 18°02.617V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var rétt tæpa 80 metra suðaustur af fjárhúsi 005 og um 3 metra norður af götunni 013 þar sem hún beygir austur klifið upp að Veigarstöðum. Þar sem réttin var hefur allt verið grafið upp og komið fyrir kartöflugarði. Kartöflugarðurinn er 3x5 m og var réttin svipuð að stærð að sögn Hólmfríðar. Litlar hrúgur af hleðslugrjóti sjást víða í kringum garðinn, og er mjög líklegt að það komi úr réttinni.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

SB-004:007 heimild um lendingu 65°41.489N 18°03.543V

“Lækjarnes er þar inn við sjó. Þar fellur bæjarlækurinn í sjó og kallast Fosslækur, ... Langavík er milli Lækjarness og Búðarness (sjá 009). Þá er Búðarnesvík og þá Halldandsnes. Þar var uppsátur jarðarinnar. Var þar ágætis vör að lenda á milli Nesklappanna að norðan skers að sunnan,” segir í Svalbarðsstrandarbók “Áður var hér löngum ferja til Akureyrar,” segir í BBSÞ. Þessi lending er sunnan í Halldandsnesinu en lending var báðum megin við nesið, sjá 008. Sker eru greinileg fyrir utan og styðja þá sögu heimildamanna að þetta hafi verið verri lending en norðan á nesinu. Á þessum stað er fjaran 3-4 metra beið og nokkuð grýtt. Upp af fjörunni er gróið tún frá Halldandsnesi. Héðan var greið sigling yfir á Oddeyrina en var alltaf minna notuð en lendingin við Veigarstaði, SB-003:008, því verslunin var frekar við innbæinn fram yfir aldamótin 1900.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: SSB, 13; BBSÞ, 14.

SB-004:008 *Pétursvík* heimild um lendingu 65°41.531N 18°03.565°V



SB-004:008, Pétursvík

“Norðan í nesinu [Hallandsnesi] er lítill bás. Þar er alltaf sléttur sjór, þó sunnan rok sé. Þar var stundum bátum lent, en þar er ekki hægt að geyma báta í norðan veðrum. ... Vík þessi er kölluð Pétursvík.” segir í Svalbarðsstrandarbók. Pétursvík er lítill kvos 75 metrum norðaustur af bæjarhólum í Hallandsnesi, sjá 010. Við sjóinn er grýtt fjara og upp af henni er gróin kvos upp brekkuna til suðurs. Þar hefur líklega verið uppsátur. Lengd kvosarinnar er alls 6 metrar og breidd 2,5 metrar og liggur hún frá NNV upp til SSA. Hún er grýtt í botninn og afmörkuð af klettaveggjum. Við landinguna eru spýtur sem liggja þvert á kvosina til að aðstoða við að draga báta á land en þessi landing er enn í notkun. Einnig er þó nokkuð af rusli í henni að sunnanverðu. Upp af landingunni er greinilegt rót á jarðveginum, hjólför í lítilli lægð, sennilega nýleg, en þarna gæti hafa verið umrót áður.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:SSB, 13

SB-004:009 heimild um uppsátur

65°41.489N 18°03.543V

“Lækjarnes er þar inn við sjó. Þar fellur bæjarlækurinn í sjó og kallast Fosslækur, ... Langavík er milli Lækjarness og Búðarness. Þá er Búðarnesvík og þá Hallandsnes. Þar var uppsátur jarðarinnar. Var þar ágætis vör að lenda á milli Nesklappanna að norðan skers að sunnan,” segir í Svalbarðsstrandarbók. “Áður var hér löngum ferja til Akureyrar,” segir í BBSB “Krossar er einnig nafn á Neðri-Ásnum neðsta hjallanum, er það oft nefnt Ytri-Krossar. Niður af þeim heitir Búðarhvammur svo er við Syðri-enda Neðra-Ássins.” Segir í örnefnaskrá. Uppsátiríð var í Búarnesi við Búðarhvamm. Það var var beint upp af landingunni 007. Mjög vel gróin brekka. Afliðandi brekka en engin merki sjáanleg um uppsátiríð enda allt á kafi í gróðri. Ekki víst að hér hafi verið mannvirki þó að bátar hafi verið settir hér upp, sjá fornleif 018.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:SSB, 13; BBSB, 14; Ö-Svalbarðsstrandarhreppur, 6

SB-004:010 Hallandsnes bæjarstæði bústaður

65°41.516N 18°03.471V

“Ofarlega á Hallandsnesinu var byggt býli árið 1900. Var það lengi þurrabúðarbýli, en hefur nú orðið allstórt tún, í eyði síðan 1968,” segir í Svalbarðsstrandarbók. Nýtt steipt íbúðarhús hefur verið byggt á sama stað og gamli bærinn stóð. Virðist ekki vera kjallari undir húsinu. Þetta er 65°0 metra norðvestur af bæjarhól 001. Um 10 metrum suðvestur af bæjarstæðinu er gamalt, steipt fjárhús með torfpaki. Hallandsnesið er nokkuð slétt frá náttúrunar hendi og landingar báðu megin við það þannig að þessi staðsetning hefur hentað vel fyrir þurrabúð. Lækur rennur rétt sunnan bæjarins þannig að stutt hefur verið að sækja neysluvatn.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:SSB, 13; BBSB, 53.

SB-004:011 Hallandsbjarg þjóðsaga huldufólksbústaður

65°41.720N 18°03.515V

“Hallandsbjarg er stór klettaborg, þverhnípt að sjó. Þar kvað vera álfabyggð mikil og verzlunarstaður huldufólks,” segir í Svalbarðsstrandarbók. Klettaborgin er mjög há, um 370 metra NNV af Hallandsnesi 010.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:SSB, 13.

SB-004:012 heimild um fjárhús

65°41.239N 18°02.678V

“Syðsti hluti túnsins er á háum hrygg. Þar voru fjárhús,” segir í Svalbarðsstrandarbók. Fjárhúsin voru rúma 80 metra suður af útihúsi 004, 1-2 metra austur af heimreiðinni að sögn heimildamanna. Þar eru nú blómabeð og uppi á klöpp sem á þessu svæði er stór steinn nákvæmlega þar sem fjárhúsin stóðu. Slétt gróin grund að vestanverðu en austanvert eru blómabeð. Klöppin skagar uppir á milli grundarinnar og blómabeðanna.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:SSB, 14.

SB-004:013 gata leið

65°41.217N 18°02.597V

“Austur af fjárhúsunum [012] var götusneiðingur upp klifið að Veigarstöðum,” segir í

Svalbarðsstrandarbók Þarna voru gamlar götur sem lágu frá bæ 001 að bæjarhólnum að Veigarstöðum. Nú er akvegur (moldar) þar sem gamli götuslóðinn lá. Slóðinn er greinilegastur þarna í hallanum en sést ekki á túninu. Slóðinn er greinilegur á loftmyndum.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir:SSB, 14.

SB-004:014 *Snorrakofi* heimild um fjárhús

“Norður á túni voru önnur fjárhús, þar hét Snorrakofi,” segir í Svalbarðsstrandarbók. “Snorrakofi var út og upp af bæ utan við Bæjarlæk.” Segir í örnefnaskrá. Engin heimildarmanna kannast nú við þetta nafn, sennilega er þetta sama hús og skráð var annað hvort undir númerinu 004 eða 005.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Svalbarðsstrandarhreppur, 7; SSB, 14.

SB-004:015 *Halllandssel* heimild um býli

65°41.849N 18°02.030V

1712: “Halllandssel heitir sel heimajarðarinnar upp í fjallinu. Þar eru fornar girðingar í kríng, og alta margir að þar hafi í fyrndinni bygt bót verið. Ekki má þar byggð setja fyrir heyskaparleysi, er og mikill partur þess forna tústæðis í holt upp blásinn,” Segir í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. LÞ: “Halllandssel var selstaða jarðarinnar út og upp við merki. Haft var þar í seli fram á 18°. öld. Merki byggðar eru glögg, tættur og túngarðar.” Segir í Lýsingu Suður Þingeyjarsýslu. “Kolluhóll er út og upp frá bænum. Efraklif er ofan við Halllandsklif, þar ofar er Stekkjarmór, um hann liggur Vaðlaheiðarvegur. Þar eru stekkjartóttir við læk, rétt ofan við veginn. Stekkjarklöpp er ofanvert við móinn. Stekkjartóttir þessar eru gamlar seltóttir. ... Er selfarir lögðust niður, en fært var þar frá, hefir allt verið kennt við stekkin. Sést fyrir vörslugarði sums staðar, en mikið af honum fór í veginn,” segir í Svalbarðsstrandarbók “Neðan við Efra-Klifið neðan við efri veginn taka við móar sem heita Stekkjarmóar. Þeir eru fast við samgirðinguna og um þá liggur svo Vaðlaheiðarvegurinn. Ofan við þá og ofan við samgirðingu er svo Stekkjarklöpp. Í móum er stekkjartóft, þar er Stekkurinn. Stekkurinn og móarnir skerast sundur af Bæjarlæknum,” segir í örnefnaskrá. Þetta er rúmlega 1 km norðaustur frá 001 og um 30 metrum austur af gamla Vaðlaheiðarveginum. Fast norðan við læk sem rennur í VSV á milli túnparta syðst í nyrsta túninu. Stekkjarmórinn er orðin að túni, selið/stekkurinn hefur verið við lækinn og er þar kargabýfi á mótum túns og lækjar. Mikið grjót er í þýfinu en engar hleðslur sýnilegar. Á þessu svæði hefur grjóti líklega verið safnað saman þegar túnið var sléttað.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:JÁM XI, 6; LÞSÞ, 62; SSB, 15; Ö-Svalbarðsstrandarhreppur, 7

SB-004:016 *Bóndaleiði* þjóðsaga legstaður

65°41.896N 18°00.143V

“Vestan við Veigarstaðavatn er Vatnshryggur. Við vatnið vestanvert er Bóndaleiði eða Bændaleiði. Sagt er, að til forna hafi silungsveiði verið í vatninu. Hafi silungur gengið úr sjó um op á vatnsbotninum. Bændur Halllands og Veigarstaða deildu um veiðirétt í vatninu, og þar sem orðskak dugði ekki, brugðu þeir bröndum, og yrði sá af veiðinni, er bana hlyti. En ekki tókst betur til en svo, að þeir drápu hvor annan, og urðu þá báðir af veiðinni. Voru þeir dysjaðir undir þessari þúfu. En til að þessi ósköp endurtækju sig ekki, var Hella mikil lögð yfir opið, svo myndarleg, að síðan hefur engin silungsbranda smogið með henni, enda gott samkomulag verið ætíð síðan með bændum þessara bæja,” segir í Svalbarðsstrandarbók. Ekki farið á staðinn sumarið 2004.

Heimildir:SSB, 15.

SB-004:017 *Gildruhjalli* örnefni refagildra

65°41.632N 18°02.105V


“Út frá Háborg er Miðhjalli og Gildruhjalli þar norðar,” segir í Svalbarðsstrandarbók. “Suður og upp af Stekkjarhjalla [015] er hár hjalli sem heitir Gildruhjalli,” segir í örnefnaskrá. Gildruhjalli er 65°0 metra norðaustur af 001. Heimildamaður kannast ekki við refagildra á þessum slóðum. Slétt tún austur af gamla Vaðlaheiðarveginum er neðan við hjallan er er nokkuð hár. Ofan á hjallanum er nokkuð grýtt að vestanverðu og sléttlent og gróðuð að austanverðu.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:SSB, 15; Ö-Svalbarðsstrandarhreppur, 7



SB-004:018 naust, horft til norðvesturs



SD-004:018, naust

3 metrum norðaustur af lendingu 007 er lítil hvompa í grasinu og segir heimildarmaður að á þessu svæði hafi verið naust. Í þýfðum móa. Hvompan er 2x1,5 m á breidd, niðurgrafin 0,3-0,4 m. Þar sést ekkert grjótt.

Hættumat: engin hætta

SD-004:019 heimild um brunn

“Við lækinn [Bæjarlækur] var byggt brunnhús svo ekki þurfti út að sækja vatn,” segir í örnefnaskrá. 80 metra suðaustur af bæjarhólnum 001, og 40 metra norðvestur af útihúsi 005 var brunnur sem Hólmfríður Ásgeirsdóttir man eftir. Nú í sléttu túni. Brunnurinn er horfinn.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Svalbarðsstrandarhreppur, 7

SD-004:020 heimild um tóft

65°41.399N 8°026.64V

Steingrímur Valdemarsson greinir frá því að tóft hafi verið 110 metra norðaustur af bæjarhólnum 001. Í sléttu túni.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SD-004:021 heimild um landamerki

65°41.050N 18°02.698V

“Á móti Veigarstöðum er merkjalína. Garðstúfur sem liggur austur og vestur örskammt fyrir sunnan Halllandstúngarð [022] þar eru forn merki svo sama stefna úr steini þeim hinum stóra, sem stendur vestan við umgetinn garð til suðvesturs að sjó niður og einnig úr sama garði í svonefnda Gömlu-Stekkjarborg sunnanverða og þaðan bein lína upp í syðri enda Hrossadals,” segir í örnefnaskrá. Landamerkjagjarður var á merkjum Veigarstaða og Halllands. Engar leifar hans sjást nú. Merkin eru rúmlega 500 metrum suður af 001. Á þessu svæði eru sléttuð tún, sumarbústaðabyggð, vegir og skógrækt.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Svalbarðsstrandarhreppur, 6

SD-004:022 heimild um túngarð

65°41.052N 18°02.707V

“Á móti Veigarstöðum er merkjalína. Garðstúfur [021] sem liggur austur og vestur örskammt fyrir sunnan Halllandstúngarð þar eru forn merki svo sama stefna úr steini þeim hinum stóra, sem stendur vestan við umgetinn garð til suðvesturs að sjó niður og einnig úr sama garði í svonefnda Gömlu-Stekkjarborg sunnanverða og þaðan bein lína upp í syðri enda Hrossadals,” segir í örnefnaskrá. Túngarður markaði hallandstún að sunnanverðu. Miðað við túnakortið frá 1917 voru túnamörkin um 400 m suður af 001 en hafa nú verið færð lengra til suðurs. Sléttuð tún.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar


Heimildir: Ö-Svalbarðsstrandarhreppur, 6

SD-004:023 mannabein

Samkvæmt samtali þann 24.5 2005 greindir Hólmfríður Ásgeirsdóttir frá því að þegar hún flutti að Halllandi að þá hefði tengdafaðir hennar greint frá því að fyrir aldamótin 1900 hefði fundist mannabein í hlaðinu á Halllanda. Ekki er vitað hvar þetta var nákvæmlega, en þetta var stök beinagrind og var hún frekar lítil.

SP-005 Meyjarhóll

12 hdr. 1712. Svalbarðskirkjueign. Árið 1391 selur Ása Eiríksdóttir Sæmundi Þorsteinssyni Hól á Svalbarðsströnd og er líklegast að þar eigi við Meyjarhól. (DI III, 453-454). 1508: Jón Ásgrímsson selur Sæmundi Símonarsyni Vígastaði og Meyjarhól á ströndinni. (DI VIII, 192). 1532: Jón Arason selur Jón Arason Magnúsi Brynjólfssyni Kristnes fyrir okkrar jarðir og þar á meðal Meyjarhól. (DI IX, 612). Höfn I byggð úr landi Meyjarhóls 1930 og tilheyrir því búi 1 ha. lands milli Sólheima og Litlahvams. Höfn II byggð í landi Hafnar I árið 1974-1975. Sumarbústaður var/er í Hvammi ofan við strandveginn (1964 var hann þar).



Meyjarhóll, mörk túns og útihúsa árið 1917

norðanverðu mjög þykkir og signir, ríflega 3 m þykkir. Þústir eru austan við útvegginn sem gefa til kynna að torfbyggingin hafi verið stærri áður fyrr. Norðan við framhúsið er greinilegur hlaðinn veggur 1 m norðan og liggur hann austur-vestur. Hann er 1 metri á þykkt og 10-11 m á lengd. Grjóthleðslur eru greinilegar bæði sunnan og norðan í honum. Út úr þessum vegg til norðurs sést U laga hólfið, 2,5x1,5 m að innanmáli en veggir þess eru um 1 m á þykkt. Engar grjóthleðslur sjást í því. Norðan við vegginn og U- laga hólfið eru þústir sem einnig benda til þess að áður hafi torfbærinn náð lengra til norðurs. Þar var smiðjan og hlóðaeldhúsið. Þessi hluti er mjög gróinn og eitthvað drasl í honum þannig að erfitt er að sjá lag á honum. Fast sunnan við framhúsið er skrudgarður sem bendir til þess að bærinn hafi ekki náð lengra til suðurs en greinilegt er í dag.


Hættumat: stórhætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

1712: "Torfrista og stúnga lök og grýtt. ... Túnið spillist sumstaðar nokkuð af grjótsuppgangi. Engið er votsókt. Úthagarnir bjarglega grösugir en mjög þrönglendir, og nýtur ábúandi góðvilja nábúa sinna um beitina." (JÁM XI, 7). 1917 : Tún 3,07 ha. (2/3 sléttað) garðar 1150 m². 1986: "Er landið mest á hjöllum, sem halla mót suðri líkt og á Halllandi." (BBSÞ 1986, 17).

SP-005:001 *Meyjarhóll* bæjarhóll bústaður
65°42.112N 18°03.149V

Gamli bærinn er uppistandandi að hluta, 4 metra austur af núverandi íbúðarhúsi. Þar er framhús úr timbri og torfhús norðan og austan við. Bæjarhóllinn er vel gróinn. Hlaðið sem er nú vestan við frammhýsið hefur sennilega skemmt hann að hluta. Skrudgarðurinn sem er suður af bæjarhólnum er merktur inná túnakort. Sá hluti bæjarhólsins er greinilegur í dag er 12x12 metrar. Hann er um 1 metra hár. Þegar frammhýsið var byggt hefur bæjarhóllinn að hluta verið skemmdur því kjallari er undir húsinu. Baðstofan var með fjósi undir fast austan við framhýsið, framhýsið sem enn stendur var byggt framan við torfbæinn árið 1915, húsið er 4x5 m að utanmáli. Smiðja og hlóðaeldhús voru norðan við frammhýsið. Kjallari er undir framhúsinu. Framhýsið er mjög illa farið og er við það að hrynja. Mjög greinilegar hleðslur eru við kjallara hússins, sjást 7-9 umför á austurvegg kjallarans að utanverðu. Austan við framhýsið er greinileg töft, 3x5 m að innanmáli og eru útveggir að sunnan- og



SP-005:001, Meyjarhóll

SB-005:002 heimild um útihús

65°42.134N 18°03.133V

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var útihús 25 metra suðaustur af bæjarhólnum 001. Þar standa steinsteypt útihús í dag. Leifar umrædds húss gætu verið sýnilegar á milli húsa. Húsið eru reist á upphækkun, slétt gróið tún umhverfis húsin allstaðar nema að vestanverðu en þar liggur heimreiðin nálægt húsinu. Hleðsluleifar eru greinilegar norðan í vegg fjárhúss mjög ógreinilegar þó.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917



SB-005:003 *Hesthúshóll* heimild um hesthús

65°42.066N 18°03.175V

“Neðan frá vegi að sjá gnæfir Langaklöpp við loft. Neðan hennar er Háabrekka, en ofan Dalur eða Meyjarhólsdalur. Langaslétta var flöt neðan gamla túnsins, nú orðin að túni. Upp af henni er Hesthúshóll, ...” segir í Svalbarðsstrandarbók. 160 metra suður af bæjarhólnum, 001, var hesthús að sögn heimildamanns og er húsið merkt inná túnakort frá árinu 1917. Á þessu svæði er nú rennislétt tún.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917; SSB, 18.

SB-003:001, bæjarhóllinn að Meyjarhóli, horft til vesturs

SB-005:004 *Meyjarhólsvík* heimild um lendingu

65°41.8°78N 18°03.716V

1712: Heimræði hefur hjer verið og má vera, því lending er góð ...,“ segir í Jarðabók Árna og Páls. “Frá Merkiskeri er löng fjara, kölluð Meyjarhólsvík. Þar var uppsátur og sjóbúð. Þótti þar allgóð lending,” segir í Svalbarðsstrandarbók. Um 25 metra suðvestur af bænum á Höfn er fjara. Hún er um 15 á breidd og nokkuð grýtt. Þar eru nú tveir bátar og bátaskýli. Grýtt fjara. Heimildarmaður man eftir hlöðnu bátaskýli við landinguna, sem var ekki með þaki, en það er allt horfið nú.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: JÁM XI, 7; SSB, 17

SB-005:005 *Lambhúsklöpp* örnefni lambhús

65°42.171N 18°03.145V

“Merki að norðan eru: Ofanvert við sjávarbakka er klapparhorn líkt og grjóthruga, þaðan í stein á Lambhúsklöpp, ...” segir í Svalbarðsstrandarbók. Lambhúsklöppin er 110 m norður af bæjarhólnum, 001. Þar stendur nú nýlegur sumarbústaður á klöppinni. Pálmi Valdimarsson mundi ekki eftir lambhúsi þar. Líklegast er að lambhúsið hafi staðið undir klöppinni að sunnan eða vestanverðu, þar hefur verið sléttað og sjást engin merki um húsið í túninu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: SSB, 19.

SB-005:006 heimild um mógrafir

65°42.019N 18°02.770V

“Norðaustur frá bænum er breið mýri kölluð Brekka. Suður af henni eru Enni. Sunnan þeirra er Svarðarlækur og enn sunnar Merkjasund. Ofan við Enni er Stekkjarmýri [007]. Syðst í henni eru Mógrafir, ...” segir í Svalbarðsstrandarbók. “Ofan við Ennin verður svo flatlendara. Þar heitir Stekkjarmýri [007] syðst á henni eru mógrafir. Norður undir mýrinni er Stekkur og út af Stekknum eru Stekkjarmóar, er skiptast í Efra-Stekkjarmó og Neðri-Stekkjarmó hóll aðskilur þessa móa,” segir í örnefnaskrá. Þetta svæði er nú slétt tún, mógrafirnar voru tæpa 80 metra suður af stekkknum 007. Sléttað tún.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:SSB, 18; Ö-Svalbarðsstrandarhreppur, 10-11

SD-005:007 heimild um stekk

65°42.058N 18°02.793V

“Ofan við Ennin [006] er Stekkjarmýri. Syðst í henni eru Mógrafir, en norðan mýrarinnar var Stekkur og norðan hans Efri- og Neðri-Stekkjarmóar,” segir í Svalbarðsstrandarbók. “Ofan við Ennin verður svo flatlendara. Þar heitir Stekkjarmýri syðst á henni eru mógrafir. Norður undir mýrinni er Stekkur og út af Stekknum eru Stekkjarmóar, er skiptast í Efra-Stekkjarmó og Neðri-Stekkjarmó hóll aðskilur þessa móa,” segir í örnefnaskrá. Stekkurinn var nálægt 300 metrum suðaustur af bæjarhólnum 001. Þar er nú sléttá tún. Pálmi valdimarsson man eftir stekkjartóftum á þessu svæði. Slétt tún. Engar tóftaleifar eru sjáanlegar í túninu og hafa væntanlega verið sléttáðar út að öllu leyti.

Hættumat: engin hætt

Heimildir:SSB, 18; Ö-Svalbarðsstrandarhreppur, 10-11

SD-005:008 *Vörðuhóll* örnefni

65°42.208N 18°02.747V

“Norðan við Bæjarlæk er hólstrýta, að mestu grasigróin, er heitir Vörðuhóll. Þar er nú skiptistöð frá raflínunni,” segir í Svalbarðsstrandarbók. “Norður af Stekkjarklökk [007] norður við Bæjarlæk er sérkennileg hólstrýta, grasigróin að mestu sem heitir Vörðuhóll. Bak við hana er spennistöð. Ofan við hólinn er svo Vörðuhólsmýri sem nær að Vaðlaheiðarvegi,” segir í örnefnaskrá. Norðan við bæjarlækinn eru nokkrar strýtur og hólar. Engin varða er sjáanleg. Staðurinn er 350 metrum norðaustur af bæjarhól 001. Hólar og stýtur, nokkuð grónir.


Hættumat: engin hætt

Heimildir:SSB, 18; Ö-Svalbarðsstrandarhreppur, 10-11

SD-005:009 *Heystæðishjalli* örnefni heystæði

“Þá er ofan við veginn og samgirðinguna þar er fyrst hjalli sem heitir Nautahjalli. Þetta er allmikill hjalli. Þar upp af er svo Heystæðishjalli þar var heyjað og er erfitt að ná því heyi,” segir í örnefnaskrá. Ekki var farið á staðinn sumarið 2004. Frá flestum bæjum á ströndinni var stundaður heyskapur í heiðinni og var heyið oft geymt þar fram á vetur og gæti heystæðið dregið nafn af þeim búskaparháttum.


Heimildir:Ö-Svalbarðsstrandarhreppur, 11



kort 5. Minjakort fyrir Geldingsá.

SP-006 Geldingsá

30 hdr. 1712. 30.6.1431: Björn Sæmundsson selur Þórkatli presti Ólafssyni jarðimar Sigluvík og



Geldingsá, mörk túns og útihúsa árið 1917

Geldingsá. (DI IV, 458-459) 30.6.1431: Þórkell selur Árna Einarssyni Geldingsá og Sigluvík. (DI IV 460) 1446: Bréf um þá peninga sem Margrét Vigfúsdóttir fékk í gjöf frá Þorvarði Loftssyni, og eru Sigluvík, Geldingsá og Halland nefndar í bréfinu. (DI IV, 677-679) Sólheimar byggðir úr landi Geldingsár 1929 í eyði síðan 1962. Sólberg byggt úr landi Geldingsár árið 1958, keyptu land Sólheima. Bæirnir Traðir og Klöpp byggð á landi Sólbergs. Árið 1892 var byggt þurrabýlið Hvammur í Dældavík en fékk síðar 1/5 af landi Geldingarárslandi og heitir Litlihvammur I, Litlihvammur II byggðist 1981-1982 í Litlahvammsslandi.

1712: “Túnið spillist nokkuð af grjótsuppgangi og sprettur lítt. úthagarnir eru bjarglegir..” (JÁM XI, 8). 1917: Tún 4,21 ha. (5/6 slétttað) garðar 896 m². 1964: Geldingsá er nyrzt þeirra fjögurra bæja, er standa hátt frá sjó. Umhverfið er í aðaldráttum svipað og á hinum bæjunum. Þó eru mýrarsundin þar breiðari og yfirleitt meira graslendi.” (SSB, 20). Svæðið ofan við bæinn var slétttað snemma, byrjað á því að þurka það um tíma en sléttunin hófst árið 1955.

SP-006:001 Geldingsá bæjarhóll
bústaður

65°42.526N 18°03.296V

Bæjarhóllinn var þar sem núverandi íbúðarhús á Geldingsá er, þar var allt slétttað og grafið upp

því kjallari er undir húsinu. Áin sem kennd er við bæinn rennur rétt austn við bæjarhóllinn svo aðgengi að vatni hefur verið ágætt, bæjarhóllinn hefur setið hátt í landslaginu og er mjög gróðusælt í kring um bæjarstæðið. Bæjarhóllinn er með öllu horfinn og Sigfús kannaðist ekki við sagnir um að menn hefðu orðið varir við minjar í eða við bæjarhúsin.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

SP-006:002 heimild um fjós

65°42.506N 18°03.282V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús 2 metra norður af bæjarhúsum 001. Sigfús Árelíusson heimildarmaður skrásetjara man eftir því að á þessu svæði var einhverntíma bæði fjós og fjárhús. Á þessu svæði hefur allt verið slétttað.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

SP-006:003 heimild um fjárhús

65°42.580N 18°03.283V

“Önnur fjárhús voru út og upp á túni. Voru syðri húsin flutt þangað,” segir í Svalbarðsstrandarbók. Samkvæmt túnakorti var útihús 60 metra norður af bæjarhólnum og gætu komið heim og saman við þessa lýsingu Heimildarmaður sagði það ónákvæmt á



SP-006:004

túnakortinu. Húsið sem var merkt inn 60 metra norður af húsinu væri garður og að húsin, sem voru fyrst fjárhús og hlaða og síðar fjós hafi verið nálægt 100 metrum norðan við bæjarhólinn. Hóll í sléttuðu túni. Þetta voru torfhús sem voru rifin um eða eftir 1940. Á þessu svæði er greinilegur hóll í túninu, um það bil 10x10 metrar að stærð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917; SSB, 22.

SB-006:004 Dældavík tóftir uppsátur

65°42.635N 18°04.324V

“Norðan við Gildrunesið er Dældavík, er dregur nefn af smádældum og hvömmum ofan við víkina og utar. Í Dældavík var bátauppsátur og allgóð lending [005] 18°92 var byggt hér þurabúðarbýlið Hvammur [nú Litlihvammur] [008] ... Árið 1902 byggðu Norðmenn hér hús og bryggju og stunduðu héðan síldveiðar með landlásam. Hlóðu þeir fyrir uppfyllingu að geyma á síldartunnur og óku fram grjóti í garð sunnan til við bryggjuna til að hlífa henni fyrir lagísreki. Veiðin gekk ekki vel, komu þeir í lok þessa síldveiðitímabils. Stóð útgerð þessi í fá ár. Árið 1911 var hús og bryggja seld á uppboði, bryggjan rifin, en húsið flutt til Akureyrar. Stendur það við Skipagötu. Hefir bærinn það sem áhaldageymslu,” segir í Svalbarðsstrandarbók. Tóftirnar eru 125 metra suðvestur af 015. Svæðið er gróðið og þýft að fjöruborðinu. Á svæðinu eru tvær tóftir aðgreindar með númerum A og B. Sú syðri (B) er ferhyrndur torflaðinn grunnur eftir húsið sem flutt var yfir pollinn. Grunnurinn er 4x4 metrar að innanmáli og eru engar grjóthleðslur sýnilegar þar. Grunnurinn er niðurgrafinn og er dýpt hennar 0,2-0,5 metrar. Austurveggurinn er gerðarlegastur, hæstur 0,5 metrar. 3 metrum norðan við grunninn er bátshræ. Það virðist liggja í niðurgrafinni hvílt (nausti) en erfitt er að greina það vegna bátsins. 11



SB-006:004, tóft í Dældavík, horft til norðvesturs

metrum norður af bátum eru leifar af uppsátri eða nausti (B). Það er U-laga tóft, 9 metra löng og um 2-2,5 m á breidd. Naustið er 10 metra fjá sjávarbakkanum. Snýr tóftin norður-suður. Grjót sést að sunnanverðu inni í tóftinni, einnig eru smávölur í miðri tóftinni. Engin merki sjást um bryggjuna né uppfyllinguna. Þær voru nálægt grunninum (A). Þar er hlaðinn grjótgardur út í sjóinn, 7-8 metra langur, gæti verið gardurinn sem hlaðinn var við bryggjuna.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: SSB, 21.

SB-006:005 heimild um lendingu

65°42.636N 18°04.335V

“Norðan við Gildrunesið er Dældavík, er dregur nefn af smádældum og hvömmum ofan við víkina og utar. Í Dældavík var bátauppsátur og allgóð lending. 18°92 var byggt hér

þurabúðarbýlið Hvammur [nú Litlihvammur 008]...” “Árið 1902 byggðu Norðmenn hér hús og bryggju og stunduðu héðan síldveiðar með landlásam. Hlóðu þeir fyrir uppfyllingu að geyma á síldartunnur og óku fram grjóti í garð sunnan til við bryggjuna til að hlífa henni fyrir lagísreki. Veiðin gekk ekki vel, komu þeir í lok þessa síldveiðitímabils. Stóð útgerð þessi í fá ár. Árið 1911 var hús og bryggja seld á uppboði, bryggjan rifin, en húsið flutt til Akureyrar. Stendur það við Skipagötu. Hefir bærinn það sem áhaldageymslu.” Segir í Svalbarðsstrandarbók. Lendingin er í vikinni, sjá 004. Ekki alveg ljóst hvar hún hefur verið nákvæmlega en líklega var hún beint vestur af naustinu 004. Smágrýtt fjara.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: SSB, 21.

SB-006:006 heimild um fjárhús


65°42.482N 18°03.375V

“Fjárhús voru suður og niður á túni [á landi Sólbergs]. ... Um 1880 hreiðraði maður nokkur um sig og sonu sína þar í kofa. Hann var óreglumaður og átti sér hjákonu. Varð konu hans lífið svo leitt, að hún stakk sér fram af klöppum sunnanvert við Geldingsána. Sunnan vindur var, og hafði vindur komist í pils hennar, og rak lík hennar sunnan í Gildrunes. Varð þetta 16. des. 1883. Maður hennar hélzt ekki við í kofanum, var sagt, að hún hefði sótt svo fast að honum. Ekki fékk hann annars staðar inni hér og hrökklaðist til áttaha sinna,” segir í Svalbarðsstrandarbók. Heimildarmaður segir að þetta sé ekki nákvæmt því þessi maður hafi búið í fjárhúsum sem nefnd eru fyrst í leiðarvísi. Fjárhúsin voru 100 metra suðvestur af bæjarhólum 001. Í heimreiðinni þar sem hún sveigir til suðurs frá bænum. Þessi

hús eru nú undir heimreiðinni að Geldingsá sem liggur í gegnum túnin vestur af bænum. Þar sem húsin stóðu er nú tún austur af veginum en á þessu svæði liggur veginn uppá klöpp að vestanverðu og hafa húsin staði því þessar klappir.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:SSB, 21.



Túnakort af Litlahvammum frá 1917

Sp-006:007 heimild

“Grasamóar eru sunnan megin við flóann [Geldingsárflóann], þar var reistur kofi fyrir grasafólk, þar var bálkur öðru megin en hlóðir hinum megin,” segir í örnefnaskrá. Staðurinn var ekki skráður á vettvangi sumarið 2004 því ekki tókst að afla upplýsinga um staðsetningu hans..

Heimildir:Ö-Svalbarðsstrandarhreppur, 13

Sp-006:008 Litlihvammur heimild um býli

65°42.702N 18°04.331V

“1892 var byggt hér þurrabúðarbýlið Hvammur, er hefur nú 1/5 af Geldingsárlandi og telst nú lögbýlisjörð [Litlihvammur],” segir í Svalbarðsstrandarbók. Litlihvammur er nú 850 metra norðvestur af bæjarhól 001, 150 metra norður af Dældavík 004. Bærinn var byggður á sama stað og eru minjar því undir húsi. Litlihvammur hét líka Dældir 1917 og var túnið 0,28 ha. allt sléttað, garðar 539

m², einn bæjarhóll og sennilega eitt útihús 60 metra suður af bænum. Það er engin kjallari undir húsinu og því gætu einhverjar minjar leynst undir því, en allt var þó sléttað í og kringum bæinn.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:SSB, 22; Túnakort 1917


Sp-006:009 Smiðjuhóll heimild um smiðju

65°42.535N 18°03.340V

“Norðan og vestan við bæinn var lítill hóll, kallaður Smiðjuhóll. Þar hefur einhvern tíma staðið smiðja [annaðhvort Geldingsá eða Sólberg],” segir í Svalbarðsstrandarbók. Smiðjan var 10 metra norður af bæjarhólnum, 001, beint uppi á hól sem þar er. Þetta er nú sléttað tún. Leifar smiðjunnar eru alveg horfnar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:SSB, 22.



Sp-006:010 tóft stekkur

65°42.625N 18°03.154V

“Æði spöl austur frá fjárhúsunum [sennilega 003] var hár melhóll. Sunnan undir honum voru tættur, líklega stekkjartættur. Hefir borgin eflaust verið kennd við stekkinn,” segir í Svalbarðsstrandarbók. 210 metra norðaustur af bæjarhólnum 001, 710 metra vestur af beitarhúsinu 014 er tóft af stekk inn í miðri skógrækt sunnan undir háum

Sp-006:010, stekkur

melhól. Mjög blautt kargapýfi er inni í tóftinni og umhverfis hana, allt svæðið er inni í skógræktargirðingu. Stekkjartóftin er nokkuð óskýr, bæði sokkin í bleytu og þúfur ásamt því sem tré eru inni í tóftinni. Hún er nálægt 7 metra löng og 4 metra breið að utamáli, en innanmálið er óskýrt af fyrnefndum orsökum.



Sp-006:010, stekkur horft til norðvesturs

Veggjaþykkt um 1 m að norðanverðu en ekki greinanleg á öðrum hliðum tóftarinnar. Ekki er ljóst hvort stekkurinn hafði eitt eða tvö hólf. Hleðsluhæð er um 0,2-0,3

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir:SSB, 22.

SP-006:011 garðlag kálgarður

65°42.419N 18°03.369V

“Suður og neðan við túnið var stór jarðeplagarður. Var hann lengi stærsti jarðeplagarður á ströndinni,” segir í Svalbarðsstrandarbók. Garðurinn var um það bil 400 metra VNV af selinu 013 og 115 metra suður af fjárhúsi 006. Sléttað tún. Kartöflugarðurinn er með öllu horfinn.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:SSB, 22.

SP-006:012 heimild um kvíar

65°42.565°N 18°03.147V

“Ofan við ána, gegnt bænum, á flöt nokkurri, var Kvíaból,” segir í Svalbarðsstrandarbók. Rúma 100 metra suðaustur af fjárhúsinu 003, 111 metra suður af steknum 010 var Kvíabólið. Þar var gerður kartöflugarður fyrir nokkrum áratugum síðan og var kvíatóftin þá sléttuð út. Slétt tún. Kvíatóftin hefur verið algjörlega sléttuð út.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:SSB, 22.


SP-006:013 Selbarð heimild um sel

65°42.399N 18°02.853V

“Ofan við það [Kvíabólið 012] tók við gróin brekka, en allbrött, upp á Selbarð, sem er hár hjalli, líklega áframhald af Lönguklökk. ... Ofanvert við Selbarðið, upp frá Geldingsá, eru grónar fornar tóttir, sem geta verið seltóttir og hjalli þessi hafi fengið nafn sitt af því. Svo hefur Sigluvík átt sel ofanvert við Selbarð. “ Segir í Svalbarðsstrandarbók. Selið var rúma 400 metra suðaustur frá bæjarhól 001, 400 metra ASA frá kálgarðinum 011. Á þessu svæði er nú rennisléttuð tún en heimildarmaður minnst þess að þar hafi komið upp mikið grjót þegar túnið var sléttað eftir 1955. Sléttað tún.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:SSB, 22.



SP-006:014, beitarhúsatóft.



SP-006:012, beitarhúastóft horft til vesturs. Á myndinni sjást greinilegar hleðslu við inngang milli hlöðu og fjárhúss

SP-006:014 Beitarhúsahjalli tóft beitarhús

65°42.617N 18°02.221V

“Ofan Vaðlaheiðarvegur er Beitarhúsamýri og Beitarhúsahjalli, áframhald af Nautahjalla í Meyjarhólslandi. Á Beitarhúsahjalla stóðu beitarhús fram yfir aldamót [1900],” segir í Svalbarðsstrandarbók. Beitarhúsatóftin er 840 m norðaustur af bæjarhólnum 001, 630 metra norðaustur af selinu 013. Tóftin er á grónum en mjög þýfðum hjalla. Tóftin er 11x8 metrar að utanmáli og mesta hleðsluhæð er 1,2 metrar austast, en þar er sennilega hlöðutóft, 3x5 metrar að innanmáli. Allir veggir eru greinilegir nema norðurveggur. Í norðausturhorni eru grjóthleðslur, 2 umför. Að vestanverðu er op inn í beitarhúsið og eru þar greinilegar hleðslur allt að 5 umför. Vesturveggurinn er mjög þykkur, 2

metrar þar sem mest er. Gegnum vesturvegg hlöðunnar er innangengt í fjárhús sem hefur verið 2,5x4 metrar að innanmáli. Húsinu hefur verið skipt í miðju með garða sem liggur austur-vestur. Grjóthleðslur eru greinilegar við vesturenda beggja langveggja. Engar minjar sjást um vesturvegg og hefur sennilega verið timburgafl að vestanverðu. Þessi tóft er mun grynri en hlöðutóftin (sem hefur greinilega verið niðurgráfin). Mesta hleðsluhæð beitarhússins er 0,2 metrar. Norðan við tóftina eru ógreinilegar þúfumyndanir og hefur húsið ef til vill áður verið stærra og verið minnkað við síðustu endurbyggingu.

Hættumat: engin hættu


Heimildir:SSB, 22.



kort 6. Minjakort af Siglufvík.

SP-007 Sigluvík

60 hdr. hálfkirkja eða bænhus staðið hér að fornu. Landnámsjörð Skaga Skoptasonar. “Skagi Skoptason hét maðr ágætr á Mæri: hann varð ósátttr við Eystein glumru ok fór af því til Íslands. Hann nam at ráði Helga Eyjafjarðarströnd ena eystri út frá Varðgjá til Fnjóskadalsár ok bjó í Sigluvík. Hans son var Þorbjörn, faðir Heðins ens milda, er Svalbarð lét gera sextán vetrum fyrir kristni; hann átti Ragnheiði dóttur Eyjólfss Valgerðarsonar.” (ÍF I, 269-70) Talið er að Þorbjörn Skagason hafi búið hér þó þess sé hvergi getið. Í Víga-Glúmssögu segir frá því að hér bjó Steingrímur, kona hans var Helga, systir VígaGlúms. Sonur þeirra var Þorvaldur tasaldi. (ÍF IX, 14) Í máldaga Svalbarðskirkju frá 1394 segir: “[á Svalbarði] er prestz skyld. tekur heima j leigu fiorar merkur. af Sigluvíkj. iiij. merkur; (DI III 569-570) 4.1.1403: “Sæmundr Þorsteinsson kaupir Sigluvík af Þórálfi Eilífssyni en geldur aftur Þórálfi Tungu og Öxará í Bárðardal.. sagði huer odrum til þeirrar kirkju skyldu er a þeirri jordu war er selldu ... skyldde huar suara kirkio fyrnd a þeirre jord sem keypti” (DI III 681-682) 30.6.1431: Björn Sæmundsson selur Þórkatli presti Ólafssyni Sigluvík og Geldingsá. Sigluvík fylgdi hálfkirkjuskilda og “enn tuesday manada verk eiinge Eigi Jnn a myrum jnn fra kaupangi.” (DI IV, 458-459) 30.6.1431: Þórkell selur Árna Einarssyni Geldingsá og Sigluvík. (DI IV 460) 1446: Bréf um þá peninga sem Margrét Vigfúsdóttir fékk í gjöf frá Þorvarði Loftssyni, og eru Sigluvík, Geldingsá og Halland nefndar í bréfinu. (DI IV, 677-679). 1537: Sigurður Jónsson (biskups) selur Benedikt Einarssyni Sigluvík með hálfkirkjuskildu. (DI X, 336). 1539: Selur Jón Arason Cecelíu Pétursdóttur jörðina Sigluvík með því skilyrði að þau börn sem hún á með Sigurði syni hans muni erfa jörðina.” (DI X, 450-451). 1712 er Sigluvíkurstekkur talinn fornt eyðiból. Sigluvíkurstekkur byggð í Sigluvíkurtúni árið 1863 í eyði síðan 1875. Heiðarholt byggð í Sigluvíkurlandi 1952.



Sigluvík, mörk túns og útihúsa
árið 1917

1712: “Útigangur í skárri lagi, þarf þó jafnan nokkurn heystyrk og lömb mest part fóður. Hestganga í betra lagi. Torfrista og stúnga lök. Móskurður hefur að fornu verið, brúkast ei. Elt er tað undan kvikfje. Fjalldrapparif lítið og valla teljandi. Grastekja lítil. Silúngsveiðiðvon með lagnetjum í sjónum

ut spupra. Rekavon er valla teljandi, því festifjara er engin. Tún er er harðlent og visnar taðan og skrælist til skemda í þurkviðrum. Engjarnar spretta lítt og verkjast þar með illa fyrir ágangi heimabúfjár og nágranna, með því selfarir eru aflagðar. Úthagarnir eru nægir.” (JÁM XI, 8-9). 1917: Tún 7,18 ha. (3/5 sléttað) garðar 1393 m². 1964: “Náði túnið næstum á sjávarbakka, aðeins norðar en í miðri landareign, sem er rúmlega 2000 metra breið.” (SSB, 25). “Skógræktargirðing er 1,7 ha.” BBSÞ 1986, 25. Allt undirlendi hefur verið nýtt sem tún. Jörðin er í eigu og nýtt af ábúendum Svalbarðs.

SP-007:001 *Sigluvík* bæjarhóll bústaður 65°43.316N 18°04.564V

Eftir frásögn Báru Sigvaldsdóttur var gamli torfbærinn fast við nýjasta íbúðarhúsið í Sigluvík, beint vestur af því. Vestur og suðvestur af íbúðarhúsinu er mjög gróinn og ósléttur blettur þar sem bæjarhóllinn gæti hafa verið. Allt vélsléttað. Steinhúsið var tilbúið árið 1925 og var þá flutt úr torfbænum sem var rifinn í kjölfarið. Svæðið vestur af steypa húsinu er um það bil 20x20 metrar að ummáli og standa þar 4 tré.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

SP-007:002 heimild um útkirkja 65°43.317N 18°04.567V

SIGLUVÍK Á SVALBARÐSSTRÖND (SP) (SVALBARÐSPING)

1394: [á Svalbarði] er prestz skyllð. tekur heima j leigu fíorar merkur. af Sigluvíkj. iiij. merkur; Máld DI III 569-570 [Svalbarðs]

4.1.1403: Sæmundr Þorsteinsson kaupir Sigluvík af Þórálfi Eilífssyni en geldur aftur Þórálfi Tungu og Öxará í Bárðardal.. sagði huer odrum til þeirrar kirkju skylldu er a þeirri jordu war er selldu ... skyllde huar suara kirkio fyrnd a þeirre jord sem keypti; DI III 681-682

30.6.1431: sagde ... biorn [Sæmundarson seljandi] hálfkirkju skilldu [ä] sigluvíkj; DI IV 458 [kaupandi séra Þorkell Ólafsson]

30.6.1431: sagde sera Þorkell [seljandi strax] til hálfkirkju skilldu Ä Jordunne Sigluvíkj; DI IV 460”Hálfkirkja eður bænhús hefur hjer að fornu verið, sem af er fallið fyrir manna minni.” Við jarðvinnu sumarið 2004 komu upp bein (sennilega úr kirkjugarði) fast austan við íbúðarhúsið.

Beinin komu upp við tröppur upp að útidyrnum, á gróðun sléttum bala á milli bílastæðis og íbúðarhúss.

“Sumarið 2004 var grafið norðan við tröppurnar heim að íbúðarhúsinu að Sigluvík. Bein höfðu komið í ljós þegar verið var að skipta um jarðveg á svæðinu. Var komið niður á mannabein og var Minjavörður Norðurlands eystra, Sigurður Bergsteinsson, kallaður á staðinn. Hann rannsakaði staðinn dagana 11. og 12. ágúst. Á þessu svæði fannst ein heilleg beinagrindásamt fleiri beinaleifum en grafan hafði raskað miklu. Þann 30 september fór Sigurður aftur á staðinn og gerði könnunarholu austan heimreiðar til að athuga hvort grafreiturnar hefði náð þangað. Þar voru mikil mannvistarlög með kolum og ösku en engin merki um grafreit. Grafreiturnar hefur því líklega verið að stórum hluta þar sem íbúðarhúsið stendur nú.” Enginn kannast við að bein hafi komið upp þegar húsið var byggt.

Heimildir: JÁM XI, 8; DI III 569-570, 681-682; DI IV 458; 460, Sigurður Bergsteinsson: Bréf 11.5.2005

SP-007:003 *Ærhúshóll* heimild um fjárhús 65°43.377N 18°04.541V

“Hóll þessi var kallaður Ærhúshóll, því sunnan til á honum voru aðal-ærhúsin,” segir í Svalbarðsstrandarbók. Samkvæmt túnakorti var útihús um 55 metra norður af bæjarhólnum og gætu komið heim og saman við þessa lýsingu Þessi hús voru 55 metra norðaustur af bæjarhólnum 001, efst á aflöngum sléttuðum hól.

Í sléttuðu túni

Húsin eru með öllu horfinn.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917; SSB, 26.

SP-007:004 *Litla-Sigluvík* bæjarstæði býli 65°43.281N 18°04.611V

“Á litlum hól sunnan lækjar stóð Litla-Sigluvík. Þar höfðu áður verið sauðahús,” segir í Svalbarðsstrandarbók. “Sunnan lækjar móti Arnbjargarhól, er Kotshóll. Þar voru fyrr sauðahús og hesthúskofi, en um 1870 byggði Þórarinn Jónsson bæ á þessum stað og kallaði Litlu-Sigluvík. Fylgdi því fyrst 1/5 hluti jarðarinnar. Eftir að jarðpartur þessi koma undir heimajörðina voru jarðarafnot óstöðug. Var það þá ofast kallað Sigluvíkurkot eða Kot. Þar var síðast búið í kofanum 1901.” Segir í örnefnaskrá. Heimildarmaður man vel eftir þessum tóftum, þær voru sunnan við lækinn 80 metra suðvestur af bæjarhólnum 001, í sléttuðu túni. Slétt tún. Húsin eru með öllu horfinn.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Svalbarðsstrandarhreppur, 17-18; SSB, 27; Túnakort 1917.

SP-007:005 *Lambhús* heimild um lambhús 65°43.318'N 18°04.403'V

“Í suðausturhorni túns voru Hornhús [006], en Lambhús norðar á þeim hól, sem kallaður var Lambhúshóll. Á síðari árum 19. aldarinnar voru kýr hýstar á sumrum í Lambhúsinu, og voru þau þá kölluð Kýrhús. Fylgi ég hér því, sem eldra er,” segir í Svalbarðsstrandarbók. “Upp frá bænum ofan við lækinn var en hóll, á honum voru hús kölluð Lambhús en síðar voru kýr hýstar þar á sumrum og þá kölluð Kýrhús syðst á þessum hól voru Hornhús.” Segir í örnefnaskrá. Lambhúsið var 100 metra norðaustur af bæjarhól 001 og sést á túnakorti frá árinu 1917. Þetta er í túni eða undir núverandi útihúsi sem þarna er. Líkast til lenti lambhúsið undir nýrra gripa húsi sem þarna er.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Svalbarðsstrandarhreppur, 17; SSB, 27; Túnakort 1917

SP-007:006 *Hornhús* heimild um fjárhús 65°43.282'N 18°04.398'V

“Í suðausturhorni túns voru Hornhús, ...” segir í Svalbarðsstrandarbók. “Upp frá bænum ofan við lækinn var en hóll, á honum voru hús kölluð Lambhús en síðar voru kýr hýstar þar á sumrum og þá kölluð Kýrhús syðst á þessum hól voru Hornhús.” Segir í örnefnaskrá. Hornhúsin voru 145 metra suðaustur af 001, 170 metra austur af Litlu-Sigluvík, 004, og sést á túnakorti frá árinu 1917. Í alsléttu túni. Að sögn Báru Sævaldsdóttur heimildarmanns voru þetta fjárhús.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:SSB, 27; Túnakort 1917

SP-007:007 *Hólshús* heimild um fjárhús 65°43.438'N 18°04.620'V

“Nyrzt í túninu er Hólshúshóll. Vestan í honum er Hólshúsklöpp. Hóllinn var talinn kýrfóðurs tún, en þótti jafnan harðslægur. Á honum voru fjárhús, ærhús austan hlöðu fyrir 40 ær, en sauðhús vestan hlöðu fyrir 30 sauði,” segir í Svalbarðsstrandarbók. “Norðast í túninu er Hólshúshóll. Vestast á honum er svo Hólshúsklöpp. Hólshúshólnum hallar mót suðri og var kallað kýrfóðurstún, en spretta var ærið misgjörn og harðslægur þótti hann í þurrviðrum. Fjárhús voru á hólum kölluð Hólshús. Voru þar ærhús austan hlöðu og sauðahús vestan hlöðu,” segir í örnefnaskrá. Útihúsið sést á túnakorti frá 1917 og var það þá nálægt 200 metra norður af bæjarhól 001, 120 metra suður af 010. Í æsku Báru Sigvaldadóttur voru húsin notuð sem hesthús. Í sléttu túni Engar minjar sjást í túninu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Svalbarðsstrandarhreppur, 16; SSB, 25.; Túnakort 1917

SP-007:008 *Sigluvíkurstekkur* heimild um býli 65°43.471'N 18°03.971'V

1712: “Sigluvíkurstekkur heitir landpláss upp frá jörðinni, þar hefur áður verið stekkur frá Sigluvík. Þar eru girðinga og tófta leifar, og ætla flestir, að þetta sje fornt eyðiból,” segir í Jarðabók Árna og Páls “Suður frá borginni [Seldalsborg, norðanvert í Kvíamýri] er hall, er kallast Stekkjarhall suður að Bæjarlæk. Ofan við Stekkjarhall er Stekkjarmór og Stekkur. Stekkjarmórinn er gamalt tún, sást glöggt fyrir tungarði umhverfis það, þá sáuð þar grónar tóttir á þrem stöðum. Hefur verið búið hér, líklega fyrir 1600. ... suður frá Stekknum er Stekkjarás,” segir í Svalbarðsstrandarbók. “... þar upp af er Stekkjarmór og efst í honum er Sigluvíkurstekkur. Þar er talið að búið hafi verið fyrir á öldum. Þar sést fyrir tungarði kringum móinn og tóttir af tvennum peningahúsum. En bæjarstæði líklega þar sem stekkjartóftir voru. Norður frá Stekkjarmó er Seldalur en suður Stekkjarás,” segir í örnefnaskrá. Báru Sævaldsdóttir kannaðist ekki við Sigluvíkurstekk. Sléttu tún.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Svalbarðsstrandarhreppur, 18; JÁM XI, 9; SSB, 28-29.

SP-007:009 heimild um mógrafir 65°43.422'N 18°04.295'V

“Nú liggur vegur yfir Hádegisborg. Austanvert við Hádegisborg er mýrarsund er kallast Svarðarsund. Þar voru gamlar mógrafir,” segir í örnefnaskrá. Staðurinn er um 240 metra norðaustur af bæjarhól 001, 260 metra VSV af Sigluvíkurstekk, 008, og um 3 metra austur af þjóðvegi nr. 1. Í vegakanti, öllu hefur verið umbylt. Engin merki sjást um mógrafir, vegagerðin, ræsi tengd veginum og aðrar framkvæmdir á svæðinu hafa þurrkað mýrina upp.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Svalbarðsstrandarhreppur, 18

SP-007:010 heimild um 65°43.503'N 18°04.629'V

“Norðan við húsin [007] voru fornar hústóttir,” segir í Svalbarðsstrandarbók. “Þó voru húsatóttir norðan Hólshúss, frá fyrri hluta 19. aldar,” segir í örnefnaskrá. Heimildamaður kannaðist ekki við

þessa frásögn. Norðan við Hólshús er slétt tún, en smá hæð er á þessu svæði og er ekki er ólíklegt að hús hafi staðið þar. Hóllinn er alveg sléttaður og engar minjar sjáanlegar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:SSB, 25.; Ö-Svalbarðsstrandarhreppur, 16

SB-007:011 heimild um túngarð

65°43.491N 18°04.597V

“Austan húsanna [Hólshúsa 007] var lægð, vestan til eftir henni var gamall túngarður, ...” segir í Svalbarðsstrandarbók. “Forn vörslugarður lá umhverfis allt túnið og sá vel fyrir honum fram yfir aldamót, þó nú sé hann horfinn með öllu. Garður þessi lá í sveig sunnan og austanvert við Hornhúsið [006], til norðurs stefnu um hlöðu á Lambhúsinu [005], norður að læk, þá niður að læknum og yfir tunguna er myndast þar sem Kvíalækurinn [030] og Bæjarlækurinn sameinast, vestur að Ærhúsinu [003] þá um 3-4 faðma ofan við hólbrún og niður brekkuna og niður um 10 faðma austan við Hólshús. Þá í sveig nyrst á Hólshúshólnum [007] og suður um 15 faðma austan við Hólshúsklöpp, þá vestur norðanverðan Moldhól og suður neðanvert við hann yfir Leyninginn, þá suður og upp við sáðgarðinn og yfir gilið neðarlega upp að Kotshól [004] suður móts við Hornhús, þá stefnu sunnanvert við Hornhús,” segir í örnefnaskrá. Lægðin austan Hólshúsa er mjög greinileg ennþá og eftir henni liggur vegslóði. Engin túngarður er hins vegar sýnilegur þar né annarsstaðar umhverfis túnið. Á þessu svæði hefur landslagið verið sléttað, þó lægðin hafi haldið sér. Sléttar grundir báðum megin lægðarinnar og engin túngarður sjáanlegur. Allt túnið umhverfis Sigluvík hefur verið sléttað og hvergi sést til túngarðs. Mörk túns árið 1917 passa víða enn við mörk milli túnparta sumarið 2004 en á þessum mörkum eru nú komnir skurðir í stað túngarða.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Svalbarðsstrandarhreppur, 16; SSB, 25.


SB-007:012 laug sundlaug

65°43.485N 18°04.541V

“Austan húsanna [007] var lægð, vestan til eftir henni var gamall túngarður, en austan hans hafði Sigluvíkur-Jónas sundpoll sinn. Leiddi hann vatn í hann úr Kvíalæknum [030]. Með því að hlaða lítinn garðstubb sunnan lautarinnar, fékk hann þarna allstóran sundpoll,” segir í Svalbarðsstrandarbók. “Austan við Hólshús dró í lægð mikla, norður um hana miðja lá gamli túngarðurinn og hafði þá vatn í austurhluta lægðarinnar ekki framrás. Veitti Sigluvíkur-Jónas Kvíalæknum út og niður í lautina og fékk þar allstóran sundpoll ... Ekki þótti þetta bæta túnið og reiðgötturnar [015],” segir í örnefnaskrá. Enginn lækur er nú á þessum slóðum, allt komið í vélgraffinn skurð og ræst fram. Heimildarmaður kannaðist ekki við sundpollinn. Samkvæmt lýsingu hefur hann líkast til verið um það bil 50 metra austur af túngarðinum 011. Í sléttu túni.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Svalbarðsstrandarhreppur, 17; SSB, 25.



SB-007:014, Selhvammur

SB-007:013 Álfasteinn heimild um huldufólksbústað

65°43.471N 18°04.510V

“Austan við sundpollinn [012] er allhár melhryggur til suðurs, er hann grasi gróinn sunnan til. Að vestan er hann hár og brattur. Í þeirri brekku er Álfasteinn. Hefir graslag sigið þar á litlum parti, svo að sér í klöppina, sem er þar undir þunnu jarðlagi í hólnum. Þar léku börn sér oft á þrepinu við steininn og töldu það vera dyr að álfabústað,” segir í Svalbarðsstrandarbók. Austur af túngarði, 011, og sundpolli, 012, er grýttur melhryggur. Þar eru nokkrir steinar og ekki ljóst hver þeirra var Álfasteinninn. Melhryggurinn er nokkuð grýttur.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:SSB, 25-26.

SB-007:014 tóft sel

65°43.003N 18°02.465°V

“Ofan Ásadalsbrekku og Ásadalsbrúnar er Ásadalur, mjótt mýrarsund. Austan hans er Selbarð, ... Beitarhúsaflói er mýrin norður úr Ásadal. Háamýri er ofan Selbarð. Háimelur er í Selbarði

á merkjum við Geldingsá. Á Háumýrum var sel frá Siglúvík. Hefir selið staðið í hvammi við Geldingsána. Voru þar tóttir, er fóru allar í uppfyllingu að Geldingsárbrúnni. Vegurinn liggur yfir öskuhaug frá selinu. Kvíar munu hafa verið norðar með brekkunni. Garður var kringum stórt seltún. Lá garður norður með brekkunum, fór mest af honum í veginn. Þá lá hann vestur mýrina, niður á ásendann, suður Selbarðið að merkjum, þá austur holtin á merkjum heim að selinu,” segir í Svalbarðsstrandarbók. Hvammurinn er fast austan við gamla veginn yfir Vaðlaheiðina um leið og komið er yfir brúna við Geldingsá. Selið var 1,7 km suðaustur af bæjarhól 001. Grösugur, djúpur hvammur. Erfitt er að lýsa minjunum því þær hafa skemmst mikið af vegaframkvæmdum. Þó eru smávegis tóftarleifar greinanlegar. Hvammurinn er um það bil 15x6 metrar og liggur við norðurbakka Geldingsárinnar. Austast í hvamminum, lengst frá veginum, eru greinilegustu tóftaleifarnar. Þar er bakkinn á hvamminum um það bil 1 metra hár en engar hleðslur eru sjáanlegar í honum. Meðfram ánni liggur 1,5 m langur veggstubbur og er stór steinn vestan hans. Þetta hól er lítið um það bil 2x1 m að innanmáli. Í vestur meðfram norðurbrún hvammsins er greinilegt grjót sem liggur í beina línu 11-12 metra til vesturs, þótt langt sé á milli steinanna. Þetta gætu verið leifar eftir garðinn sem var við selið. Einnig er hleðslugrjót í vesturenda hvammsins, fast upp við veginn, 5 metra til suðurs að lækjarbrúnni. Inni í hvamminum er hringhlaga grjóthlaðið eldstæði, um 1,5 m x 1,5 m, en það er fullt af ösku og virðist nýlegt. Gengið var umverfis hvamminn, nokkuð langt upp fyrir (austur) og til norðurs en engar frekari minjar sást á þessu svæði, engar kvíar og ekki neinar leifar garðsins.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:SSB, 29.



SB-007:014, Selhvammur
horft til suðausturs

SB-007:015 heimild um leið

65°43.391N 18°04.588V

“Neðan við Ærhúshólinn [003], en sunnan Hólshúshólsins [007] dró í lægð. Hún var raklend, og meðan sundpollurinn [012] var við lýði, var hún varla hestheld, enda var hún stundum kölluð Hólshúsmýri. Var þar breið spilda þétt sett götutroðningum, var talið að þar sæist fyrir 28 götum,” segir í Svalbarðsstrandarbók. “Eftir endilöngu túni lágu reiðgötur. Þær tróðust fljótt væri jörð var gljúp. En þá var ekki annar vandi en að troða aðra götu meðfram þeirri fyrri. Varð þannig mikið af túninu grónir götubakkar. Sunnanvert við Hólshúshól og upp að brekku voru um 25 götur teljanlegar. Þó var suðurtúnið enn ver farið neðan frá Kotshól og að Hornhúsi, þar skiptust líka vegir,” segir í örnefnaskrá. Göturnar sjást ekki lengur því á þessu svæði er slétt tún. Slétt tún Sennilegast að alfaleiðin um sveitina hafi legið um túnfótinn í Siglúvík, og norður að Svalbarði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:SSB, 26; Ö-Svalbarðsstrandarhreppur, 16

SB-007:016 heimild um hesthús

65°43.499N 18°09.677V

“Suður af vesturenda Hólshúshóls [007] var Moshóll. Nyrzt á honum var hesthústótt um aldamótin [1900],” segir í Svalbarðsstrandarbók. “Moshóll er niður frá bænum neðst í túni. Norðast í honum í bugðu við túngarðinn [012] var hesthústóft ...” segir í örnefnaskrá. Heimildarmaður kannast ekki við þessa tóft. Slétt tún.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Svalbarðsstrandarhreppur, 17, SSB, 26.

SB-007:017 öskuhaugur

65°43.313N 18°04.574V

“... tveir hólar næst bænum voru grónir öskuhaugar,” segir í Svalbarðsstrandarbók. Allt umhverfi bæjarhólsins, 001, er annaðhvort undir húsi, hlaði eða slétt tún og því hljóta öll ummerki um öskuhauginn að vera horfinn. Sennilega í sléttu túni.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:SSB, 26.

SB-007:018 Stekkjartættur heimild um stekk

65°42.911N 18°04.161V

“Suður við merki eru Dældir ytri og Dældir syðri. Eftir syðri Dæld rennur Merkjálækur um tvo Hvamma í báðum þeim hvömmum eru Stekkjartættur.” Merkjálækur er sunnan við afleggjara að

Heiðarbæ. Þar sjást nú engir greinilegir hvammar, enda hafa tún verið sléttuð allt að læknum. Engar tóftir fundust sem passa við lýsinguna. Á þessu svæði eru nú sléttuð tún.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Svalbarðsstrandarhreppur, 18

SB-007:019 heimild um stekk 65°42.911N 18°04.161V

“Suður við merki eru Dældir ytri og Dældir syðri. Eftir syðri Dæld rennur Merkjälækur um tvo Hvamma í báðum þeim hvömmum eru Stekkjartættur.” Merkjälækur er sunnan við afleggjara að Heiðarbæ. Þar sjást nú engir greinilegir hvammar, enda hafa tún verið sléttuð allt að læknum. Engar tóftir fundust sem passa við lýsinguna á 018 og 019. Á þessu svæði eru nú sléttuð tún

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Svalbarðsstrandarhreppur, 18

SB-007:020 heimild um hesthús 65°43.260N 18°04.515V

“Suður frá bænum við túngarð [011] fyrrum hesthús,” segir í örnefnaskrá. Engin heimildarmanna kannaðist við þetta hús og hlýtur það að vera komið í tún. Það gæti hafa verið um það bil 150 metra suður af bæjarhól, 001. Í túni

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Svalbarðsstrandarhreppur, 18°

SB-007:021 heimild um beitarhús 65°43.264N 18°02.831V

“Upp frá Stekkjarásendanum [008.] er Einbúi, einstök lítil klöpp. Þá er Beitarhúsamýri. Ofan hennar er syðsta Ásadalsbrekka upp að Ásadal. Þá er Geirinn norðan Ásadalsbrekku og þá Beitarhúsahjalli. Á honum voru Beitarhús við Beitarhúsaklöpp. Var síðast haft fé í þeim húsum veturinn 1901-1902. ... Þar voru tvö samstæð hús og hlaða,” segir í Svalbarðsstrandarbók. “Beitarhúsahjalli er frá Sandgili að Geira í sunnanverði landi. Beitarhúsamýri er neðan við hann, en Beitarhúsaflóir ofan hans. Beitarhúsaklöpp er klapparstrýta upp úr hjallanum, norðanvert við hana voru beitarhús, tvö hliðstæð fjárhús og hlaða. Á þau beitarhús var síðast gengið veturinn 1901-2. Hét beitarhúsamaður sá Ólafur Jónsson og var 68 ára að aldri. Má víst telja hann síðasta beitarhúsamann hér í sveit,” segir í örnefnaskrá. Þessi hús voru ofan við Lönguklöpp, 1,3 km ASA af bæjarhólnum 001. Mjög þýfður mói. Samkvæmt heimildamanni eiga að vera tóftir á þessu svæði en þær fundust ekki þrátt fyrir mjög ítarlega leit sumarið 2004, enda allt á kafi í grasi.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:SSB, 29; Ö-Svalbarðsstrandarhreppur, 19

SB-007:022 *Sigluvíkurklappir* heimild um lendingu 65°43.248N 18°04.798V

“Sigluvíkurklappir eru norðan vikurinnar, er uppsátur jarðarinnar var í. Þröngt uppsátur hefir þar verið, er fjórir bátar eða fleiri voru þar settir. Sjálfsagt hefur enginn sjóbúð verið hér í vikinni á þeim tímum, heldur norðan lækjar, út á bakkanum [023],” segir í Svalbarðsstrandarbók. “Bæjarlækurinn fellur í sjó í lítill vík. Á þessu svæði var bátauppsátur og sjóbúð er stóð fram yfir aldamót. Á bakkanum norðan lækjar voru grónar tóttir [023]. Líklega frá tímum Árna “ríka”, er bjó hér 1752-89 og hafði mikið útræði héðan,” segir í örnefnaskrá. Víkin sjálf er frekar lítil en þar kemur bæjarlækurinn niður hallann og breiðir úr sér yfir fjöruna. Lendingin hefur verið rúma 250 metra suðvestur af 001. Fjaran er grýtt og um 5 metra breið. Ekki er ljóst hvar lendingin hefur verið og ekki sjást merki um rudda vör. Á þessu svæði stoppaði mjólkurbáturinn sem flutti mjólkina til Akureyrar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:SSB, 27; Ö-Svalbarðsstrandarhreppur, 18

SB-007:023 heimild um sjóbúð 65°43.275N 18°04.831V

“Sigluvíkurklappir eru norðan vikurinnar, er uppsátur jarðarinnar var í. Þröngt uppsátur hefir þar verið, er fjórir bátar eða fleiri voru þar settir. Sjálfsagt hefur enginn sjóbúð verið hér í vikinni á þeim tímum, hendur norðan lækjar, út á bakkanum. Þar voru þrjár búðatóttir. Lending hér var sáemileg í norðanátt, en þó var heldur útgrunn fjara,” segir í Svalbarðsstrandarbók. “Á bakkanum norðan lækjar voru grónar tóttir. Líklega frá tímum Árna “ríka” sem bjó hér 1752-89 og hafði mikið útræði héðan,” segir í örnefnaskrá. Norðan við lendinguna nær túnið nær alveg vestur að háum bakka sem er mjög brattur niður í sjó. Engar tóftir eru sjáanlegar á þessu svæði en víðast við fjöruna á ströndinni er mikill gróður og erfitt að sjá leifar tófta. Brött og gróin hlið liggur frá túni og beint niður í fjöru. Þar nær gróðurinn víða vel yfir 1 metra. Engin leið að greina ógreinilegar tóftir þótt þær leyndust við svörðinn sökum sinugróðurs.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:SSB, 27; Ö-Svalbarðsstrandarhreppur, 18

SP-007:024 *Hádegisvarða* heimild um eyktamark 65°43.223N 18°04.357V

“Klappabrún er suður frá borginni. Nyrzt á henni var Hádegisvarða, bar hana af hlaði að sjá vestanvert við háborgina,” segir í Svalbarðsstrandarbók. “Fyrir ofan hana er hjalli sem endar í hárri klapparborg suður og upp frá bænum, kölluð Hádegisborg. Þó var Hádegisvarðan ekki á sjálfri háborginni heldur á lægri klöpp sunnar og bar hana vestanvert við borgina. Nú liggur vegur yfir Hádegisborg,” segir í örnefnaskrá. Borgin heitir Hádegisborg og var varðan eyktamark suður og upp frá bænum. Vegur var lagður beint yfir borgina og varðan er horfin. Hún var um 250 metra suðaustur af bæjarhólum 001. Klöpp sem stendur upp úr grónu túni, fast við veginn. Grýtt er ofaná henni.

Hættumat: engin hætt

Heimildir:Ö-Svalbarðsstrandarhreppur, 18; SSB, 28.

SP-007:025 *Draughóll* örnefni draugur 65°42.909N 18°03.932V

“Ofan vegar var syðst Dældamýri, þar ofar er hár og brattur hjalli, nefndur Klif, út með honum var kollóttur melhóll skilinn frá Klifi með þröngu djúpu dragi. Var hann á síðari tímum nefndur Draughóll, en hefir eflaust heitið réttu nafni Draghóll, enda engar sagnir um hann, er fyrra nafnið væri dregið af. Nú stendur nýbýlið Heiðarholt á hól þessum ...,” segir í Svalbarðsstrandarbók. Hóllinn er rúma 900 metra suðaustur af bæjarhól 001. Þetta er hóllinn sem Heiðarholt var reist á og er því hluti af hólum horfinn. Undir húsi.

Hættumat: hætt, vegna ábúðar

Heimildir:SSB, 28.

SP-007:026 *Svarðarsund* heimild um mógrafir 65°43.137N 18°04.216V

“Norður frá Heiðarholti ganga tvö mýrarsund, annað út með Klifinu, Klifsund, hitt út fyrir ofan Hádegisborg, kallað Svarðarsund. Þar voru gamlar mógrafir,” segir í Svalbarðsstrandarbók. Þessar mógrafir eru nú undir þjóðvegi nr. 1, þær voru á milli Hádegisborgar og Dagmálaborgar að sögn Báru Sævaldadóttur sem tók þar sjálf upp mó. Staðurinn er um 450 metra suðaustur af 001, bæjarhólum. Undir vegi, mógrafirnar og mestur hluti mýrarinnar hvarf við vegaframkvæmdirnar.

Hættumat: engin hætt

Heimildir:SSB, 28.

SP-007:027 *Dagmálaborg* varða eyktamark 65°43.116N 18°04.047V



SP-007:027, varða, horft til norðvesturs.

“Milli þessara sunda [026] eru fyrst melar, þá klapparborg með vörðu. Var það Dagmálaborg,” segir í Svalbarðsstrandarbók. “Austan Svarðarsunds er Dagmálaborg þar er vörðubrot,” segir í örnefnaskrá. Dagmálaborg er beint austur af þjóðvegi 1, suður af Kvíaborg [028] og er ólöguleg varða efst á henni. Þetta er um 550 metra suðaustur af bæjarhól 001. Dagmálaborgin er há og grýtt að ofan en gróin í hlíðunum. Varðan er greinilega gömul, að minnsta kosti er hleðslugrjótið mosavaxið. Hún er um 1,2 m að hæð í heild en hlaðin uppi á stórum steini og er hleðslan því ekki nema 0,6-7 m að hæð. Hún er rúmlega einn metri á breidd neðst.

Hættumat: engin hætt

Heimildir:Ö-Svalbarðsstrandarhreppur, 18;

SSB, 28.

SP-007:028 *Kvíaborg* örnefni kvíar 65°43.210N 18°04.174V

“Milli þessara sunda [026] eru fyrst melar, þá klapparborg með vörðu [027]. Var það Dagmálaborg. Skammt norðaustur frá henni er Hrossaborg, mjög há að vestan. Vestur frá Hrossaborg er Kvíaborg. Þessar þrjár borgir eru umhverfis mýri, er kallast Borgasund. Norður úr Borgasundi er Reigingssund. Melurinn út frá Kvíaborg heitir Kvíamelur út að Bæjarlæk,” segir í Svalbarðsstrandarbók. Miðað við lýsingu er Kvíaborg há borg austur af þjóðvegi nr. 1, rúma 350 metra norðaustur af bæjarhól 001. Tún er umhverfis borgina, efst á henni er kargapýfi og nokkuð grjót. Engin merki eru um tóft ofan á borginni, né undir henni. Heimildamaður kannaðist ekki við nafnið.

Hættumat: engin hætta
Heimildir:SSB, 28.



SB-007:030, kvíatóft horft til norðvesturs

SB-007:029 *Kvíaból* heimild um kvíar
65°43.445N 18°04.461V

“Norðan við bæjarlæk, næst túni, var lágur melhóll, kallaður Kvíaból. Vestur í honum voru kvíatóttir,” segir í Svalbarðsstrandarbók. “Upp frá bænum er Kvíaból, gróinn melhóll, vestan í honum voru kvíarnar. Kvíagötur lágu frá Kvíastæðum hverju fyrir sig, þó skammt væri á milli lágu syðri göturnar upp Kvíahall og upp með Bæjarlæknum, en ytri göturnar upp Kvíahall og upp með Kvíalæk,” segir í örnefnaskrá. Kvíatóftirnar voru vestur af hólum en þar er nú lág sem er full af grjóti. Grjóti sem safnað var af túnunum við sléttun var safnað saman á þessu svæði. Kvíaból er um 200 metra suðaustur af bæjarhól 001. Láginn er full af grjóti og öðru drasli. Heimildamaður man eftir kvíatóftum sem voru annaðhvort hér eða við Kvíahól númer 030. Engin tóft sést á þessu svæði en samkvæmt örnefnalýsingu voru greinilega tvö kvíastæði.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Svalbarðsstrandarhreppur, 18°; SSB, 28.

SB-007:030 *Kvíahóll* tóft kvíar

65°43.552N 18°04.481V

“Norðan við hann [029] rennur Kvíalækur, norðan hans var Kvíahóll, neðan við hann voru kvíatóttir,” segir í Svalbarðsstrandarbók. “Norðan Kvíabóls er fyrst Kvíalækur, en þá Kvíahóll með berum klöppum efst. ... Kvíar voru ekki á Kvíahól, heldur neðan við hann. Kvíagötur lágu frá Kvíastæðum hverju fyrir sig, þó skammt væri á milli lágu syðri göturnar upp Kvíahall og upp með Bæjarlæknum, en ytri göturnar upp Kvíahall og upp með Kvíalæk,” segir í örnefnaskrá. Kvíalækurinn er horfinn, fluttur í skurð og svæðið þurrkað upp. Tóftin er 1 metra vestur af Kvíahólum, 400 metra norður af bæjarhól 001, 200 metra norður af Kvíabólinu 029.



Í þýfðum móa við túnjaðarinn. Tvískipt tóft 9 metra löng og 3,5 metra breið þar sem hún er breiðust. Að norðan er hún heillegust og eru veggir þar rúmlega 1 metri á þykkt. Veggjahæð er mest 0,3 metrar. Nyrðra hólfið er 5x1 metri að innanmáli. Veggurinn sem skiptir tóftinni í tvö hólfi er 0,5 metra breiður. Syðri hlið tóftarinnar er ógleggrí. Hún er mjórri, aðeins 0,5 m breið og 3 metra löng að innanmáli. Að vestanverðu er útveggurinn aðeins 1,5 metra langur en þá tekur við stór steinn sem virðist hafa verið notaður sem hluti af veggnum. Að austanverðu er veggurinn hinsvegar heill. Ekki er hægt að sjá annað en þetta hólf hafi verið U laga og opið til suðurs. Sunnan við tóftina er þúfuþyrping 2x2 m sem gætu verið leifar af annarri byggingu eða eldra byggingarstigi kvíanna.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Svalbarðsstrandarhreppur, 18°; SSB, 28.

SB-007:030, kvíatóft.


SB-007:031 *Ásdalsvegur* heimild um leið

65°43.236N 18°02.864V

“Sunnan við er Ásdalshjalli neðan Ásadals. Í Ásadal var heyjað og flutt heim eftir Ásdalsvegi var það lengsti engjavegur og erfiður. Ásdalsvegur lá um Kvíaból [029] upp Kvíahall suður yfir læk yfir Stekkjarhall, á ská upp Stekkjarás sunnan við Geirann neðanvert við Einbúa ...,” segir í örnefnaskrá. Þetta svæði frá þjóðvegi nr. 1 og upp að gamla Vaðlaheiðarveginum er tún að vestanverðu, að austan eru grónir melar og nokkrar fjárgötur greinilegar en engin gata sést á þessum slóðum og því ekki ljóst hvert þessi vegur lá. Ef til vill að selinu við Geldingsá 014.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Svalbarðsstrandarhreppur, 19



kort 7. Minjakort fyrir Breiðaból.



Breiðaból, mörk túns og útihúsa árið 1917

SP-008 Breiðaból

20 hdr. 1712, Svalbarðskirkjueign. 1390: Í afsalsbréfi fyrir Svalbarði fylgdi bæði Tunga og Breiðabólstaður. (DI III, 452-453). Árið 1461 var Breiðabólstaður metin á 20 hundruð og var þá jörðin seld kirkjunni..(DI V 299-301) 1559: Páll Jónsson semur við föður sinn og bróður um jarðirnar Svalbarð, Breiðabólstað og Tungu, ásamt Dálksstöðum og hálfri Garðsvík. (DI XIII, 414-415) 1563: Færir Jón Magnússon Sigurði syni sínum Svalbarð til eignar með Tungu og Breiðabólstað (20 hundruð hvor jörð). (DI XIV, 127-128). Bærinn Grund byggður í landi Breiðabóls niðri við sjó árið 1900, í eyði síðan 1943.

1712: “Útigangur ut supra. Torfrista og stúnga bjargleg. Móskurður hefur að fornu verið, brúkast ei. Elt er taði undan kvikfje. Fjalldrparif lítið. Grastekja lítill. Silúngaveiði í sjónum ut supra. Reki hefur ei hepnast so menn viti. Úthagarnir eru bjarglegir.” (JÁM XI, 9). 1917: Tún 3,85 ha. (2/3 sléttað) garðar 500 m². 1986: “Túnið liggur neðan frá sjávarbakka, beggja vegna þjóðveggar, upp að fjallsrótum. Neðan vegar er það nokkuð samfelld en efri hlutinn sundurskorinn af klöppum.” (BBSÞ 1086, 26.)

SP-008:001 Breiðaból bæjarhóll bústaður 65°44.049N 18°04.781V
Bæjarhóllinn var um 10 metra austur af núverandi útihúsum, 15 metra suður af heimreiðinni að gamla (steypta) húsinu á Breiðabóli. Sléttað hlað, engar leifar sjást af bæjarhólnum. Bæjaróllinn er horfinn, Hann var sléttaður eftir að Stefán Júlíusson kom á jörðina 1962. Það voru margar burstir á bænum og til er gömul ljósmynd af honum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1917

SD-008:002 heimild um rétt 65°44.084N 18°04.692V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var rétt 90 metra ASA af bæjarhóll 001 á sama stað og leikvöllur barna, 007. Vélsléttadur, gróinn hóll. Þegar Stefán sléttaði úr hólnum rakst hann ekki á neinar hleðslur. Hann telur að réttin hafi verið úr timbri.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1917

SD-008:003 heimild um útihús 65°44.027N 18°04.857V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús 15 metra suðvestur af bæjarhól 001 og 65° metra suðaustur af fjárhúsi 004. Húsið hefur verið þar sem gamla steypa húsið á Breiðabóli er, en það var byggt árið 1925. Undir húsi.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1917.

SD-008:004 heimild um fjárhús 65°44.054N 18°04.913V
75 metra norðvestur af bæjarhólnum 001 og 60 metra NNA af 009 var fjárhús (lambhús) samkvæmt túnakorti frá 1917. Á þessu svæði var síðar kartöflugarður og því voru allar húsaleifar plægðar í burtu. Þó sést dálítið grjót í túninu. Sléttað tún. Þegar Stefán kom að Breiðabóli árið 1962 voru á þessu svæði mjög hrörlegir torfkofar og sléttaði hann þá út.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1917

SD-008:005 heimild um fjárhús 65°44 073N 18°04 775V
Fjárhús var 30 metra norðaustur af bæjarhólnum 001, það er nú undir heimreiðinni. Það sést á túnakorti frá 1917. Undir vegi. Sléttað tún beggja megin vegar. Húsið var fjárhús með timburþili að framan og var hlaða aftan við húsið. Þegar Stefán Júlíusson flutti að Breiðabóli árið 1962 var húsið orðið lélegt. Það var vart fjárhelt þá og notaði Stefán það aðeins í eitt ár.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1917

SD-008:006 heimild um útihús 65°44.018°N 18°04.714V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús 65° metra suðaustur af bæjarhól 001. Stefán Júlíusson man eftir miklu grjóti þar þegar túnið var sléttað. Sléttað tún.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1917

SD-008:007 heimild um leikvöll 65°44.081N 18°04.700V
“Austan við bæinn, efst í gamla túninu, er aflangur hóll með klapparhornum efst. Var hann kallaður Hóll. Þurrt var þar og skjól við klappirnar. Var þar aðalleikvöllur barna,” segir í Svalbarðsstrandarbók Staðurinn er 80-90 metra norðaustur af bæjarhól 001. Hóllinn er nyrst á hæð sem liggur suður-norður. Hæðin er gróin að vestanverðu. Stefán Júlíusson sléttaði allan hólinn sem var mikið hærri að norðanverðu en hann er nú. Heimreiðin að Breiðabóli liggur austan í hólnum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:SSB, 33

SD-008:008 heimild um mógrafir 65°43.757N 18°04.464V
Mógrafir voru sunnan við bæ, tæpa 600 metra SSA af bæjarhól 001. Í túni. Stefán Júlíusson sléttaði mógrafirnar og fyllti upp í þær.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SD-008:009 lind brunnur 65°44.016N 18°04.922V
166 metra austur af af útihúsi 006 og 55 metra suður af fjárhúsi 004 var lind og brunnur. Í plægðu, sléttuðu túni. Þar sem brunnurinn var seiltar upp vatn en fyllt hefur verið upp í hann.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1917

SD-008:010 gata leið 65°44.049N 18°04.781V
“Túnið var reikent og þýft, enda mest af því troðið af reiðgötum,” segir í Svalbarðsstrandarbók Stefán Júlíusson heimildarmaður kannast ekki við þessar götur, sennilega sömu göturnar og lágu norður túnið

á Siglúvík, SP-007:015 Sléttað tún

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:SSB, 33.


SP-008:011 heimild um lendingu

65°43.972N 18°04.961V

“Merkjaborg er á merkjum við Siglúvík, en Merkjavík það niður frá. Norðan við Merkjaborg er Breiðabólsgrof, um hana fellur Sandskarðslækur til sjávar í Grófarvík. Norðan lækjar eru flatir bakkar, allbreiðir um sig. Kallast það Breiðabólshes. Framan á nesinu er Langavík. Norðan á nesinu er uppsátur. Var sjóbúð [018] þar á bakkanum,” segir í Svalbarðsstrandarbók. Lendingin var í grýttri fjörunni 200 metrum ASA af bæjarhól 001. Grýtt fjara. Gróin brött brekka upp af fjörunni.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:SSB, 33.



Túnakort af Grund frá árinu 1917

SP-008:012 Grund bæjarstæði býli

65°44.234N 18°04.875V

“Grundarklöpp er aðskilin frá Sjávarborg [norðan túns] með grunnu sundi. Norðanvert við norðurhorn Grundarklappar var býlið Grund, byggt um aldamót. Var búið í þar til 1943. Hefir nú verið með öllu sléttað yfir það,” segir í Svalbarðsstrandarbók. “Grund, þar stóð samnefnt býli frá 1901-1946,” segir í örnefnaskrá. Grund var um 350 metra NNV af bæjarhól 001. Þar er nú vélsléttaður kartöflugarður.

Til er túnakort af Grund, þar er túnið 1,81 ha., allt sléttað, garðar 300 m²., bæjarhóll og eitt útihús beint austur af bænum. Þegar Stefán flutti í Breiðaból var búið að safna saman og

brenna öllu lausu timbri og munum og síðan var hóllinn sléttaður.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:SSB, 33, Ö-Svalbarðsstrandarhreppur, 21; Túnakort 1918°

SP-008:013 Svarðarlág heimild um mógrafir

65°44.083N 18°04.425V

“Svarðarhóll er há borg út og upp frá bænum og Svarðarmelur þar norður, melhryggur. Þar var þurrkaður mór. Mógrafir voru austan vegarins þar á móti,” segir í Svalbarðsstrandarbók. “Svarðarmelur þurrkvöllur. Við þjóðveginn mótekja (svarðar) var í mýrum austan og vestan við melinn. Þar eru miðmörk sveitarinnar. Svarðarlág er austan við veginn.” Segir í örnefnaskrá. Stefán Júlíusson heimildamaður kannast ekki við þetta nafn og ekki er ljóst hvar Svarðarhóll var. Svæðið sem þjóðvegur 1 liggur nú um var mikið mógrafasvæði og hnit tekið austur af þjóðveginum 270 metra norðaustur af bæjarhól 001. Sléttað tún.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:SSB, 33-34; Ö-Svalbarðsstrandarhreppur, 21

SP-008:014 Gamlistekkur heimild um stekk

65°43.847N 18°04.414V

“Suður og upp frá bænum er Stórahall, neðanvert við veginn. Þar er hár melhóll. Sunnan í honum var Gamlistekkur,” segir í Svalbarðsstrandarbók. Á Stórahalli er nú mikil skógrækt og er mikið kargabýfi sunnan í hallinu og engan stekk að sjá. Heimildamaður mundi ekki eftir stekkjartóft á þessum slóðum. Gamlistekkur hefur verið hér um bil 440 metra suðaustur af bæjarhól 001, 20 metra vestur af þjóðvegi 1. Inní skógræktarhólfi. Stekkurinn gæti leynst inn um kargabýfið þó ekki hafi tekist að koma auga á hann sumarið 2004.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

Heimildir:SSB, 34.

SP-008:015 Kollóttihóll heimild um sel

65°43.906N 18°04.328V

“Þar á móti [Gamlastekk 014], ofan vegarins var Kollóttihóll. Þar voru tóttarbrót,” segir í Svalbarðsstrandarbók. “Lækjardalur takmarkast af hálfhringmynduðum melum að norðan en Lækjardalsholti að sunnan, nær vestur að vegi og Kollóttahól upp að Stórahalli. Á hólnum voru tóttarbrót, ef til vill sel. Hóllinn var að miklu leiti tekinn í veginn. ... Um 430 metra suðaustur frá 001 er hár kollóttur hóll beint upp af 014. Þar eru engar tóftir en nokkuð af grjóti er uppi á hólnum. Það er

engin mynd að grjótinu og ef til vill er þetta bara lausagrjót af túnunum í kringum hólinn. Kringlóttur gróinn hól sem rís upp úr sléttuðu túni, grafnir hafa verið skurðir í kringum hólinn til þurrkunar. Tóftarbrotin hafa horfið í sléttun.

Hættumat: engin hættu

Heimildir:SSB, 34; Ö-Svalbarðsstrandarhreppur, 21-22

SB-008:016 *Breiðabólssstekkur* heimild um stekk 65°44.945N 18°03.976V

“Austur af Rauðamel er Breiðabólssstekkur. Þar hefir til forna verið sel, eins og örnefni benda til. Sést glöggt fyrir garðlagi þar um kring. Norðan við Stekk er Stekkjarflói, er nær út að Hækingslæk. Stekkjarhall er næst upp frá stekknunum, þar er Selklöpp, há klapparstrýta, og Selbollar, tveir vallgrónir bollar neðst í Skíðahjalla. Austur úr Lækjardal er Sellág, upp að Helli, sem er skúti í klöpp norðan við Kjóamýri,” segir í Svalbarðsstrandarbók. “Stekkur er austur af Rauðamel. Vestan hans liggur samgirðing sveitarinnar, sem lögð var í félagi bændanna árið 1909. Breiðabólshliðið er vestan við Stekkinn. Nokkur rækt er í Stekkjarhólunum og umhverfis stekkin rennur niður Stekkjarlækur en hann kemur ofan úr Selbolla er síðar getur. Norður frá Stekk að merkjum er svo Stekkjarflói,” segir í örnefnaskrá. Þetta svæði er rúma 600 metra austur af bæjarhólunum 001. Sléttað tún er sunnan við hólinn. Lækur rann beggja megin hólins áður en svæðið var vélsléttað. Farið var um alls svæðið og tófta leitað en á þessu svæði hefur öllu verið umbylt og sléttað.

Hættumat: engin hættu

Heimildir:SSB, 34; Ö-Svalbarðsstrandarhreppur, 21

SB-008:017 *Þórönnustekkur* heimild um stekk 65°44.059N 18°04.256V

“Efrhall er svo upp af vegamótum heimreiðar og þjóðvegur. Stallhall út og upp af Efrhalli. Það er með bogadregnum stalli að sunnan og vestan. Þórönnusund austur af stallhalli. Nefnt eftir konu. Þórönnustekkur í norðvesturhorni sundsins,” segir í örnefnaskrá. Þórönnustekkur var um 400 metra austur af bæjarhól 001. Í sléttuðu túni undir heyrudda. Heimildarmaður telur sig muna eftir tóftum á þessu svæði undir heyruddanum, en var ekki viss um hvort þær hefðu verið sléttaðar.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Svalbarðsstrandarhreppur, 21

SB-008:018 heimild um sjóbúð 65°43.972N 18°04.961V

“Merkjaborg er á merkjum við Sigluvík, en Merkjavík það niður frá. Norðan við Merkjaborg er Breiðabólsgrof, um hana fellur Sandskarðslækur til sjávar í Grófarvík. Norðan lækjar eru flatir bakkar, allbreiðir um sig. Kallast það Breiðabólssnes. Framan á nesinu er Langavík. Norðan á nesinu er uppsátur. Var sjóbúð þar á bakkanum,” Segir í Svalbarðsstrandarbók. Lendingin var í f grýtttri fjörunni 200 metrum ASA af 001. Heimildamaður kannast ekki við tóft af sjóbúð né af uppsátri.

Hættumat: engin hættu


Heimildir:SSB, 33.

SB-008:019 varða 65°44.063N 18°04.154V

“Efrhall er svo upp af vegamótum heimreiðar og þjóðvegur. Stallhall út og upp af Efrhalli. Það er með bogadregnum stalli að sunnan og vestan. Þórönnusund austur af stallhalli. Nefnt eftir konu. Þórönnustekkur í norðvesturhorni sundsins. Rauðimelur er austan við Þórönnusund.” segir í örnefnaskrá. Á Rauðamel er varða, 1 metra há. 480 metra austur af 001. Rauðimelur er ekki mjög rauður, lágur hól inn á milli túna. Grýttur í toppinn en annars mjög gróinn. Lítil varða, upp á háhólunum, aðeins 1 metri á hæð og nálægt 1 metri á breidd.

Hættumat: engin hættu

Heimildir:Ö-Svalbarðsstrandarhreppur, 21



Svalbarð, mörk túns og útihúsa árið 1917

SP-009 Svalbarð

100 hdr. 1712, kirkjustaður. Byggð af Héðni Þorbjarnarsyni, sonarsyni Skaga Skiptasonar landnámsmanns. Í Ljósvetningasögu er sagt frá Þorvarði lækni sem bjó að Svalbarði. (ÍF X, 81-82). Í Ljósvetningasögu segir frá Þorvarði lækni sem bjó að Svalbarði. (ÍF X, 81-2) Í málþaga kirkjunnar frá 1318 segir: “Þar er prestskýld. tekur hann heima j leýgu. iiij. merckur. half[a] fimtu morck vtan gardz af. ix. Bæium heýtollur og lýsitollur” (DI II 448-449) 23.8.1390: Jtem gaf [kaupandi seljanda] halfuan þridia tog hundrada med þeim fridlæika sem Registrum kirkiunnar at sualbarðe wattar at hun æighi. þar med geck [kaupandi] j borgan wm þau þrettan kugillde sem magnus brandzson gaf j sitt testamentum med þeim skildaga at sa skilte æfuinlega halda sem sualbard ætte. ... Jtem sagde [seljandi] til prestz skyldar oc biskups gistingar annat huert ar a sualbarðe. s agde hun oc at sualbard atte eingi tæiga jnn a eyafiardarbockum en næittaðe at hun visse nockurar jtolor fleire en aðr eru taldar” Fylgdu bæði Breiðaból og Tunga með jörðunni. (DI III 452-453) 1391: “[nýr eigandi Svalbarðs gefur fyrri eiganda] halfan þridia tug hundrada med þeim skilmala. ad hann skyldi luka kirkiunni a Sualbardi þenn halfan þridia taug hundrada. oc [fyrri eigandi] var kirkiunne skyldug i sitt godz” (DI III 454) 1394: “Jtem reyknadist j portionem ä medan Sæmundur hafdi bvid vm. vij. ar. ad auk þess er hann hafdi bætt kyrkiuna fimm hundrud voru. Þar er prestz skyld. tekur heima j leigu fiorar merkur. af Sigluviyk. iiij. merkur. af Bænhvsum. v hundrad ef til liggia wt bænhvs. þau fiogur sem

herra petur hefði til lagt. Heytollur og lysistollur af. x. Bæium.” (DI III 569-570) Varðveist hefur máldagi kirkjunnar frá árinu 1429. (DI IV 377) [1429]: [1] prestur; (DI IV 380) Í máldaga kirkjunnar frá 1431 segir: “kirkia ... non dedicata. porcio ecclesie isto anno xvij aurar. jnnan kirko sœm j fôrno registro oc suo mikít minna sœm j fyrsto visitacione er sc̃rifat. liggia her til kirkonar x bæir med tiundum oc heyttollum oc lysetollum” (DI IV 466) 21.2.1433: “sagdi biorn [Sæmundsson seljandi] til bænhvs skyllðar a gavgstavdvm” (DI IV 528) 1447: Björn Sæmundsson gaf syni sínum jörðina Svalbarð. (DI IV, 706-707). 17.8.1451: “Biorn Sæmundsson gaf Sigurde Biornssyne syne sijnum jordina tungu er liggur ä Svalbardsstrond til fullrar eignar j suo mata at adur nefndur Sigurdur skilðde suara kyrkiunne ä Svalbarde .xxc. nema offtnefndur Sigurdur villde ecki leysa til sin adur greinda jord tungu. þa skilðdi hun vera æfinlig eign kyrkiunnar ä Svalbarde” (DI V 84) Í máldaga kirkjunnar á Svalbarði frá 1461 segir “þar er prestskild, iiij merkur af siglúvík, iiij merkur af bænhúsum, v hundruð ef til liggja útbænhús þau iiij sem herra petur hafði til lagt.” Þar var Tunga og Breiðabólstaður metinn á 20 hundruð hvor. (DI V 299-301) 1461 í máldaga Laufáskirkju stendur að kirkjan eigi afrétt á Flateyjarðalsheiði, sem heiti Laufásshagi, á milli Eyvindarár og Mógils ytra “... en jtala er þar sauda rekstr fra sualbardi” (DI V, 267). 1483 Þá felur Sigurður Björnsson Steini Snorrasyni umboð yfir Svalbarði í eitt ár. (DI VI, 482). Undir lok 15. aldar kaupir Magnús Þorlesson smá saman alla jörðina að Svalbarði. (m.a. DI VII, 272). 26.3.1499: “Þad giorum vier Are Sigurdsson og Einar Einarsson godum monnum kunnugt med þessu ockar opnu brefe. ad vid hofum sied og yferlesid gamla Mældaga Svalbardskirkiu j Eyiafirde. epter oskum Magnusar bonda Thorkelssonar. so látande. ad adurnefnd kirkia “siottung j vidreka fyrer hvorre eirne jordu ä Svalbardsstrond utan under Hranä og jnn under tvilæku fyrer innan Veigastade. enn ättung j hval ef hvalur er ej skemre enn tvitugur. Svo og fieck Socke prestur þad reka jtak til Svalbardskirkiu fyrer legstad under sig og sina konu Þornyu. Brikur þær fyrer utan land sem liggia fyrer jhiedan Kieflawik med ollum Reka hvals og vida. og fiordung þadan ad klett þeim sem stendur framan ä Kialarnese. so og stod j sama mældaga ad hvor buande j takmarke kringum Svalbard. ättu epter gomlum giorninge med skylldu ad lia Svalbardsbonda mann til skipsärodra ä vor ä hans skip. enn þeir aptur ättu med frelse skiled eirn dag ä sumar fiorugogn oll ä Svalbarde hvorn þeir villdu. Og til sanns merkis hier um þrickium vid ockar jnsiglum hier under ä Svalbarde næsta dag epter Mariumessu ä fostu M cccc ix tiger og viiii är.” (DI VII, 415-16) Um 1520 fær Jón Magnússon jörðina Svalbarð í arf (DI VIII, 632, 651; IX, 121, 405-406). Varðveist hefur máldagi kirkjunnar frá 22.9.1540 (DI X 557-560) 1554 Þorsteinn Finnboason kvittar Jón Magnússon um kaup þeirra á hluta í Svalbarði fyrir Grímsstaði við Mývatn. (DI XII, 746-747) 1559: Páll Jónsson semur við föður sinn og bróður um jarðirnar Svalbarð, Breiðabólstað og Tungu, ásamt Dálksstöðum og hálfri Garðsvík. (DI XIII, 414-415) 1563: “Færir Jón Magnússon Sigurði syni sínum Svalbarð til eignar með Tungu og Breiðabólstað (20 hundruð hvor jörð). (DI XIV, 127-128).

Jörðin átti Meyjarhól, Tungu og Breiðaból. Hjáleigur í eyði 1712: Mógil (SÞ-010), Meðalheimur (SÞ-011), báðar jarðir í byggð nú ásamt Stefánsstöðum (nú í landi Tungu) og Hæking. Einnig gæti hafa verið býli að Sólheimum þar sem síðar var sel. “Svalbarðseyri var hluti af landi Svalbarðs til ársins 1932, en varð löggiltur verslunarstaður 1894.” BBSÞ 1986, 31-32. “Sumarbústaður er á landareigninni og skógrækt í kring. Ítök jarðarinnar 1712: “Skógarpart á kirkjan eður jörðin í Skógadal, þar sem Jónshöfði heitir, og er þar sæmilegur rafviðarskógur og brúkast og so til kolgjörðar átölulaust. Önnur ítök kirkjunnar finnast í máldaganum, og eru henni flest að litlu gangi og um undan gengin.” JÁM XI, 10.


1712: “Útigangur sem áður segir. Torfrista og stúnga næg. Móskurður hefur að fornu verið, brúkast ei. Elt er taði undan kvikfje. Fjalldraparif mjög lítið. Grastekja ut supra. Silúngsveiði í sjónum bæði með dráttar og lagnetjum, oft að góðu gagni og stundum lítil eftir árferði. Selveiði hefur áður verið í nótum að nokkru gagni, sú veiði er nú frá og hefur brugðist í nokkur ár. Rekavon lítil, heppnast stundum, en sjaldan til stórra gagnsmuna. Sölvafjara og sölvareki hefur áður verið að nokkru gagni, en nú engin í margt ár. ... Túninu spillir grjótsuppgangur sumstaðar. Úthagarnir eru bjarglega grösugir en mjög þrönglendir á so dýrri jörðu.” (JÁM XI, 10-11). 1917: Tún 9,47 ha. garðar 5070 m². “Svalbarð er sunnanvert á undirlendi því sem verður hér um miðja ströndina. Stendur bærinn niðri á háum bakka við sjóinn en neðan við bakkann er dálítill eyri, svalbarðseyri. Allt land jarðarinnar er grasi vafið, heiðarbrekkurnar allt til Steinsskarðs aðlíðandi og klappalausar.” (ÁFÍ 1969, 36)

SÞ-009:001 Svalbarð bæjarhóll bústaður 65°44.65'4N 18°05.017W

Húsið sem nú stendur á Svalbarði var byggt beint ofan á gamla bæjarhólinn. Kjallari er undir húsinu og því hefur bæjarhóllinn líklega allur raskast. Bæjarhóllinn er undir húsi og því allur horfinn. Sléttlent og gróðursælt er í kringum bæinn á Svalbarði. Lækur rennur stutt sunnan bæjarins.

Hættumat: hætta, vegna bygginga

Heimildir: Túnakort 1917



kort 8. Minjakort fyrir Mógil, Svalbarð, Tunga og Meðalheim.

1318: XXX. Sualbards kyrckia.

Kyrckia ad Sualbardi er helgud Jone postula.

Þetta ä hun jnnan kyrckiu. messuklädi. iiij. alltarisklädi. iij. yfirsloppur. kantara käpa. kaleykar. ij. Tiollid vm alla kyrckiu. abreydsl. kista olæst. munlaug. Glodarkier. Elldbere. krossar iij. Jons lijkneski. kluckur. v. kyrckiu læs. Jarnstykur. iij. kistill. kyrckiu kola. þionustu budkur. J Bokum. messubok per Anni circulum. ad dominicum. Lesbok tekur til ad jolafostu til paska. Aspiciens Bok frá Jolafaustu. og framm yfer jol. aunnur frá päskum og til huijta sunnu. Lesbok de sanctis a sumarid. fornar. ij. Bækur vondar. mercki. ij. ij. Biarnfell. glergluggur. j. psalltare forn. artijdashrä. fontur oc vmbunadur med. mariuskript. Glergluggur godur annar vondur. Þar er prestskýlld. tekur hann heima j leýgu. iiij. merckur. half[a] fimtu morck vtan gardz.

af. ix. Bæium heýtollur og lýsitollur.

Týund halft fiorda hundrad.

v. kugilldi. oc. v. hundrud voru. hokull ccc med Balldurskinn. psalltare godur oc Jons saga oc firtan korbækur. Brijk. paxspialld. og stykur. iij. kista læst. kantara käpa. Läga saungua kuer sæmeligtt. Máld DI II 448 449

23.8.1390: Jtem gaf [kaupandi seljanda] halfuan þridia tog hundraða med þeim fridlæika sem Registrum kirkunnar at sualbarðe wattar at hun æighi. þar med geck [kaupandi] j borgan wm þau þrettan kugillde sem magnus brandzson gaf j sitt testamentum med þeim skildaga at sa skildd æfuinlega hallda sem sualbard ætte. sagde [seljandi] at þar atti af at lukazst arliga fataekum monnum firer sal maghnusar artidar dagh hans tuitug vað. vætt matar. þrir fiordungar fiska oc lata syngia salutidir oc salumesso. taka olmosu mann ath langa fostu oc fæda fram ifuer paska viku. Jtem sagde [seljandi] til prestz skylldar oc biskups gistingar annat huert ar a sualbarðe. s

agde hun oc at sualbard atte eingi tæiga jnn a eyiafiardarbockum en næittaðe at hun visse nockurar jtolor fleire en aðr eru taldar; DI III 452 453

1391: [nýr eigandi Svalbarðs gefur fyrri eiganda] halfan þridia tug hundrada med þeim skilmala. ad hann skylldi luka kirkjunni a Sualbardi þenn halfan þridia tug hundrada. oc [fyrri eigandi] var kirkjunne skyllidug i sitt godz; DI III 454

1397: lxv. Sualbard a sualbardsstraund.

Kyrckia ad sualbardi er helgud med Gudi hinum heilaga Johanni postula.

Hun ä þetta jnnann kyrckiu. þrenn mesuklädi og skorter til handlijn. stola ovijgd. sálumessna hokull ad auk og serkur vondur. kaleykar. ij. alltarisklädi fiogur. alltarisdvkar tueyr. og ein miog glitaur. fiordi yfer Jons lijkneski. kantara käpur. ij. messustackur. kista læst og aunnur olæst. fontz vmbunadur. Glodarkier. Elldberi. munnlaug. kyrckiukietill. kyrckiukola. lijkakräkur. sálvn. jarnstykur. vj. paxspiolld. ij. Lectarar. ij. vonder. psalltarar. ij. Jons saga postula. sequentiuBækur. ij. Lagasongua kuer. Jolabok samsett. messo Bok de tempore. frá Jolafaustu og til paska. aunnur per anni circulum. nema vm jolafaustu. Lesbok de sanctis fra Vitusmesso og framann til Jola. og þar med quaterne de nouo festo. Vorbok vond. Sermones. lesskra vond. Dominicale ä sumarid. HymnaBok vond. Ordo ofull. Lesbok de sanctis og de Tempore fra Jolafaustu og til paska. Saungskrä vond omerckilig. BurtonguaBok De sanctis fra andresmesso og til paska ad song. De sanctis Bok fra Jonsmesso Baptistæ & de decollatione Johannis. Hymna Bok. messu Bok vm Langafaustu. Capitularius. sálutijdakuer. Glergluggur. speigill. kluckur. iij. og malmur nockur. krossar iij. mariu lijkneski. Jons lijkneski postula. Gudmundar lijkneski. magnus lijkneski Eyiajarlz. pungar. iij. med reliquijs. stolar. ij. þetta j lausagodzi. xiiij. kugilldi. xvj. hundrud og. xx. j. voruvirdu fie og mork. hross. iiij.

Jtem reyknadist j portionem ä medan Sæmundur hafdi bvid vm. vij. ar. ad auk þess er hann hafdi bætt kyrkiuna fimm hundrud voru.

Þar er prestz skyllid. tekur heima j leigu fiorar merkur. af Sigluviyk. iiij. merkur. af Bænhvsum. v hundrad ef til liggia wtænhvs. þau fiogur sem herra petur hefdi til lagt.

Heytollur og lysistollur af. x. Bæium.

Ecclesia non dedicata.

Tijund tali anno. kyrckiu hluti tuo hundrud. Máld DI III 569 570

1429: stenndr vidrlikt jnnan kirkju sæm sægir j fornu registro. brestr Cantarakapa oc æin dukr mior glitadr.

Jtem ij hundrot j porcionem ecclesie.

Jtem porcio ecclesie vm vij ar ær biorn sæmundzson helt hundrat aa huert aar. En et atta iij mærkr.

Ecclesia non dedicata; Máld DI IV 377

[1429]: [1] prestr; DI IV 380

1431: kirkia ... non dedicata.

porcio ecclesie isto anno xvij aurar.

jnnan kirko sœm j forno registro oc suo mikít minna sœm j fyrsto visitacione er scrífat.
 liggia her til kirkonar x bæir med tiundum oc heytollum oc lysetollum; Máld DI IV 466
 29.11.1431: Jörðin Dálkstaðir ... liggur j svalbards kirkíu sokn; DI IV 481
 6.11.1446: Jörðin Dálkstaðir ... liggr j svalbardz kirkiv sokn; DI IV 696
 17.8.1451: Biörn Sæmundsson gaf Sigurde Biörnssyne syne sijnum jordina tungu er liggur ä Svalbardsstrond til fullrar eignar j suo mata at adur nefndur Sigurdur skilðe suara kyrkiunne ä Svalbarde .xxc. nema offtnefndur Sigurdur villde ecki leysa til sin adur greinda jord tungu. þa skilði hun vera æfinlig eign kyrkiunnar ä Svalbarde; DI V 84
 1461: Máld DI V 299 301
 [1461]: 1 prestur DI V 359
 11.8.1478: Jörðin Dálkstaðir er í Svalbarðsþingum. DI VI, 148, 149
 4.4.1481: Jörðin Dálkstaðir er í Svalbarðsþingum. DI VI, 349
 26.3.1499: Þad giorum vier Are Sigurdsson og Einar Einarsson godum monnum kunnugt med þessu ockar opnu brefe. ad vid hofum sied og yferlesid gamla Mældaga Svalbardskirkíu j Eyiafirde. epter oskum Magnúsar bonda Thorkelssonar. so látande. ad adurnefnd kirkia "siottung j vidreka fyrer hvorre eirne jordu ä Svalbardsstrond utan under Hranä og jnn under tvilæku fyrer innan Veigastade. enn ättung j hval ef hvalur er ej skemre enn tvitugur. Svo og fieck Socke prestur þad reka jtak til Svalbardskirkíu fyrer legstad under sig og sina konu Þornyu. Brikur þær fyrer utan land sem liggia fyrer jhiedan Kieflawik med ollum Reka hvals og vida. og fiordung þadan ad klett þeim sem stendur framan ä Kialarnese. so og stod j sama mældaga ad hvor buande j takmarke kringum Svalbard. ättu epter gomlum giorninge med skylldu ad lia Svalbardsbonda mann til skipsärodra ä vor ä hans skip. enn þeir aptur ättu med frelse skiled eirn dag ä sumar fiorugogn oll ä Svalbarde hvorn þeir villdu. Og til sanns merkis hier um þrickium vid ockar jnsiglum hier under ä Svalbarde næsta dag epter Mariumessu ä fostu M cccc ix tiger og viiii är. DI VII, 415-16 [AM Apogr. 203 eftir afkrift staðfestri 6.5.1703 sem ä að vera eftir originalnum - sennilega falsbréf sbr. orðið 'þrykkja' sem JÐ finnst sérstaklega grunnsamlegt]
 22.9.1540: Máld DI X 557 560 [1590]: Þjsks. Bps. B, III, 2. s. 26
 27.2.1880: Glæsibæjarprestakall lagt niður og Svalbarðssókn lögð undir Laufás; (PP, 278) [lög]"Kirkja hefur verið ä Svalbarði síðan ä ofanverðri 14. öld og helguð Jóhannesi postula. Hún var bændaæign til 1947 að söfnuðurinn tók við henni. Timburkirkja var reist af Jóni Gunnlaugssyni 1846 í stað 94 ára gamallar torfkirkju. Var það fyrsta timburhús sveitarinnar. Hún var flutt til Akureyrar 1970 og stendur við Minjasafnið og er nefnd Minjasafnskirkja. Á árunum 1952-1957 var byggð vönduð kirkja úr steinsteypu. Tekur hún 150 manns í sæti. Kirkjan stendur á fögrum stað, ofar og austar en gamla kirkjan stóð," segir í Svalbarðsstrandarbók. Gamla kirkjan stóð 40 metra suðvestur af bæjarhólnum 001.
 Þar er nú slétt tún. Nokkrar grafir frá 20. öld eru í garðinum en búið að að færa til legsteinana og safna þeim saman austast í garðinum. Einnig var sléttað yfir grafirnar. 2 tré eru eftir af gamla garðinum. Engin merki sjást um kirkjugrunninn, miðað við túnakort 1917 var kirkjugarðurinn 45x20 metrar að ummáli og var kirkjan um miðjan garð að vestanverðu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917; BBSÐ 1986, 52; DI II 448 449; DI III 452 453, 454, 569-570; DI IV 377, 380, 466, 481, 696; DI V 299 301, 359; DI VI, 148, 149, 349; DI VII, 415-16; DI X 557 560; Þjsks. Bps. B, III, 2. s. 26; PP, 278

SB-009:003 heimild um býli 65°44.621N 18°05.396V
 Samkvæmt túnakort frá 1917 stóð hús niðri á Svalbarðseyrinni um 300 metra í vestur frá bæjarhólnum, 001. Líklega er þetta eitthvað af elstu býlunum á eyrinni. Á þessu svæði stendur nú hús og gróinn garður. Undir húsi
Hættumat: hætta, vegna bygginga
Heimildir: Túnakort 1917

SB-009:004 heimild um útihús 65°44.660N 18°04.968V
 40 metra austur af 001, fast við steiptan skrudgarðsvegg sem enn sér merkja fyrir var útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Í þýfðum og grónum kúamóa. Ekki sést til minja á þessum stað.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917.

SB-009:005 heimild um útihús 65°44.65°6N 18°04.936V
 Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 60 metra austur af bæjarhólnum 001. Þetta er á svæði þar sem heimreiðin beygir til vesturs, heim að bænum. Ekki sést til minja á þessum stað.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1917.

SB-009:006 heimild um útihús 65°44.662N 18°04.908V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús rúma 80 metra austur af bæjarhólnum 001. Þetta er í rennisléttu túni. Sléttað tún, vel gróið. Ekki sést til minja á þessum stað.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1917

SB-009:007 *Gunnarshús* heimild um fjárhús 65°44.631N 18°04.839V
“Uppi á túni voru Gunnarshús og Kolluhús, nefnd eftir hlöðu, er byggð var við þau, kölluð Kolla. Norður og upp frá fjárhúsum þessum var Réttarhóll,” segir í Svalbarðsstrandarbók. Samkvæmt túnakorti frá 1917 voru hús um 140 metra suðaustur af bæjarhól 001, í tungu á milli túns og lækjarins. Samkvæmt heimildarmanni voru húsin á túnakortinu nefnd Gunnarshús og Kolluhús. Blautur og grýttur mói við lækjarbakkann. Nokkuð af grjóti er á svæðinu en það gæti verið grjót sem var hreinsað af túninu, engar hleðslur eru sjáanlegar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1917; SSB, 38.

SB-009:008 “*Milli garða*” heimild um leið 65°44.545N 18°04.913V
Að sögn Sveinbergs Laxdal lá vegarslóði niður á Svalbarðsströndina á milli túna Svalbarðs og Móbergs. Sennilega hefur það verið sami vegurinn og er merktur inná túnakort frá 1917. Hann hefur legið um það bil 220 metra suður frá bæjarhólnum. Þar er nú tún.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1917

SB-009:009 *Tjaldlág* heimild um tjaldstæði 65°44.520N 18°00.909V
Bæjarmegin við þá [Hóla] ofan við brúnina er lögð sem heitir Tjaldlág þar var tjaldað við grasatínslu meðan hún var stunduð,” segir í örnefnaskrá. Steinberg Laxdal tekur þessa lýsingu eiga við lögð sem liggur beint til suðurs út frá gamla Vaðlaheiðarveginum, um það bil 1 km ANA af Hundapúfu. Láginn er lítið dalverpi sem gengur inn í Vaðlaheiðina, nokkuð gróið en uppblástur aðeins farin að segja til sín að norðanverðu við veginn.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Svalbarðsstrandarhreppur, 26

SB-009:010 heimild um 65°44.667N 18°04.964V
Á túnakorti frá 1917 eru merktar rústir tæpa 50 metra norðaustur af bæjarhól 001. Þar stendur nú hlaða og könnuðust engir heimildarmanna við rústir á þessum stað. Ekki varð heldur vart við mannvistar-eða byggingaleifar þegar hlaðan var byggð. Undir hlöðu, kringum hana að sléttað hlað.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1917.

SB-009:011 *Húsatún* heimild um 65°44.786N 18°04.819V
“Efst og nyrst í túni heitir Húsatún það nær upp að braut og norður að Valsá,” segir í örnefnaskrá. Þetta er inni kauptúninu og búið að umbylta öllu þar sem þetta tún var. Hús og götur eru komin í stað túns.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Svalbarðsstrandarhreppur, 25

SB-009:012 *Sandhús* heimild um fjárhús 65°44.567N 18°04.930V
“Syðst í túninu var kollóttur hóll, kallaður Sandhóll. Þar voru lengi 30 kindahús, kennd við hólinn, kölluð Sandhús. Er steinsteypt hús var byggt á Svalbarði, var grafið í hann eftir sandi. Nú orðið sér lítið fyrir honum,” segir í Svalbarðsstrandarbók. Guðmundur Bjarnason ábúandi á Svalbarði benti á hvar þessi hóll hefði verið, 170 metra suðaustur af bæjarhól 001. Sléttað tún.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:SSB, 38.

SB-009:013 *Hundapúfa* heimild um smalakofa 65°44.348N 18°02.195V
“Upp með Þverlæk ofan við hólana er Hundapúfa þar höfðu smalar búskap sinn í hjásetunni,” segir í örnefnaskrá. Hundapúfan er greinileg púfa sem stendur upp úr þýfðu túni, um 150 metra norður af gamla Vaðlaheiðarveginum, 400 metra ANA af Sólheimum 019. Kollótt púfa í miðju túni, grýtt í toppinn. Bjarni faðir Guðmundar, ábúanda á Svalbarði, gerði þarna tún í háheiðinni fyrir mörgum

árum en þau eru ekki lengur notuð sem slík. Þegar túnið í kringum þúfuna var sléttað var henni þyrmt. Túnin eru öll hlaupin í þúfur en engar tóftir eru eftir af búskap smalanna á staðnum og ekki ljóst af hverju ekki sést til þeirra.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Svalbarðsstrandarhreppur, 25

SB-009:014 heimild um

65°44.623N 18°04.960V

Rúma 70 metra norðaustur af bæjarhól 001 komu upp margir sléttir steinar við túsleáttun árið 2003. Ekkert slíkt grjótt var í grennd við þetta þannig að á þessu svæði hefur líkast til verið einhver bygging áður fyrr að sögn Guðmundar Bjarnasonar eiganda Svalbarðs. Í sléttu túni.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SB-009:015 Réttarhóll örnefni rétt

65°44.683N 18°04.808V


“Uppi á túni voru Gunnarshús og Kolluhús [007], nefnd eftir hlöðu, er byggð var við þau, kölluð Kolla. Norður og upp frá fjárhúsum þessum var Réttarhóll. Nú hefur kirkjan verið byggð þar,” segir í Svalbarðsstrandarbók. Kirkjan er 170 metra norðaustur af 001. Öllu var umbylt þar þegar kirkjan var byggð en enginn sem rætt var við man eftir rétt á þessum slóðum. Byggingar.

Hættumat: hætta, vegna bygginga

Heimildir:SSB, 38.

SB-009:016 Hækingur bæjarstaði býli

65°44.390N 18°03.845V




1712: “Hækingur heitir örnefni upp undir fjallinu. Þar er nú stekkur frá staðnum. Þar ætla nokkrir að byggð hafi verið í fyrndinni, þó sjest þar lítið til girðinga. Byggð mætti hjer setja, því túnstaðið er sámilegt en þó er það til stórrar rýrðar og skaða staðnum,” segir í Jarðabók Árna og Páls. “Út og upp frá Svarðarmýri [021] er stór steinn, er heitir Strýta. Ofar og norðar er Sauðaklöpp og sunnar Stekkjarklöpp. Í holtinu neðan við Stekkjarklöpp er Stekkur, en sunnar og ofar er Hækingur. Eru þar tóttarbrott á allháum hrygg; er há og brótt brekka að vestan. Þar er talið, að hafi verið búíð. Ofan við Stekkjarklöpp er Stekkjarflói; nær hann yfir þvert landið,” segir í Svalbarðsstrandarbók. “Upp af og um leið utan við Svarðarmýrina er stór klöpp, þar á miðjum mýrum sem heitir Sauðaklöpp. Ofan við Stekkjarklöpp og sunnan hennar er svo Hækingur það er gamalt býli sem 1712 er talið vera gamall stekkur,” segir í örnefnaskrá. Á allháum hrygg milli túnparta eru tóttarbrott og há brótt brekka vestan við og virðist staðsetning tóftanna passa við lýsinguna. Þær eru samt 270 metra norður aflæknum sem kallaður er Hækingaslækur og rennur sunnan við tóftina. Tóftin er 1 km norðaustur af bæjarhólnum, 001. Tóftin er á háum hrygg, vel grónum sem liggur á

SB-009:016, Hækingur

milli tveggja túna. Tóftin er vel gróin og skiptist hún í tvö nokkuð heilleg hólf sem bendir til þess að hún hafi verið notuð eftir að búsetu þar var hætt, sennilega stekkurinn sem nefndur er í jarðabók. Alls er tóftin 15x7 metrar að utanmáli ef með eru taldar hólamyndanir austan við tóftina sem líkjast því að vera hluti af eldra byggingarstigi. Hún liggur norður-suður. Að norðan er lítið hólf, 3x2 metrar að innanmáli, og eru hleðslur greinilega í norðvesturhorni hólfins, 3 umför alls. Einnig sést hleðslugrjótt í norðvesturhorninu utanverðu 2 umför alls. Hólfíð opnast á miðjum suðurveggnum inn í annað mikið stærra hólf, 8x3,5 metrar að innanmáli. Op er í því hólfu á suðurvegg út að túni og læknum enn sunnar. Í norðvesturhorni stærra hólfins eru greinilegar hleðslur sem og á suðurvegg og í opinu sem er þar. Rof er í vesturlangvegg sunnan við miðju, um 0,5 metra breitt og er sennilegra frekar yngri skemmd á tóftinni en op. Mesta hleðsluhæð er 0,5 metrar. Að norðan og austan við tóftina eru óreglulegar þúfur sem benda til þess að tóftin hafi áður verið stærri.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar


Heimildir:JÁM XI, 11; SSB, 38-39.; Ö-



SB-009:016, Hækingur, horft til norðvestus. Á myndinni sést Sveinberg Laxdal

SB-009:017 Stekkur tóft stekkur

65°44.403N 18°03.853V



SB-009:017, stekkjartóft

sem er 2x2,5 m að innanmáli. Stærri hólfið opnast til suðurs. Alls er tóftin 6x4 m að utanmáli og er mesta hleðsluhæð 0,3 m. Ekkert hleðslugrjót er sjáanlegt.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:SSB, 38-39.; Ö-Svalbarðsstrandarhreppur, 25

SB-009:018 heimild um leið

65°44.739N 18°04.847V

“Upp frá Laugamýri er Meðalheimsmór. Hann var ofan við reiðgötur er lágu norður frá Réttarhól [015] neðanvert við brekku þá, er fjárhúsin, sem nú eru, standa á,” segir í Svalbarðsstrandarbók. Þessi vegur hefur legið á svipuðum slóðum og akvegurinn liggur nú frá kirkjunni (Réttarhól) og til norðurs á aðalveginn niður að kaптúninu. Gömlu göturnar eru horfnar undir veg.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:SSB, 38.

“Út og upp frá Svarðarmýri [021] er stór steinn, er heitir Strýta. Ofar og norðar er Sauðaklöpp og sunnar Stekkjarklöpp. Í holtinu neðan við Stekkjarklöpp er Stekkur, en sunnar og ofar er Hækingur. Eru þar tóttarbrót á allháum hrygg; er há og brött brekka að vestan. Þar er talið, að hafi verið búið. Ofan við Stekkjarklöpp er Stekkjarflói; nær hann yfir þvert landið.” Segir í Svalbarðsstrandarbók. Stekkjartóftin er 25 metra norður af Hækingi 016. Tóftin liggur í lág á milli tveggja klapparhóla og er svæðið vel gróið. Staðsetningin á þessari tóft passar ekki nákvæmlega við lýsinguna á því hvar stekkurinn var en þetta er eina tóftin á svæðinu sem lýsingin átti við. Annaðhvort er þetta stekkurinn eða útihús frá Hækingi og stekkurinn þá horfinn í tún. Þessi tóft er mjög greinilega tvíhólfa, liggur norður-suður. Að norðanverðu er lítið hól 2x1 m að innanmáli og opnast það inn í stærra hól



SB-009:017, stekkjartóft horft til vesturs.



SP-009:019, Sólheimar.

“Er þá komið að fjallsbrekkum. ... Syðst er Sólheimaborg, há klapparborg. Þar er talið, að hafi verið sel frá Svalbarði, sunnan í borginni,” segir í Svalbarðsstrandarbók. LÞSD: “Sólheimasel nefnist hið forna Svalbarðssel uppi á heiðinni. Sér þar enn til tóttu, en engar eru til sagnir um byggð þar.” “Ofan við Langamelssundið er brekka sem heitir Hrísbrekkur og sunnan hennar eða syðst í henni er gamalt sel sem heitir Sólheimar, þar var býli áður fyrr um skamma hríð,” segir í örnefnaskrá. Þegar keyrt er gamla veginn yfir Vaðlaheiðina er beygt út af honum til vesturs rétt áður en uppá háheiðina er komið á afleggjara er liggur upp með möstrunum fyrir Stöð 2 sem eru uppá Sólheimaborginni. Síðan þarf að ganga eftir afleggjaranum að rótum borgarinnar og þá liggja tóftirnar sunnan í borginni, fast við veginn. Tóftirnar eru um 2 km austur frá bæjarhólnum 001. Tóftirnar eru í þýfðum og grónum hvammi á milli borgarinnar og lækjarins sem liggur rétt sunnan við tóftirnar.



SP-009:019, Sólheimar, tóftir B og C, horft til suðvesturs. Á myndinni má sjá Sveinberg Laxdal.

Minjasvæðið í heild er 35x16 metrar og eru þar að minnsta kosti 4 tóftir. Tóftunum verða gefnir bókstafir til aðgreiningar. A: Tóft A er að utanmáli alls 10x8,5 metrar, tvískipt og snýr austur-vestur. Veggir eru mjög þykkir, meira en 2 metrar sérstaklega að norðanverðu, en norðausturveggur tóftarinnar hefur verið skemmdur af götuslóða er liggur framhjá. Tóftin opnast nyrst á austurvegg. Austara hólfið er 4x3 metrar að innanmáli og er op úr því yfir í vestara hólfið sem er 3x4 metrar að innanmáli. Ekkert hleðslugrjót er sjáanlegt í tóftinni. 10 metra suður af tóft A er greinileg tóft B. Hún er alls 15x6 metrar að utanmáli og hefur skipst í 4 eða 5 hólfi. Tóftin snýr norður-suður. Hólfin mynda beina röð og hefur verið innan gengt á milli allra nema nyrsta hólfsins. Eins eru þústir 2 metra vestur af tóftinni sem gætu verið minjar en eru mjög ógreinilegar. Veggjaþykkt er um 1 metri nema á milli

tveggja nyrstu hólfa en þar er veggjaþykkt nær 2 metrum. Hleðsluhæð er mest 0,3-0,4m, ekkert grjót

sért í hleðslum. 8 metra austur af tóft B er tóft C. Hún er hringlaga með opi til austurs. Veggir eru mjög þykkir, alls 2-2,5 metrar og ekkert grjót sést í veggjum. Að utanmáli er tóftin 7x7 metrar en innanmál er nálægt 5x5 metrum. Hleðsluhæð er aðeins 0,2 metrar. 8 metra norðaustur af tóftinni eru þústir D. Þar eru mjög ógreinilegar dokkir sem eru samt það reglulegar að það virðast vera mannaverk á þeim. Þessar dokkir hafa sennilega skaddast þegar vegurinn upp að möstrunum var lagður. Dokkirnar eru tvær, og liggja norður-suður. Þær eru um það bil 5x6 metrar að utanmáli í heildinni.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir:SSB, 39; LÞSB, 68; Ö-Svalbarðsstrandarhreppur, 25

SB-009:020 laug sundlaug

65°44.948N 18°04.709V

“Nyrzt og efst í því túni [011] er samkomu- og skólahús hreppsins. Niður frá því niður með Valsánni er trjáreitur skólans. Neðst í trjáreit þessum var byggður sundpollur,” segir í Svalbarðsstrandarbók. Trjáreiturinn er enn sjáanlegur, fast sunnan í veginum niður í kaптúnið en engin sundlaug sjáanleg lengur. Þetta er nálægt 600 metrum norðaustur af 001. Vegur liggur austan undir trjáreitnum, á þessu svæði er búið að umbylta öllu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:SSB, 38.

SB-009:021 Svarðarmýri heimild um mógrafir

65°44.619N 18°09.233V

“Ofan Strandvegur er fyrst Keldusund og ofanvert við það Kelduhóll. Þar suður af er Svarðarmýri og neðan hennar, Svarðarmelur, þurrkvöllur,” segir í Svalbarðsstrandarbók. Svarðarmýri er um 600 metra ASA af bæjarhólnum. Sléttað tún. Guðmundur Bjarnason kannaðist við að á þessu svæði hefði verið erfitt að slétta og að túnið væri deiglent á þessum stað.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:SSB, 38.

SB-009:022 Systur varða landamerki

65°44.777N 18°03.483V



“Þá er komið að fjallsbrekkum. Er þá fyrst Grænalá, grösugur geiri. ... Norður frá efri enda Grænulágar eru Systraklettur. Þar eru þrjár vörður, kallaðar Systur. Þar um eru merkin við Meðalheim,” segir í Svalbarðsstrandarbók. Vörðurnar eru á merkjum þó svo að girðingin liggja norðan við þær, enda erfitt að girða upp klettana sem þær standa uppi á. Vörðurnar eru um 1,2 km norður af bæjarhól 001. Uppi á nokkuð háum klettum. Þrjár vörður, sú hæsta er 1,2 metrar á hæð. Vörðurnar eru svipaðar að hæð og breidd, eru nokkuð gamlar því hleðslugrjótið í þeim er allt mosavaxið.


Hættumat: engin hætta

Heimildir:SSB, 39.

SB-009:022, Systur horft til vesturs

SP-010 Mógil

10 hdr 1712, eyðihjáleiga Svalbarðs frá 1703. Í byggð 1847. Einhóll byggður í landi Mógils I árið 1966-67. Fossbrekka byggð í landi Mógils I árið 1975. Mógil II byggt í landi Mógils I árið 1979. 1917: 4,97 ha. (2/3 sléttað) garðar 970 m. 1986: "Jörðin liggur nærri sjó, örskammt sunnan við Svalbarða og var áður talin með minni býlum. Hún hefur frá upphafi átt rétt til upprekstrar í heiðarlandi Svalbarðs." BBSÞ 1986, 30.



Mógil, mörk túns og útihúsa árið 1917

SP-010:001 Mógil bæjarhóll bústaður

65°44.485N 18°04.891V

Bærinn stóð 3-4 metra austan við núverandi íbúðarhús að Mógili I. Bæjarhóllinn var alveg sléttaður eftir að húsið var byggt árið 1930 og garður þar sem bæjarhóllinn var. Alslettur garður, bæði blómabeð og trjárækt. Fyrstu árin eftir að steipta húsið var byggt að hluti gamla bæjarins notaður sem fjós. Nyrst í húsinu var líklega hlóðaeldhús því þegar blómabeðin sem eru nú garðinum voru gerð komu upp katlar og annað eldhúskyns, ekkert sést af bæjarhólnum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917.

SP-010:002 heimild um smiðju

65°44.489N 18°04.909V

Samkvæmt heimildarmönnum var smiðja um 4 metra norður af bæjarhólnum 001, og er hún merkt inná túnakort frá 1917. Nú er þetta fast norðan við núverandi íbúðarhús að Mógili I. Sléttuð flöt við húsvegg.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

SP-010:003 heimild um fjárhús

65°44.510N 18°04.899V

30 metra norður af bæjarhólnum, 001, var gamalt fjárhús og hlaða og sjást þau á túnakorti frá 1917.

Sléttað tún. Engin merki sjást um fjárhúsin.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

SP-010:004 heimild um hesthús

65°44.995N 18°04.478V

80 metra austur af bæjarhólnum, 001, þar sem heimreiðin beygir heim að Einhóli var hesthús og sést það á túnakorti frá 1917. Undir vegi en sléttað tún er umhverfis veginn.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917.

SP-010:005 heimild um hrútakofa

65°44.500N 18°04.688V

Samkvæmt túnakorti og heimildarmönnum var fjárhús og hrútakofi þar sem Mógil II stendur nú, rúma 150 metra austur af bæjarhólnum, 001. Undir húsi, kringum húsið er sléttuð heimreið og tún. Húsin voru rifin eftir 1955 og sést nú ekki tangur og tetur eftir af þeim.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

SP-010:006 heimild um brunn

65°44.467N 18°04.884V

Brunnur var 10 metra suður af bæjarhólnum 001, fast norðan við bæjarlækinn. Gróinn garður þar sem er mikið af trjám. Engin merki sjást um brunninn.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917.

SP-010:007 heimild um fjós

65°44.482N 18°04.882V

“Sagt er, að Jón hafi haft hér fjós fyrir geldneyti sín,” segir í Svalbarðsstrandarbók. Engin heimildamanna kannast við þetta,

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:SSB, 35

SB-010:008 heimild um lendingu

65°44.451N 18°05.000V

“Bátalending var hér góð, niður af gilinu,” segir í Svalbarðsstrandarbók. Heimildamenn sögðu lendinguna hafa verið þar sem bæjarlækurinn rennur út í sjó, 100 metra suðvestur af bæjarhólnum, 001. Grýtt fjara, engin sjást ummerki um lendingu.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:SSB, 36.

SB-010:009 heimild um

65°44.471N 18°05.015V

“Á lagnetjasíldar-árunum um aldamót var byggður skúr í Mógilsfjöru áfast við Pöntunarfélagsskúrinn, er talið var að stæði hálfur á Mógilslandi,” segir í Svalbarðsstrandarbók. Þetta er á merkjum Mógils og Svalbarðs, um það bil 100 metra VNV af bæjarhól 001. Grýtt fjara. Skúrinn var rifinn eftir að hætt var að nota hann.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:SSB, 36.

SB-010:010 heimild um hesthús

65°44.393N 18°04.747V

Að sögn heimildarmanna var hesthús á þeim stað sem Einhóll stendur nú, um 190 metra suður af bæjarhól 001. Undir húsi.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:SSB, 36.

SB-010:011 heimild um

65°44.443N 18°05.008V



“Síðar en [010] byggði Guðmundur Pétursson bryggju sunnan við skúrana og fyllti fram fjöruna. En hún stóð í fá ár. ... eyðilagðist af hafisreki 1918,” segir í Svalbarðsstrandarbók. Þetta er 14 metra norðvestur frá naustinu 017, 120 metra suðvestur af bæjarhól 001. Staurinn stendur úti í sjó, upp haf honum er grýtt fjara og gróinn bakki upp af henni. Úti í sjó stendur eftir einn staur af þessu mannvirki.


Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir:SSB, 36.

SB-010:011, bryggjustaur horft til norðurs

SB-010:012 *Drullugerði* heimild um bústað

65°44.409N 18°04.986V



“Um aldamótin [1900] var lítið íbúðarhús byggt suður undir bökkum, neðan til í litlum hvammi. Var það Stefán Stefánsson, er stóð fyrir þeirra byggingu, með fleirum. Sigurður Kristjánsson frá Fagrabæ eignaðist það fljótlega, en um fá ár, því hann dó 1902. Þá eignuðust systur hans húsið og fluttu það til Akureyrar, stendur það við Gránufélagsgötu,” segir í Svalbarðsstrandarbók. Að sögn heimildarmanna hét þetta hús Drullugerði og var húsið 15 metra suður af naustinu 017, 5 metra austur af fjörunni. Gróinn mói. Gróinn ferhyrndur torfhláðinn grunnur, ekkert grjót sjáanlegt. Grunnurinn er um 9x6 metrar að utanmáli og mest 0,4 metra hár.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:SSB, 36.

SB-010:12, Drullugerði


SB-010:013 heimild um mógrafir

65°44.586N 18°04.457V

“Suður og upp frá bænum er hár klapparhóll er kallast Einhóll en norður og upp frá bænum, á merkjum við Svalbarð, Járnhryggur. Ofan Járnhryggs og Einhóls er Sund, sem nú er orðið tún. Þar ofar er Hall. Nyrzt á því er Stapaklöpp, neðanvert við veginn á merkjum, ... Mógrafir voru suður frá Stapaklöpp, neðan vegar. Ofan vegar var lágur, kollóttur hóll, er mórinn var þurrkaður á,” segir í Svalbarðsstrandarbók. Mógrafirnar voru 380 metra norðvestur af bæjarhól 001. Þar er nú sléttað tún. Mógrafirnar eru með öllu horfnar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar**Heimildir:**SSB, 36-37.**SB-010:014** Mógilsstekkur tóft stekkur

65°44.389N 18°04.320V



SB-011:014, Mógilsstekkur

“Suður og upp frá bænum er hár klapparhóll er kallast Einhóll, en norður og upp frá bænum, á merkjum við Svalbarð, Járnhryggur. Ofan Járnhryggs og Einhóls er Sund, sem nú er orðið tún. Þar ofar er Hall. Nyrzt á því er Stapaklöpp, neðanvert við veginn á merkjum, en Varnarklöpp ofan vegarins, einnig á merkjum. Sunnanvert við Varnarklöpp var Mógilsstekkur,” segir í Svalbarðsstrandarbók. Stekkjartóftin er 470 metra suðaustur af bæjarhól 001, 10 metra austur af vegaslóða sem liggur upp á túnin austan við stekkin. Þýfður og grösugur mói. Greinilega stekkjartóft sem hefur verið byggð utan í brekku. Brekkan gegnir hlutverki veggja og nær alveg ofaní tóftina. Tóftin er einföld stekkjartóft. Tóftin er 4,5x5 metrar að utanmáli 2,5x5 m að innanmáli og er veggjaþykkt 1-1,5 metrar. Tóftin er ferhyrmd og

opnast til suðurs. Hleðsluhæð mest 0,4 metrar. Ekkert hleðslugrjót er sjáanlegt.


Hættumat: engin hætta**Heimildir:**SSB, 36-37.**SB-010:015** frásögn brunnur

65°44.496N 18°04.938V

Heimildamenn geta um annan brunn en 006, hann var 15 metra norðvestur af bæjarhólnum 001. Brunnurinn er nú fullur af rusli og hefur verið sléttað yfir hann. Sléttað tún.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SB-011:014 Mógilsstekkur horft til austsuðausturs.



SB-010:017, naust

SB-010:016 frásögn rétt

65°44.511N 18°04.693V

10 metra norður af heimreiðinni og nálægt 160 metra ANA af bæjarhól 001 var rétt að sögn heimildarmanna. Í sléttuðu túni. Heimildarmenn muna vel eftir réttinni en hún er með öllu horfin..

Hættumat: hætta, vegna ábúðar**SB-010:017** tóft naust

65°44.438N 18°04.993V

Tóft af nausti er grafin inn í bakkann við sjóinn fast austur af fjörunni, um 120 metra suðvestur af bæjarhólnum, 001. Um 2 metra hár gróinn, hallandi grasbakki. Naustið hefur verið grafið inn í hæðina



SP-010:017, naust horft til austurs

og hlaðið ofaná veggina og var naustið opið að sjó, þ.e. í vestur. Innanmál naustsins er 3x1 metrar. Nokkurt grjótt er sjáanlegt þar sem hlaðið hefur verið ofan á útgrafna svæðið, mest að sunnanverðu þar sem greinilegar hleðslur eru í innvegg naustsins sem og að að sunnanverði í útvegg. Veggjapýkkt er mest 1 metri og eru 2-3 umför af hleðslugrjóti sjáanleg. Út frá tóftinni liggur hlaðinn stakur og beinn 7 metra langur veggur til suðurs, mest sjást 3 umför af hleðslugrjóti í honum.

Hættumat: hætta, vegna rofs

SP-011 Meðalheimur

10 hdr 1712, eyðihjáleiga Svalbarðs, í eyði síðan 1703. Í byggð 1847. “Um 1900 var jörðin sameinuð Tungu. Árið 1930 byggði Jón Laxdal frá Tungu upp á hinum gömlu bæjarrústum, og taldist þá land jarðarinnar helmingur af sameiginlegu landi jarðanna Meðalheims og Tungu.” BBSP 1986, 33. Ekkert túnakort er til af jörðinni, sjá kort af Tungu SP-012.

SP-011:001 *Meðalheimur* bæjarhóll bústaður

65°44.944N 18°04.293V

Húsið í Meðalheimi stendur á sama stað og gamli bærinn, steinhús byggt 1930. Húsið er þrjár hæðir með kjallara og er bæjarhóllinn mjög skemmdur. Undir húsi, kringum húsið er sléttaður garður. Engar minjast sjást um bæjarhólinn.

Hættumat: hætta, vegna bygginga

Heimildir:SSB, 67.

SP-011:002 heimild um fjárhús

65°44.948N 18°04.333V

“Á 19. öld voru merki jarðarinnar: Að sunnan frá jarðföstum steini skammt utan og ofan við fjárrétt Svalbarðs [SP-009:015?], sem var næstum þar, sem kirkjan er nú, í stefnu á Systur [SP-009:022] og sömu stefnu til fjalls. Að neðan um reiðgötur, er voru neðan við brekkuna, niður að fjárhúsum norður í Valsá,” segir í Svalbarðsstrandarbók. Fjárhúsin eru merkt inná túnakort frá 1917, 30 metra norðvestur af bæjahól 001. Í sléttuðu óslegnu túni. Engin merki sjást um húsin.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:SSB, 67.

SP-011:003 heimild um mógrafir

65°44.675N 18°04.478V

Mógrafir frá Svalbarði voru í landi Meðalheims að sögn Sveinbergs Laxdal heimildarmanns. Þær voru fast austan við þjóðveginn, um 520 m suðvestur af bæjarhól 001. Blautur mói fast við veginn. Það sjást litlar blautar dokkir en mógrafirnar sjálfar eru horfnar í veginn.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:SSB, 67.

SP-011:004 *Syðri-Svarðarhóll* heimild um mógrafir

65°44.811N 18°04.267V

“Suður frá túninu var Meðalheimsmýri; þar var mótækja,” segir í Svalbarðsstrandarbók. “Upp af holtunum ofan við þjóðveginn tóku við Meðalheimsmýrar og náðu allt upp að brekkum. Ytri-Svarðarhóll [SP-012:019] og Syðri-Svarðarhóll standa upp úr mýrlendinu, sem nú er búið að þurrka upp og gera að túni,” segir í örnefnaskrá. Syðri-Svarðarhóll er í Meðalheimsmýri að sögn Sveinbergs Laxdal. Hóllinn er mjög greinilegur hóll, 90 metra suður af heimreiðinni að Túnsbergi og voru mógrafirnar sunnan í hólnum. Nú er á þessu svæði sléttuð tún, þegar skráð var var túnið óslegið en greina mátti smá lægð í því 15x30 metrar að stærð og hafa mógrafirnar sennilega verið þar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Svalbarðsstrandarhreppur, 28; SSB, 67.

SP-011:005 *Meðalheimsstekkur* heimild um stekkur


65°44.842N 18°03.994V

“Ofan við mýrina [Meðalheimsmýri] var Brunaholt, hallfleytt. Þar er lítil lág, er Meðalheimsstekkur var í; þar ofar eru Systraklettur, Systramýri og Hrísbrekka á merkjum við Svalbarð” segir í Svalbarðsstrandarbók. Stekkurinn er horfinn í tún, hann var þar sem nú er sléttuð tún við beygjuna til suðurs á gamla veginum upp frá Svalbarði þegar farið var þaðan uppá gamla Vaðlaheiðarveginn, um 300 metra suðaustur frá bæjarhól 001. Sléttuð tún.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:SSB, 67.

SP-012 Tunga



Tunga og Meðalheimur, mörk túns og útihúsa árið 1917

20 hdr. 1712, Svalbarðskirkjueign. 1390: Í afsalsbréfi fyrir Svalbarði fylgdi bæði Tunga og Breiðabólstaður. (DI III, 452-453) 17.8.1451: “Biorn Sæmundsson gaf Sigurde Biornssyne syne sijnum jordina tungu er liggur ä Svalbardsstrond til fullrar eignar j suo mata at adur nefndur Sigurdur skillde suara kyrkiunne ä Svalbarde .xxc. nema offtnefndur Sigurdur villde ecki leysa til sin adur greinda jord tungu. þa skilldi hun vera æfinlig eign kyrkiunnar ä Svalbarde (DI V 84) Árið 1461 var Tunga metin á 20 hundruð var þá jörðin send kirkjunni. (DI V 299-301) Árið 1471 greiðir Sigurður Björnsson Ólafi biskupi á Hólum Tungu fyrir 20 hdr. (DI V, 635). 1559: Páll Jónsson semur við föður sinn og bróður um jarðirnar Svalbarð, Breiðabólstað og Tungu, ásamt Dálksstöðum og hálfri Garðsvík. (DI XIII, 414-415) 1563: “Færir Jón Magnússon Sigurði syni sínum Svalbarð til eignar með Tungu og Breiðabólstað (20 hundruð hvor jörð). (DI XIV, 127-128). 1712 er talið að til forna hafi verið byggð á Sjávargerði sem og á Tungustekk neðri og efri. Ásgarður byggður úr Tungulandi árið 1925, Helgafell

byggt í Tungulandi 1925 í eyði síðan 1978, Eyrarbakki byggður í Tungulandi 1904, í eyði síðan 1937, Túnsberg I byggt á 1/3 af Tungulandi. Túnsberg II byggt á landi Túnsbergs I árið 1982.

1712: “Útigangur í betra lagi og bregðast sjaldan í meðalárum fyrir roskið fje og hesta, en lömb þurfa mestan part fóður. Torfrista og stúnga næg. Elt er taði undan kvikfje. Fjalldraparíf mjög lítið. Grastekja mjög lítil. Silungsveiði í sjónum við sama kost sem áður segir um Svalbarð, nema hvað fjaran er minni. Selveiði hefur að fornu verið að góðu gagni, hún hefur nú brugðist í fjörutíu ár. Rekavon nokkur, hepnast þó sjaldan til stórra gagnsmuna. Túnið er harðlent, og visnar taðan oft til skaða í þessum. Engið er mjög snögglent og sprettur lítt. Úthagarnir eru í betra lagi. Hætt er kvikfje fyrir Valsá og slæmu afætufeni.” (JÁM XI, 12). 1917: 9,57 ha. (5/6 sléttað) garðar 1120 m². 1986: Bærinn norðan Valsár, upp við brekkurnar, og land til heiðar og niður til sjávar.” (BBSþ 1986, 36).

SB-012:001 *Tunga* bæjarhóll bústaður 65°45.076N 18°03.997V

Bæjarhóllinn var 7 metra austur af íbúðarhúsinu í Tungu að sögn heimildarmanna. Þetta svæði er allt sundurgrafið flag og er bæjarhóllinn með öllu horfinn. Engar mannvistarleifar sjáanlegar í flaginu, hvorki grjót né annað. Á síðustu árum torfbæjarins var byggt framhýsi við torfbæinn úr timbri og var það notað þangað til núverandi hús var byggt en það var árið 1934.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

SB-012:002 *Sauðhúshóll* heimild um fjárhús 65°45.089N 18°03.969V

“Út frá bænum var Sauðhúshóll, ...” Segir í Svalbarðsstrandarbók. Þetta fjárhús var 25 metra ANA af bæjarhól 001 og sést það á túnakorti frá 1917. Í moldarflagi inni hestagirðingu. Ekkert sést af þessu húsi.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: SSB, 71; Túnakort 1917.

SB-012:003 *Stórhús* heimild um fjárhús 65°45.104N 18°03.932V

“Út frá bænum Sauðhúshóll [002] en efsta hólbrekkan Stórhúshóll. Þar voru fjárhús sem stóðu fram yfir 1910, kallað Stórhús eða Stóruhús.” segir í örnefnaskrá. Rúma 60 metra norðaustur af bæjarhól 001 er hár hóll sem er að miklu leyti horfinn í malarnám og voru húsin uppi á hólnum, sjást þau á túnakorti frá 1917. Sléttur grasbali. Heimildarmaður (f. 1942) man vel eftir tóftum á þessum stað.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Svalbarðsstrandarhreppur, 29; Túnakort 1917

SB-012:004 *Hesthúshvammur* heimild um hesthús 65°45.077N 18°03.880V

“Utar og ofar [en Ærhúshóll 005] er Hesthúshvammur, ...” segir í Svalbarðsstrandarbók. Þetta er undir núverandi útihúsum í Tungu (Túnsbergi), rúma 50 metra suðaustur af 001 og er hann merktur inná túnakorti frá 1917. Undir húsi.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: SSB, 71; Túnakort 1917

SB-012:005 *Ærhúshóll* heimild um fjárhús 65°45.050N 18°03.948V

“Sunnan Valsár var Suðurtún. Þar var Ærhúshóll, lítið neðar en Túnsberg stendur nú,” segir í Svalbarðsstrandarbók. “Það hét Ærhúshóll í túni rétt neðan við það sem Túnsberg er nú [II] en bærinn stendur á Lambhústóftum [006].” segir í örnefnaskrá. Húsið er merkt inná túnakorti frá 1917. Ærhús var um 30 metra suður af bæjarhól 001 og hefur hússtaðið lent undir Túnsbergi I. Undir húsi, vestan húss er sléttað tún en austan er sléttað bílastæði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: SSB, 71; Túnakort 1917; Ö-Svalbarðsstrandarhreppur, 29

SB-012:006 *Lambhústóftir* heimild um lambhús 65°45.048N 18°03.910V

“Það hét Ærhúshóll [005] í túni rétt neðan við það sem Túnsberg er nú [II] en bærinn stendur á Lambhústóftum,” segir í örnefnaskrá. Lambhústóftir hafa lent undir húsinu að Túnsbergi II, sem er eldra íbúðarhúsið. Þetta er um 70 metra suðaustur af bæjarhól 001. Undir húsi.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: SSB, 71; Ö-Svalbarðsstrandarhreppur, 29

SB-012:007 heimild um áveitu 65°47.098N 18°03.798V

Leitt var vatn með handgröfnum skurði úr gilinu þar sem bæjarlækurinn kemur niður suður og niður brekkuna út á tún sunnan og austan bæjar. Norðurmörk skurðarins hafa verið um það bil 140 metra

norðaustur af 001. Ekki er ljóst hve langur skurðurinn var nákvæmlega en sennilegt er að hann hafi verið á milli 150-200 metra langur. Við lækinn eru engin merki um skurðinn en hann lá þar ofan brekkunnar þar sem nú er mikil ræktun og skógrækt og út á túnin. Ekki sáust merki um skurðinn við skráningu.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

Heimildir:Túnakort 1917

SB-012:008 heimild um rétt

65°44.983N 18°03.872V

90 metra suðaustur af bæjarhólnum 001, er kartöflugeymsla og 10 metrum sunnan við hana er einföld rétt úr timbri. Þessi rétt er á sama stað og rétt sem sýnd er á túnakorti frá 1917. Moldarflag er í réttinni. Heimildarmaður sagði að á þessu svæði hefði áður verið hlaðin rétt, sem er sennilega sú sem er á túnakortinu, en timburréttin sem nú stendur hafi síðan verið byggð á sama stað.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1917.

SB-012:009 Tunguvík heimild um lendingu

65°44.922N 18°05.355V

“Við sjóinn er Tunguvík. Sunnan hennar er Svalbarðseyrin en Tungueyri að norðan. ... Í Tunguvík var talin góð bátalending,” segir í Svalbarðsstrandarbók. Tunguvík er 1,1 km vestur af bæjahól 001. Á þessu svæði er grýtt fjara, en mikil landfylling hefur orðið í Tunguvík á síðustu árum. Sveinbjörn Laxdal gat sýnt skrásetjara hvar lendingin var um miðja vikina en á þessu svæði er allt landslag mikið breytt.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:SSB, 69.

SB-012:010 heimild um sjóbúð

65°44.883N 18°05.309V

“Hafa sézt þar [hjá lendingu 009] grónar tóttir sjóbúða, en landbrot er mikið, enda hefir verið flutt úr Tungueyrinni mikil mól bæði í veginn og til bygginga svo sjór gengur nú yfir mestan hluta eyrarinnar,” segir í Svalbarðsstrandarbók. Tunguvík er 1,1 km vestur af 001. Sjóbúðin var um 10 metra sunnan við lendinguna, 001. Á þessu svæði hefur öllu verið umbylt, efni flutt burt og gengur sjórinn lengra inná land en áður. Sjór er nú þar sem þessar tóttir voru.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir:SSB, 69.

SB-012:011 Sveinskofahall heimild um bústað

65°45.130N 18°05.214V

“Ofan við Helgafell er Sveinskofahall. Þar hafði maður, er Sveinn hét, hróflað upp kofa, er hann hírðist í einn síns liðs,” segir í Svalbarðsstrandarbók. Hallið er mjög greinilegt um 25 metra austur af núverandi íbúðarhúsi á Helgafelli, 350 metra vestur af Neðri-Tungustekk 015. Upp af hallinu er vélsléttuður grösugur bali, ósleginn þegar skráð var. Ekki ljóst hvar kofinn hefur verið.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:SSB, 69.

SB-012:012 heimild um myllu

65°44.891N 18°05.069V

“Í Eyrabakkagili hafði Gunnlaugur vatnsknúða kornmyllu og malaði fyrir menn korn, eftir að aðrar myllur voru niður lagðar,” segir í Svalbarðsstrandarbók. Í Eyrabakkagilinu er foss, suðaustur af bænum á Eyrabakka, líklegt er að myllan hafi verið nálægt fossinum, um 150 m austur af Eyrabakka 014. Gróinn bakki er beggja megin við gilið. Ekki sést neitt til myllunnar og ekki vitað hvar hún var nákvæmlega.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:SSB, 70.

SB-012:013 heimild um leikvöll

65°45.106N 18°03.852V

Leikvöllur barna í Tungu og Túnsbergi var 110 metra ANA af bæjarhólnum 001, uppi á kletti sem skagar úti Valsána að norðanverðu. Klöpp. Sveinberg Laxdal lék sér þar í æsku.


Hættumat: engin hætta

Heimildir:SSB, 70.

SB-012:014 Eyrabakki heimild um býli

65°44.408N 18°05.262V

“Árið 1902 var byggt býli upp frá botni Tunguvíkurinnar, sem næst því sem Sjávargerði [027] var til forna. ... Árið 1905 fluttu þangað Gunnlaugur smiður Sigurðsson og Þuríður Bjarnadóttir. ... Þau höfðu ræktað hér um fimm dagsláttu tún, er þau fluttu héðan 1928,” segir í Svalbarðsstrandarbók. Þar sem



gamli bærinn var á Eyrarbakka er nú sléttað tún. Sveinberg Laxdal man eftir tóftum þar um mitt túnið fyrir 1960. Á þessu svæði er rennislétt tún. Gamla bæjarstæðið er nú í landi Meðalheims, en var í landi Tungu. Til er túnakort af Eyrarbakka, túnið var 0, 89 ha. allt sléttað, garðar 230 m². ásamt bænum og einu húsi beint vestur af bæjarhúsinu. Sveinberg Laxdal heimildarmaður skrásetjara man eftir þó nokkrum túngarði umhverfis býlið en hann er nú með öllu horfinn.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:SSB, 68-69.

SP-012:012, Túnakort af Helgafelli frá árinu 1917

SP-012:015

Neðri-Tungustekkur

heimild um býli

1712: “Túngustekkur neðri og Túngustekkur efri heita tvennar girðingar hjer í landinu, á sama hátt og áður er skrifað um Sjóargerði [027]. Ekki má þessi fornþýli aftur byggja fyrir heyskaparleysi og landþröng,” segir í Jarðabók Árna og Páls. Norður frá Laugamýri eru holt út í Háreit. Í þeim holtum voru grónar tóttir Neðri Tungustekks, er á síðari árum var kallað Mariugerði,” segir í Svalbarðsstrandarbók. Holtin hafa nú öll verið vélsléttuð og eru notuð sem tún. Ekki ljóst hvar stekkurinn var nákvæmlega. Á þessu svæði er nú óslétt tún.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:JÁM XI, 12; SSB, 70.

SP-012:016 *Efri-Tungustekkur* heimild um býli

65°45.015N 18°04.270V

1712: “Túngustekkur neðri og Túngustekkur efri heita tvennar girðingar hjer í landinu, á sama hátt og áður er skrifað um Sjóargerði [027]. Ekki má þessi fornþýli aftur byggja fyrir heyskaparleysi og landþröng,” segir í Jarðabók Árna og Páls. “Ofan vegarins, meðfram Valsá voru kallaðir Hvammar. Norðar var lítil hólbunga. Voru þar grónar rústir Efri-Tungustekks. Sást þar fyrir túngarði um lítinn túnbleðil,” segir í Svalbarðsstrandarbók. “Ofan brautar utan við ána voru tóftarbrot í bunguvaxinni hæð og var það kallað Kringla. Þykir líklegt að þar hafi verið Efri-Tungustekkur því ekki sjást víðar tóftarbrot þar sem byggð geta hafi verið,” segir í örnefnaskrá. Tungustekkur efri var um 10 metra norður af nyrstu útihúsunum í Meðalheimi, 250 metra suðaustur af 001. Í ósléttu túni.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:JÁM XI, 12; SSB, 70.; Ö-Svalbarðsstrandarhreppur, 28

SP-012:017 *Brunnhúshóll* heimild um brunn

65°45.063N 18°04.037V

“Rétt neðan við Tungubæ var Brunnhúshóll, ...” segir í Svalbarðsstrandarbók. “Rétt neðan við Tungubæ var hóll við ána kallaður Brunnhúshóll en gegnt honum sunnan ár var Mylluhóll [018],” segir í örnefnaskrá. Brunnhóll er um 50 metra VSV af bæjarhól 001, við lækinn þar sem nú stendur skúr byggður úr asbesti. Undir skúr sem stendur við bakkann, slétt tún í kring. Ekkert sést til Brunnhússins.

Hættumat: hætta, vegna bygginga

Heimildir:SSB, 71; Ö-Svalbarðsstrandarhreppur, 28

SP-012:018 *Mylluhóll* heimild um myllu

65°45.047N 18°04.017V

“Rétt neðan við Tungubæ var Brunnhúshóll [017], en þar á móti, sunnan árinna, var Mylluhóll,” segir í Svalbarðsstrandarbók. “Rétt neðan við Tungubæ var hóll við ána kallaður Brunnhúshóll en gegnt honum sunnan ár var Mylluhóll,” segir í örnefnaskrá. Myllan um 530 metra vestur af Ærhúshól 005, beint suður af Brunnhúshól 017. Sléttað tún. Það sést móta fyrir lágum hól í sléttuðu túninu, um það bil 5x5 metrar að þvermáli. Myllan stóð á þessum hól, 1-2 metra frá læknum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:SSB, 71; Ö-Svalbarðsstrandarhreppur, 28

SP-012:019 *Ytri-Svarðarhóll* heimild um mógrafir

65°44848N 18°04338V

“Upp af holtunum ofan við þjóðveginn tóku við Meðalheimsmyrar og náðu allt upp að brekkum. Ytri-Svarðarhóll og Syðri-Svarðarhóll [SP-011:004] standa upp úr mýrlendinu, sem nú er búið að þurrka upp og gera að túni,” segir í örnefnaskrá. Ytri-Svarðarhóll er norðan syðri heimreiðreiðarinnar að

Tungu, um það bil 20 metra norður af veginum. Um 90 metrar eru á milli Svarðarhólanna tveggja. Engar mógrafir eru greinilegar við ytri hólninn en þær voru þar að sögn heimildamanns. Sléttað tún.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Svalbarðsstrandarhreppur, 28; SSB, 67.

SB-012:020 heimild um sjóbúð

65°45.169N 18°05.443V

Sjóbúð var frá Helgafelli 028, við sjóinn þar sem vegurinn að Helgafelli beygir í austur að bænum, um 120 metra norðvestur af bænum. Þar stendur nú nýlegt bátaskýli sem var byggt ofan á tóftina. Undir húsi sem byggt er inni gróinn bakka beint upp af fjörunni. Á þessu svæði var hlaðin sjóbúð áður fyrr og ekki vitað hvort henni var alveg rutt burt áður en sú nýja var byggð ofaná.

Hættumat: hætta, vegna bygginga

SB-012:021 gata leið

65°44.782N 18°02.641V

“Ofan við Kvíabrekku [022] er Neðrirani og Háuklettur þar sunnar. Ofan við hann er sund, ofar er Efrirani. Þá er Hrísbrekka, er endar við Valsá í klöpp, sem kallast Hvíldarklöpp. Þar um lágu gömlu göturnar upp á Steinaskarð,” segir í Svalbarðsstrandarbók. “Út af Hrísbrekku út við ána er klöpp sem heitir Hvíldarklöpp. Hinn forni Steinsskarðsvegur lá upp melana og framhjá klöppinni. Hvort nafnið er dregið af því að menn hafi hvílt sig til forna með burð sinn er ekki vitað, þó væri trúlegra að þarna hafi kvíær verið stöðvaðar á leið sinni í hagann,” segir í örnefnaskrá. Þessi leið yfir heiðina lá upp frá Svalbarðsströndinni, upp um Tunguland yfir Vaðlaheiðina á svipuðum slóðum og gamli akvegurinn um heiðina liggur nú og kom sennilega niður hjá Skógum. Leiðin var ekki gengin öll en þar sem hún lá eru nú hús, tún, móar og vegaslóðar. Að hluta er leiðin enn í notkun því hún er notuð sem vegur enn þann dag í dag alla leið upp að Stefánsstöðum 026. Þaðan sést greinilegur slóði áfram upp heiðina, einfaldar moldargötur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:SSB, 71; Ö-Svalbarðsstrandarhreppur, 29

SB-012:022 Kvíabrekka heimild um kvíar

65°45.018°N 18°03.878V

“Utar og ofar [en Ærhúshóll 005] er Hesthúshvammur [004], en brekkan upp frá Túnsbergi heitir Kvíabrekka, en kvíar voru neðst í brekkunni,” segir í Svalbarðsstrandarbók. Kartöflugeymsla er 90 metra suðaustur af bæjarhól 001 undir Kvíabrekkunni. Komið var niður á hleðslur þegar geymslan var byggð og voru kvíarnar sennilega þar. Undir húsi, kartöflugeymslan er byggð inni smá dokk í brekkunni og er á þessu svæði gott aðhald frá náttúrunnar hendi.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Heimildir:SSB, 71.

SB-012:023 garðlag túngarður

65°45.106N 18°03.852V

Fast vestur af leiksvæðinu [013] í gílinu við Valsána má sjá ógreinilegan garðbút sem legið hefur niður gilið, Sveinberg Laxdalur telur líklegt að á þessu svæði hafi verið túngarður. Nokkuð brött, gróin brekka. Garðbúturinn er mjög lágur, um 0,1 m á hæð og aðeins 0,1-0,2 m á breidd og um 1,5 m á lengd, liggur frá lækjarbakkanum og hverfur svo í brattri brekkunni. Sveinberg telur þetta ekki hafa verið hleðslu undir girðingu, frekar túngarð enda passar staðsetningin við mörk túns á túnakorti frá 1917. Garður hverfur í brekkuna, ekki ljóst af hverju.

Hættumat: engin hætta

SB-012:024, Stórigarður horft til norðvesturs.

SB-012:024 Stórigarður garðlag kálgarður

65°45.107N 18°03.844V

“Upp frá bænum er gil, sem Valsá fellur um. Þar eru fjórir fossar og hvammar. Fyrst er Neðstifoss í víðum hvammi. Brekkan móti suðri kallast Kinn. Þar var gamall jarðeplagarður,” segir í Svalbarðsstrandarbók. “En brekkan suður að ánni Kinn og Stórigarður. Upp við Neðstafoss. Mun þar hafa verið garður sá sem Sr. Jón Reykjalín ræktaði í kartöflur sínar 1810-1811. Má enn sjá garðbrot umhverfis,” segir í örnefnaskrá. Garðurinn er rúma 100 metra norðaustur af bæjarhól 001. Hann er norðan í gílinu framan við neðsta fossinn. Mjög brött og gróin brekka. Tveir veggir eru greinilegir


niður gilið, liggja suður-norður. Engin veggur er á milli þeirra. Sá eystri er 25 metra langur og liggur hann beint suður niður gilið. Vestari veggurinn liggur meira norðaustur-suðvestur en hann er einnig 25 metra langur. Svæði á milli þeirra er 25x20 metrara að þvermáli. Ekkert gjót er sjáanlegt í hleðslunum.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:SSB, 71; Ö-Svalbarðsstrandarhreppur, 29



SB-012:025, stekkjartóft, horft til norðausturs



SB-012:025, stekkjartóft

SB-012:025 *Stekkjarghólar* tóft stekkur

65°45.145N 18°03.523V

“Upp frá bænum er gil, sem Valsá fellur um. Þar eru fjórir fossar og hvammar. Fyrst er Neðstifoss í víðum hvammi. ... Þá er Miðfoss; þá Stekkjarfoss í Stekkjargili. Þar var stekkur, þar til fráfærur lögðust niður. ... Stekkjarghólar heita norður frá Stekkjargili,” segir í Svalbarðsstrandarbók. “Stekkjargil heitir gilið neðan við Efstafoss þar var stekkur frá Tungu fram yfir aldamótin 1900,” segir í örnefnaskrá. Stekkurinn er í grónum hvammi undir hárrí brekku fast norðan við Valsána, 370 metra ANA af bæjarhól 001. Sléttur grasbali. Mjög greinileg og heilleg stekkjartóft. Engar grjóthleðslur sjást. Ferhyrind tóft, er 7x6 metrar að utanmáli og er aðeins eitt hól sem opnast til suðvesturs. Tóftin er 3x4 metrar að innanmáli. Mesta hleðsluhæð er 0,4 metrar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:SSB, 71; Ö-Svalbarðsstrandarhreppur, 29


SB-012:026 *Stefánsstaðir* tóftir býli

65°44.709N 18°02.159V

1707: “Steffans stader, fornt eyðiból upp í fjallinu. Þar eru sýnileg byggíngamerki tófta og girðinga leifar, en ekki hefur þar búið verið í manna minni. Ekki má hjer aftur byggja, því túnstæði er mestalt í hrjóstur upp blásið,” segir í Jarðabók Árna og Páls. “Suður við Valsána og suður og upp frá Ásmýri voru Stefánsstaðir. Stefánsstaðamóar heita þar í kring og Stefánsstaðaenni engjaspilda, er lá upp frá Stórasteini, norðan við holtin,” segir í Svalbarðsstrandarbók. Er leið 021 er ekin upp til suðausturs frá Tungu er keyrt beint fram á tóftirnar af Stefánsgerði 1,5 km suðaustur af bæjarhól 001. Tóftirnar eru 5 metra norður af vegaslóðanum. Stefánsstaðamóar eru nú kargaþýfi og er tóftin rétt greinanleg inn á milli þúfnanna. Svæðið er allt mjög þýft og er tóftin illgreinileg. Heimildarmaður fylgdi skrásetjara á svæðið og sagði að hún hefði verið mun greinilegri fyrir nokkrum árum þegar hann kom þangað síðast. Rústin er 13x14 metrar að stærð. Hólfin verða greind í sundur með bókstöfum til glöggvunar. A: Er stærsta hólfið, 6x6,5 metrar að utanmáli en aðeins 3,5x4 metrar að innanmáli enda veggjaþykkt mikil, 1,5-2 metrar. Hólfið opnast til norðurs. Um 2 metrum norður af hólfi A er ógreinilegt veggjabrot, B. Það er 6 metra langt snýr norður-suður og ekki er hægt að greina vegg að norðan og sunnanverðu. 1 m suður af suðvesturhorni tóftanna er greinileg steinaröð og ekki ljóst hvað var þar. 4,5-5 metra suður af tóftum A og B virðast vera leifar af vegg eða vallargarði, C. Veggurinn er myndar sporöskulaga hólfi um 8 metra langur frá vestasta hluta og austur eftir. Þar er greinilegt rof í vegginn, um 1 metri og svo heldur veggurinn áfram 2 metra til austurs, en hverfur þá í þýfið. Í hjólförinum suður af tóftunum er greinileg röð af steinum, um 3 metra löng, en ekki er ljóst hvað það er.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:JÁM XI, 11; SSB, 72.



SP-012:026, Stefánsstaðir


SP-012:027 *Sjávargerði* bæjarstæði býli

65°44.908N 18°05.259V

1707: “Sioargerde kallast forn girðing hjer í landinu skamt frá sjónum, og er í tali, að þar hafi í fyrndinni byggð verið, so sem líklgt sýnist að girðinga og tófta leifum,” segir í Jarðabók Árna og Páls. “Ofan við eyrina er Tungutjörn og upp af víkinni er Eyrarbakki. Þar hét áður Sjávargerði ...,” segir í örnefnalýsingu. Ekkert vitað um staðsetningu og svæðið er allt ræktað tún.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: JÁM XI, 12.; Ö-Svalbarðsstrandarhreppur, 28



SP-012:028. Túnakort af Helgafelli frá árinu 1917


SP-012:028 *Helgafell* heimild um býli

65°45.126N 18°05.317V


BBSÞ: “Helgafell, byggt úr Tungulandi 1925, fór í eyði 1978.” Gamli bærinn (sem merktur er inná túnakort frá 1917) stóð 10 metra austur af nýja húsinu á Helgafelli. Sléttað tún. Til er túnakort af Helgafelli, 0,49 ha. allt sáðsléttur, garðar 221 m². og einn bæjarhóll á túninu. Samkvæmt heimildamanni var býlið sem byggt var á Helgafelli úr blönduðu efni, bæði torfi og steypu. Túnakorti var teiknað árið 1917 og því hefur Helgafell augljóslegar við komið í byggð. Öll ummerki um býlið eru horfinn í tún.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: BBSÞ 1986, 53



kort 9. Minjakort fyrir Dálksstaði



Neðri-Dálksstaðir, mörk túns og útihúsa árið 1917

SP-013 Neðri-Dálksstaðir

40 hdr. með Efri -Dálkstöðum 1712. 29.11.1431: Kaupbréf Árna Einarssonar fyrir hálfum Dálksstöðum. (DI IV 481) 1434 fær Þorkell Bergsson Guðrúnu konu sinni 30 hundruð upp í jörðina Dálksstaði. (DI IV, 550-551). 6.11.1446: Gunnlaugur Teitsson vottar að Þórný Bergsdóttir hafi átt hálfa Dálksstaði. (DI IV, 696) 11.8.1478: Magnús Þorkelsson selur Dálksstaði. (DI VI, 148, 149) 4.4.1481: Jón Þisill og Björg Þórkelsdóttir afhentu Guðrúnu Andrésdóttur Dálksstaði. (DI VI, 349) 1559: Páll Jónsson semur við föður sinn og bróður um jarðirnar Svalbarð, Breiðabólstað og Tungu, ásamt Dálksstöðum og hálfri Garðsvík. (DI XIII, 414-415). Dálksstaðir voru ein jörð á 15. öld en á 16. öld er getið í skjölum um tvenna Dálksstaði þó fullgerð landamerki hafi ekki verið á milli jarða fyrr en á 19. öld. 1712: Dálksstaðasel var eitt sinn í byggð áður en þar var selstaða. Sunnuhlíð byggð úr Neðri-Dálksstaðalandi árið 1954, Brautarhóll byggður úr Neðri-Dálksstaðalandi árið 1906. Kirkjan á Svalbarði á hluta af reka.

1712: "Torfrista og stúnga nær. Móskurður hefur að fornu verið, brúkast ei. Elt er taði undan kvikfje. Fjalldraparif lítið og valla teljandi. Grastekja lítil. Rekavon mjög lítil, hepnast sjaldan. Skefiskfjara hefur áður verið, nú engin. ... Túnið spillist nokkuð af sandfoki, þó er enginn partur þess þar fyrir eyðilagður. Engjar eru mjög lakar og slitróttar og valla engi kallandi. Útigangur fyrir roskið fje í betra lagi, þarf þó jafnan nokkurn heystyrk, og lömb mestan part fóður. Hestganga í betra langi. Úthagarnir bjarglegir." (JÁM XI, 13). 1917: 3,44 ha. (7/10 sléttað) garðar 380 m². 1964: "Túnið var á þessum hrygg milli giljanna og niður brekkur Dálksstaðagils." (SSB, 76).

SP-013:001 Neðri-Dálksstaðir bæjarhóll bústaður 65°45.388N 18°05.18'8V

15 metra norðaustur af núverandi íbúðarhúsi á Neðri-Dálksstöðum er uppistandandi framhýsið af gamla bænum, nefnt Jóhönnuhús. Það er 3 metra norður af heimreiðinni. Torfbærinn allur sléttaður og er nú hlað. Lækir renna beggja megin við bæjarstæðið þannig að aðgegni að vatni hefur verið gott. Húsið er um það bil 5x10 metrar, suðurgafli og vesturgafli eru upprunalegir. Aðrir veggir virðast vera viðgerðir. Húsið er notað sem geymsla. Vestan við húsið, þar sem torfbærinn stóð hefur verið sléttað og er þar grasflöt. Þó eru hólamyndir á svæðinu að hluta og gætu leynst þar undir leifar af bæjarhólum. Leifarnar af bæjarhólum eru á svæði sem er um það bil 20-25 metra langt og 15 metra breitt. Það er upphækkað að hluta, að norðanverðu um það bil 0,2 m háar hólabungur upp úr sverði. Bæjarhóllinn sennilega mjög skaddaður.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

SP-013:002 heimild um fjárhús

65°45.344N 18°05.337V

“Sunnan Lækjar [bæjarlækjar] er hár rofabakki, kallaður Svartibakki. ...Framarlega á bakkanum var fjárhús ...,” segir í Svalbarðsstrandarbók. Fjárhúsið var 140 metra suðvestur af bæjarhólnum 001, 70 metra norðaustur af lendingunni 006 og er það merkt inná túnakort frá 1917. Í vélsléttuðu túni.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:SSB, 76; Túnakort 1917

SB-013:003 *Tunga* heimild um fjárhús 65°45.425N 18°05.115V

“Sunnan Lækjar [bæjarlækjar] er hár rofabakki, kallaður Svartibakki. ...Framarlega á bakkanum var fjárhús og annað efst í túni, þar sem kölluð var Tunga,” segir í Svalbarðsstrandarbók. Fjárhúsið Tunga var 70 metra norðaustur af bæjarhól 001, 80 metra vestur af Kvíaláginni 008, sést húsið á túnakorti. Í vélsléttuðu túni. Á þessu svæði voru tvístæð fjárhús og hlaða sem heimildamaður Hulda Halldórssdóttir fædd árið 1928 man vel eftir úr æsku.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:SSB, 76; Túnakort 1917

SB-013:004 heimild um uppsátur 65°45.311N 18°05.382V

Að sögn Huldu Halldórssdóttur var uppsátur var 200 metra suðvestur af bæjarhól 001, þar sem lækurinn (sem rennur eftir Dálkstaðagilinu) rennur í sjó fram. Á tungu norðan við lækinn er núverandi bátaskýli, byggt á sama stað og uppsátrið var. Undir húsi. Heimildamaður telur að á þessu svæði hafi verið hleðslur áður en bátaskýlið var byggt en þær séu nú horfnar, nefnir hún að á þessu svæði hafi verið uppsátur og ef til vill hefur þarna verið hlaðið naust eða sjóbúð.

Hættumat: hætta, vegna bygginga

SB-013:005 heimild um 65°45.359N 18°05.289V

Að sögn Inga Þórs, bónda á Neðri-Dálksstöðum, kom hann niður á um 5 metra langa hleðslu þegar hann var að vinna í kartöflugarðinum rúma 90 metra suðvestur af 001. Í kartöflugarði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SB-013:006 heimild um lendingu 65°45.311N 18°05.384V

“Bátauppsátur var neðan við gilið, en var ekki talin góð lending, enda hefur lækurinn spilt fjörunni,” segir í Svalbarðsstrandarbók. Lendingin er þar sem lækurinn rennur í sjó fram, 205 metra suðvestur af bæjarhól 001. Grjót hefur nýlega verið sett að norðanverðu til að bæta lendinguna sem er enn í notkun. Á þessu svæði er nú grýtt fjara.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:SSB, 76.

SB-013:007 garðlag kálgarður 65°45.333N 18°05.391V

“Neðst í Dálkastaðagili er jarðeplagarður, sem sumir hafa jafnað við Vitaðsgjafa inn eyfirzka, er Víga-Glúmssaga getur um,” segir í Svalbarðsstrandarbók. Kartöflugarðurinn er enn í notkun, hann er rúma 180 metra VSV af bæjarhól 001. Kartöflugarður.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:SSB, 76.

SB-013:008 *Kvíalág* heimild um kvíar 65°45.416N 18°05.014V

“Oft voru kvíar í giliinu [Dálksstaðagili], sunnan lækjar, nokkru ofar en bærinn, og Kvíalág þar upp frá,” segir í Svalbarðsstrandarbók. Kvíalág er rúma 140 metra norðaustur af bæjarhól 001, heimildamenn ekki vissir um hvar kvíarnar voru en könnuðust vel við nafnið Kvíalág. Grasi gróinn hallandi sunnan í giliinu, rétt við kartöflugarð. Engar tóftir sjáanlegar á svæðinu.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:SSB, 76.

SB-013:009 laug sundlaug 65°45.441N 18°04.483V

“Í túninu á Brautarhóli, beint norður frá hlöðunni, var sundpollur byggður skömmu eftir aldamótin síðustu,” segir í Svalbarðsstrandarbók. Enginn heimildamanna man eftir sundpolli á þessu svæði. Í túni. Ekkert sést til sundpollsins.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:SSB, 77.

SB-013:010 *Stekkjarhvammur* heimild um stekk 65°45.437N 18°04.338V

“Upp frá Brautarhóli er breiður hvammur, er kallast Stekkjarhvammur. Þar voru grónar tóftir fornar og

túngarður í kringum blett, er var engu minni en blettir voru í kring um aðrar eyðihjáleigur,” segir í Svalbarðsstrandarbók. Engin heimildamanna kannast við þetta örnefni né tóftir á þessum stað. Slétt tún, ekki ólíklegt að stekkurinn hafi verið við læk sem rennur við túnjaðarinn. Engar leifar sjást af stekknunum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:SSB, 77.

SP-013:011 heimild um stekk

65°45.358N 18°04.717V

Hulda Halldórsdóttir man eftir stekkjartóftum í Dálkstaðagilinu, 365° metra ASA af bæjarhól 001.

Nú er þar sléttur gróin bali, nokkuð þýfður. Engar leifar sjást eftir stekkin ekki ljóst hvers vegna hann sést ekki.

Hættumat: engin hætta


SP-013:012 Sundpollsmór heimild um sundlaug

65°45.423N 18°04.267V

“Á sínum fyrstu árum byggði U.M.F. Æskan sundpoll hér í gílinu [Dálkstaðagil?],” segir í Svalbarðsstrandarbók. “Beint út af Sunnuhlíð norður af Sundum var Sundpollur í Hámelsgili. Þetta er beint upp af Brautarhól þar var stundað og kennt sund hér áður fyrr,” segir í örnefnaskrá. Sundpollsmór er nú tún norður af súrheysturni í landi Sunnuhlíðar. Pollurinn var þar norðan við lækinn, um 25 metra vestur af Þjóðvegi 1. Slétt tún liggur að læknum, búið er að umbylta öll og slétta úr lauginni.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:SSB, 77; Ö-Svalbarðsstrandarhreppur, 32



SP-013:013, Túnakort af Brautarhóli frá 1917

SP-013:013 Brautarhóll bæjarstæði býli

65°45.419N 18°04.484V


Brautarhóll var byggður í landi Neðri-Dálksstaða árið 1906 og var upphaflega grasbýli með 1,3 ha lands, en stækkaði árið 1928 upp í 1/3 jarðarinnar. Gamli bærinn stóð þar sem núverandi íbúðarhús á Brautarhóli stendur nú. Undir húsi, austan við húsið er slétt hlað en vestan húss er garður og slétt tún. Þar var upphaflega torfbær en nú stendur tveggja hæða hús með kjallara á staðnum þar sem torfbærinn stóð. Til er túnakort af Brautarhóli og 1917 er túnið 0,8 ha. (4/5 slétt) garðar 253 m². Bæjarhóll er þar og eitt útihús.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:BBSÞ 1986, 41

SP-013:014 tóft

65°45.370N 18°05.186V




SP-013:014, tóft

Í Dálkstaðagilinu, rétt 5 metra vestur af læknum og 20 metra suður af bæjarhól 001, er gróin tóft. Í þýfðum móa undir brattri brekkunni. Tóftin hefur verið byggð utan í háan bakka á gílinu á smá sléttum slakka utan í brekkunni og eru engin veggir að norðanverðu. Tóftin er aðeins eitt hól, 9x3 metrar að utanmáli en 5x2 metrar að innanmáli. Hún opnast til suður að læknum. Veggir ná mest 0,6 metrum á hæð. Tóftin er ekki fornleg, gæti verið gömul kartöflugeymsla. Tóftin fyllist af snjó á veturna.

Hættumat: hætta, vegna rofs

SP-014 Efri-Dálksstaðir



Efri-Dálksstaðir, mörk túns og útihúsa árið 1917

40 hdr. með Neðri -Dálkstöðum 1712. 29.11.1431: Kaupbréf Árna Einarssonar fyrir hálfum Dálksstöðum. (DI IV 481) 1434 fær Þorkell Bergsson Guðrúnu konu sinni 30 hundruð upp í jörðina Dálksstaði. (DI IV, 550-551). 6.11.1446: Gunnlaugur Teitsson vottar að Þórný Bergsdóttir hafi átt hálfa Dálksstaði. (DI IV, 696) 11.8.1478: Magnús Þorkelsson selur Dálksstaði. (DI VI, 148, 149) 4.4.1481: Jón Þisill og Björg Þórkelsdóttir afhentu Guðrúnu Andrésdóttur Dálksstaði. (DI VI, 349) 1559: Páll Jónsson semur við föður sinn og bróður um jarðirnar Svalbarð, Breiðabólstað og Tungu, ásamt Dálksstöðum og hálfri Garðsvík. (DI XIII, 414-415) Dálksstaðir voru ein jörð á 15. öld en á 16. öld er getið í skjölum um tvenna Dálksstaði þó fullgerð landamerki hafi ekki verið á milli jarða fyrr en á 19. öld. 1712: Dálksstaðasel var eitt sinn í byggð áður en þar var selstaða. Bakki og Sæból voru bæði byggð í Efri-Dálksstaðalandi 1890 fór í í eyði 1950.

1712: “Torfrista og stúnga nær. Móskurður hefur að fornu verið, brúkast ei. Elt er taði undan kvikfje. Fjalldraparíf lítið og valla teljandi. Grastekja lítil. Rekavon mjög lítil, hepnast sjaldan. Skefiskfjara hefur áður verið, nú engin. ... Túnið spillist nokkuð af sandfoki, þó er enginn partur þess þar fyrir eyðilagður. Engjar eru mjög lakar og slitróttar og valla engi kallandi. Útigangur fyrir rosíð fje í betra lagi, þarf þó jafnan nokkurn heystyrk, og lömb mestan part fôður. Hestganga í betra langi. Úthagarnir bjarglegir.” (JÁM XI, 13) 1917: 5,17 ha. (2/3 sléttað) garðar 670 m². 1964: Efri-Dálksstaðir eru utar og ofar en Neðri-Dálksstaðir. Túnin lágu saman.” (SSB, 79)

SP-014:001 Efri-Dálksstaðir bæjarhóll bústaður 65°45.447N 18°05.074V
Gamli torfbærinn á Efri-Dálksstöðum var á sama stað og núverandi íbúðarhús. Suðurhluti hússins sem nú stendur var byggður við torfbæinn árið 1937 og var torfbærinn síðan rifinn fyrir 1957 er norðurhúsið var byggt. Kjallari er undir húsinu að norðanverðu og bæjarhóllinn því mikið skemmdur. Undir húsi, tún umhverfis húsið nema að austanverðu þar sem bílastöð er. Í eldhúsinu var niðurgraffinn brunnur sem var notaður fram yfir 1930. Vatn var leitt í bæinn árið 1927. Ekki er hægt að sjá neinar leifar bæjarhóls. Dálksstaðir voru eitt sinn ein jörð og ekki er vitað hvort var búið á Efri eða Neðri Dálksstöðum þá.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917.

SP-014:002 Sæból heimild um býli

65°45.531N 18°05.301V

“Sæból, í landi Neðri[Efri]-Dálksstaða, niður við sjó, byggt 1890, fór í eyði 1950,” segir í Svalbarðsstrandarbók. BBSÞ: “Bakki, í landi Neðri [Efri]-Dálksstaða, niður við sjó, byggt 1890, fór í eyði 1950,” LÞ: “Úr landi Efri-Dálksstaða voru byggð tvö býli samstæð, við sjóinn, um 1890. Þau standa þar, sem nú er vallarfótur heimajarðar. Þar var lítil grasnyt, og bjuggu þar sjómenn með örfáar kindur. Húsin standa enn, og var þar síðast búið 1947 ...” Býlin voru í norðvesturhorni túnsins, rúma 230 metra norðvestur frá bæjarhól 001. Þar er nú sléttáð tún. Jóhannes Kristjánsson man eftir tóftum eftir bæina eða útihús frá þeim. Bakki og Sæból voru sambyggðir bæir undir sama þaki.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917; BBSÞ 1986, 53; LÞSB, 71

SB-014:003 *Geirskofi* heimild um útihús 65°45.538N 18°05.309V

“Einn kofi enn var þessum bæjum [Dálksstöðum] tilheyrandi, en hann var rétt utan og neðan við Bakkabæinn og var kallaður Geirskofi. Kartöflugarður var þar fyrir neðan kallaður Geirsgarður,” segir í örnefnaskrá. Um 250 metra norðvestur af bæjarhól 001 var Geirskofi, á þessu svæði er nú úr sér vaxinn kálgarður, um 1 metra norðvestur af Sæbóli - Bakka 002. Húsið er merkt inná túnakort. Sléttáð tún er umhverfis garðinn. Engar minjar sjást um húsið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917; Ö-Svalbarðsstrandarhreppur, 36

SB-014:004 heimild um útihús 65°45.534N 18°05.318°V

Miðað við túnakort frá 1917 var útihús um 5 metra vestur af Sæbóli - Bakka 002, í túnjaðrinum, fast við bratta brekku sem nær frá túnjaðri niður í fjöru. Þetta er tæpa 250 metra norðvestur af bæjarhól 001. Slétt tún. Heimildarmaður kannast ekki við húsið. Engar minjar sjást um húsið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

SB-014:005 heimild um útihús 65°45.477N 18°05.259V

Um 170 metra norðaustur af bæjarhól 001 var útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Heimildarmaður kannast ekki við tóft á þessum slóðum. Á þessu svæði er nú sléttáð tún. Engar minjar sjást um húsið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

SB-014:006 heimild um útihús 65°45.497N 18°05.188V

75 metra norðvestur af bæjarhól 001 var útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Í sléttuðu túni. Heimildarmaður kannast ekki við húsið, engar minjar sjást um það.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917.

SB-014:007 heimild um lendingu 65°45.457N 18°05.425V

“Lágar klappir ganga í sjó. Norðan undir þeim var bátalendingin og sjóbúð [008],” segir í Svalbarðsstrandarbók. “En Lendingin er það sem í mæltu máli er kallað, þar sem bátar voru settir. ... Í miðri lendingunni er steinn sem mér og öðrum var til ásteitingar þegar menn lentu báti, þegar vont var í sjó. Var ýmist rennt bátum upp norðan eða sunnan við þennan stein,” segir í örnefnaskrá. Fjaran er tæpa 270 metra vestur af bæjarhól 001, hún er 15-20 metra breið. Nokkurt grjót er í fjörunni og einnig klappir. Lendingin er enn notuð. Grýtt fjara.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: SSB, 79; Ö-Svalbarðsstrandarhreppur, 34

SB-014:008 heimild um sjóbúð 65°45.441N 18°05.401V

“Lágar klappir ganga í sjó. Norðan undir þeim var bátalendingin og sjóbúð,” segir í Svalbarðsstrandarbók. Upp af fjörunni er 1-2 metra hár bakki og var sjóbúðin grafin þar inn í bakkann. Þetta er um 250 metra VSV af bæjarhól 001 og 35 metra suðaustur af lendingunni 007. Gróinn brattur bali, mjög mikill njóli vex þar og hefur ekki verið brennd sina á bakkanum í nokkur ár. Heimildamaður taldi að enn mætti sjá einhverjar hleðslur eftir sjóbúðina en of mikill gróður var á svæðinu til þess að hægt væri að finna hana.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: SSB, 79.

SB-014:009 *Dálkastaðasel* bæjarstæði býli 65°45.492N 18°03.882V

1712: “Dalkstada sel kallast selstæði jarðarinnar í heimalandi upp í fjallinu. Þar eru fornar girðingar

Því líkar sem þetta sje fornt eyðiból. Búið hefur hjer verið um nokkur ár í manna minni, þó langt sje síðan, en ekki kunna nálægir að undirrjetta um byggíngarkosti, en rómast að þar hafi þá fóðrast í kýr eður kýrþúngi. Aftur má hjer byggja, er þó túnstæði og annar heyskapur mjög lítill,” segir í Jarðabók Árna og Páls. “Móbrún heitir út og upp frá bænum. Þar fyrir ofan er Neðribithagi, neðan vegar, en Efribithagi ofan vegarins. Þá er Sandmýrarhall, Sandmýri, Selhall og Selmór. Á Selhalli var Dálkastaðasel. Þar var búið til forna; hafa sézt þess ummerki. Heystæði er í miðju Selhalli. Selmýri er við Dældarlæk, á merkjum við Granastaði,” segir í Svalbarðsstrandarbók. “Sandmýri er kölluð landspilda norðan við Bæjarlækinn upp á Sandmýrarhallinu. Þar norðan við “holtin norðan við Sandmýrina”. Þar ofan við er hall sem kallað er Selhall. Ofan við Selhallið tekur við hjalli dálítið breiður. Syðst á þessum hjalla er þýfður mór. Sést þar móta fyrir garði kringum Seltúnið en Seltætturnar eru í því ofan til við miðju. ... Norðan við Seltúnið er Selmýri þar var slegið sem engi til skamms tíma. ... Á miðju Selhallinu neðan við Selmýrina er tóftarbrot kallað Heystæði þar var hey sett saman á sumrum og ekið heim á sleðum á vetrum,” segir í örnefnaskrá. Selhallið er greinilegt hall í landi beggja Dálksstaðajarðanna. Norðan við mitt hallið er lækur nálægt landamerkjum jarðanna og er sennilegast að selið hafi verið þar öðru hvoru megin við lækinn. Engjar minjar eru nú sjáanlegar eftir selið og engin heimildarmanna mundi eftir tóftum þess þótt allir könnuðust við nafnið. Í landi neðri-Dálksstaða er hallið sjálft orðið að túni en sunnan við, í landi Efri-Dálksstaða, er hallið þýft vaxið lyngi og grasi.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:JÁM XI, 13; SSB, 80-81; Ö-Svalbarðsstrandarhreppur, 32, 37

SB-014:010 varða 65°45.509N 18°00.739V

“Er þá komið að samgirðingu. Eru þá fyrst Höllin og Illumýrarhall, ofar Illamýri, ofar Hjalli, með nokkrum lautum, þá Hjallabrun. Þá er mýri, en ofan hennar allbrött brekka upp á Litlahnjúk. Á honum er vörðubrot,” segir í Svalbarðsstrandarbók. Varðan var ekki skráð á vettvangi sumarið 2004 heldur staðsett á korti með hjálp heimildamanna. Hún er um það bil 3,5 km austur af bæ.

Heimildir:SSB, 81.

SB-014:011 *Dálkastaðakot* heimild um býli 65°45.452N 18°05.075V

“Snemma var hér byggð hjáleiga, kölluð Dálkastaðakot.” Segir í Svalbarðsstrandarbók. Staðsetning býlisins ekki þekkt lengur, hnit tekin 2 metra vestur af 001. Kotsins er ekki getið í neinum örðum heimildum og ef til vill hefur þessu verið slegið saman við Dálksstaðasel, 009, þar sem búið var.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:SSB, 74.

SB-014:012 heimild um 65°45.414N 18°05.288V

Samkvæmt heimildamanni var kartöflugeymsla 175 metra suðvestur frá bæjarhól 001. Svæðið er á kafi í njóla síðsumars, þegar lítill gróður er sjást leifar geymslunnar að sögn heimildamanna.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SB-014:013 *Sjávargata* heimild um leið 65°45.433N 18°05.387V

“Rétt norðan við hvamminn er sniðskorinn vegur ofan í hvamminn og ofan að sjónum Sjávargata,” segir í örnefnaskrá. Sjávargata hét leiðin frá bænum að lendingunni 007 og lá hún á sama stað og núverandi vegaslóði liggur frá bænum og niður að sjó. Gróinn moldarvegur.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir:Ö-Svalbarðsstrandarhreppur, 34

SB-014:014 varða landamerki 65°45.946N 18°05.100V

“Þaðan liggja merkin móti Gautsstöðum upp í Dældarkrök um vörðu á sjávarbakka,” segir í örnefnaskrá. Varða var á landamerkjum við Gautsstaði en hún er horfin nú. Sléttað tún og skurður. Ekki vitað af hverju varðan er horfin og heimildarmenn kannast ekki við tilvist hennar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Svalbarðsstrandarhreppur, 35

SB-014:015 *Svarðargrafir* heimild um mógrafir 65°45.605N 18°05.190V

“Rétt upp af Syðri-Forvaða er túnspilda nefnd Forvaðatún. Ofan við bjargið er svarðartekja góð. Er hér öllu vanalegra að tala um svörð og svarðartekju en þó gengur hvort tveggja í mæltu máli. Var spilda þessi ofan bjargsins nefnd Svarðargrafir eða aðeins Grafir. Nú er búið fyrir þrem árum að gera þetta að túni og sjást nú engin merki svarðargrafanna gömlu. ... Svörðurinn var áður fyrir fluttur fram á bjargið og þurrkaður þar,” segir í örnefnaskrá. Að sögn heimildamanns voru mógrafirnar 160 metra

norðaustur af Bakka - Sæbóli 002. Þar sem mógrafirnar voru áður er nú sléttað tún. Jóhannes Kristjánsson man eftir mógröfunum en ekki notkun þeirra.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Svalbarðsstrandarhreppur, 35

SB-014:016 *Öskuhaugur* heimild um 65°45.503N 18°05.321V

“En ofar, litlu norðar en Ystihvammur, er brött brekka sem fyrir nokkrum árum var melur en er nú gróin. Þetta er kölluð Brekkan. neðan við Öskuhauginn”, segir í örnefnaskrá. , engin heimildamanna kannast við þetta nafn. Sléttað tún. Ekki sést til Öskuhaugsins vegna sléttunar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Svalbarðsstrandarhreppur, 35

SB-014:017 *Vallargarður* heimild um túngarð 65°45.534N 18°05.119V

“Sunnan við Bjargið er ofurlítill túnspilda, er nefnd sléttan sunnan í Bjarginu eða Bjargslétta. Hún liggur suður að lágarskorunni, utan við Bakkabæinn ...Ofan við þessa sléttu er upphlaðinn vegur heim að Vallargarði. En Vallargarðurinn var rétt sunnan við þessa lágarskoru. Vegur þessi var fyrst og fremst gerður til að aka þar heim sverði utan af Bjarginu [015]. Hann var kallaður Svarðargrafarvegur,” segir í örnefnaskrá. Vallargarðurinn var sunnan við lágina sem liggur austur-vestur við túnið neðan við bæinn. Við túnamörk (að norðanverðu) á túnakorti. Hann hefur verið um 170 metra norðvestur af bæjarhól 001. Í sléttuðu túni.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Svalbarðsstrandarhreppur, 36

SB-014:018 *Svarðargrafarvegur* heimild um leið 65°45.525N 18°05.020V

“Sunnan við Bjargið er ofurlítill túnspilda, er nefnd sléttan sunnan í Bjarginu eða Bjargslétta. Hún liggur suður að lágarskorunni, utan við Bakkabæinn ...Ofan við þessa sléttu er upphlaðinn vegur heim að Vallargarði [017]. En Vallargarðurinn var rétt sunnan við þessa lágarskoru. Vegur þessi var fyrst og fremst gerður til að aka þar heim sverði utan af Bjarginu [sjá 015]. Hann var kallaður Svarðargrafarvegur,” segir í örnefnaskrá. Í sléttuðu túni. Engin merki sjást um upphlaðinn veg. Leiðin frá bæjarhólum að svarðargröfunum er tæpir 300 metrar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Svalbarðsstrandarhreppur, 36

SB-014:019 *Dálksstaðarétt* heimild um rétt 65°45.514N 18°05.152V

“Beint norður og niður af bænum var kartöflugarður kallaður Dálksstaðagarður. Þar norðan við var fjárrétt, Dálksstaðarétt tilheyrði hún báðum bæjunum. Síðan hefur hún verið flutt tvisvar,” segir í örnefnaskrá. Réttin var á milli kartöflugarðsins og vallargarðsins 017, rúma 40 metra suður af 017. Í sléttuðu túni. Réttin er horfin.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SB-014:020 þúst útihús 65°45.458N 18°05.168V

75 metra norðvestur af bæjahól 001 er aflöng dokk í sléttuðu túni. Heimildarmaður greindi frá því að á þessu svæði hefði einu sinni verið tóft af útihúsi sem svo var rifin og sléttuð þegar túnin voru sléttuð. Á þessu svæði er nú sléttað tún. Í dokkinni sjást óglöggar leifar af húsinu, þúst sem er 7-8 metra löng og um 2 metrar á breidd.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SB-014:021 *Jóhannskofi* heimild um fjárhús 65°45.499N 18°05.326V

“Niður á Barðinu sunnan við Öskuhauginn [016] sem fyrr getur er tóftarbrot, þar var kindakofi, kallaður Jóhannskofi,” segir í örnefnaskrá. Kofinn var, rúma 200 metra norðvestur af bæjarhól 001. Á þessu svæði er nú sléttað tún. Engin merki sjást um húsið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Svalbarðsstrandarhreppur, 36

SB-014:022 *Indriðakofi* heimild um fjárhús 65°45.527N 18°05.302V

En suður af Bakkabæjum, suður á túnflötinni var annar kofi kallaður Indriðakofi. Þar höfðu líka verið fjárhús frá Efri-Dálksstöðum fram yfir síðustu aldamót. Nú sér enginn merki þessa,” segir í örnefnaskrá. Þetta var 220 metra norðvestur af bæjarhól 001. Á þessu svæði er nú sléttað tún. Engin merki sjást um húsið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SD-014:023 *Efri-Fjárhús* heimild um fjárhús

65°45.524N 18°05.129V

“Norðan við réttina 019 var fjárhús kallað Lambakróin. Þar norðan við var annað fjárhús Sauðhúsið. Þar fyrir norðan við Hrútakofi. Túnið norðan við og upp og norður að vallargarði, 017, var nefnt Úttún. Sameiginlegt nafn á þessum fjárhúsum sem hér hafa verið nefnd var svo Efri-Fjárhús,” segir í örnefnaskrá. Þessi hús voru norðan við réttina 019 en nákvæm staðsetning þeirra er ekki þekkt. Á þessu svæði er nú slétt tún. Gengið var um allt túnið og hvergi að sjá líklegri stað en hvern annan fyrir staðsetningu þessa húss. Ekki er vitað hvort þetta voru staðstæð hús eða sambyggð en þar sem staðsetning þeirra er óljós eru þau öll skráð saman.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Svalbarðsstrandarhreppur, 36-37


SD-014:024 *Neðri-Fjárhús* heimild um fjárhús

65°45.508N 18°05.193V

“Nokkru neðar [en 023] voru svo Neðri Fjárhúsin, þar var Hesthúsið viðbyggt, neðan við Fjárhúshlað, Húsabrekka þar ofan við,” segir í örnefnaskrá. Ekki er vitað hvar þessi hús voru nákvæmlega. Á þessu svæði er nú slétt tún. Gengið var um allt túnið og hvergi að sjá líklegri stað en hvern annan fyrir staðsetningu þessa húss. Ekki er vitað hvort þetta voru staðstæð hús eða sambyggð en þar sem staðsetning þeirra er óljós eru þau öll skráð saman.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar


Heimildir:Ö-Svalbarðsstrandarhreppur, 36-37



kort 10. Minjakort fyrir Gautsstaði, Þórisstaði og Leifshús

SP-015 Gautsstaðir

40 hdr. 1550/1712, bænhus var á jörðunni. 21.2.1433: “sagdi biorn [Sæmundsson seljandi] til bænhus skylldar a gavgstavdvm” (DI IV 528). 1463: varðveist hefur bréf þar sem er fjalla um arf Eyjólfssonar eftir systur sína. Þar hafði Oddur bóndi (mágur Eyjólfssonar) fengið Þórisstaði (Þóroddsstæði) og Gautsstaði og fékk Oddur Eyjólfur jörðina Garðsvík. (DI V, 393). 1550: Í kaupmálaþreffi Magnússonar og Elendar Jónsdóttur segir að Elena hafi fengið Þóroddsstæði fyrir 50 hundruð og Gautsstaði fyrir 40 hundruð frá móður sinni Guðnýju Grímsdóttur. (DI XI, 823). 1564: Gaf Helena Jónsdóttir Magnúsi Þórisstaði og Gautsstaði (DI XIV, 229-230). 1712: Gautstaðakot eyðihjáleiga.



Gautsstaðir, mörk túns og útihúsa árið 1917

Landinu var skipt upp í tvær jarðir 1946 en sameinaðar aftur 1972. “Gautsstaðir [svo], í landi Gautsstaða, upp við fjall, óvíst um fyrstu byggð, fór í eyði fyrir 1800.” BBSÞ 1986, 53.

712: “Torfrísta og stúnga slök. Móskurður hefur að fornu verið. Elt er taði undan kvikfje. Fjalldraparíf mjög lítið. Grastekja lítil. Rekavon ekki teljandi því festifjara er engin. Skelfisksfjara lítið ut supra. Túnið spillist nokkuð af sandfoki ut supra. Engið spillist af vantsuppgangi, sem jetur úr rótina. Úthagarnir eru bjarglega grösugir og víðlendir.” JÁM XI, 14. 1917: 7,2 ha. (3/5 sléttað) garðar 1115 m². 1986: “Land jarðarinnar er mikið, bæði á láglendi og til heiðarinnar.” BBSÞ 1986, 42

SP-015:001 *Gautsstaðir* bæjarhóll bústaður 65°46.60N 18°04.19V

Bæjarhóllinn var vestan og sunnan við núverandi hlöðu og er bæjarhóllinn alveg horfinn. Bæjarhóllinn er algjörlega horfinn, þar er nú rennislétt hlað og útihús fast norðan við svæðið sem bæjarhóllinn var á. Flutt var úr torfbænum um 1934 en hann var notaður sem fjós lengi eftir það.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917.

SP-015:002 heimild um bænhus 65°46.061N 18°04.419V

GAUTSSTAÐIR Á SVALBARÐSSTRÖND (SÞ) (SVALBARÐSPING) - BÆNHÚS 21.2.1433: sagdi biorn [Sæmundsson seljandi] til bænhus skylldar a gavgstavdvm; DI IV 528 “Hér var bænhus í kaþólskum sið,” segir í Svalbarðsstrandarbók. Ekki er vitað hvar bænhusið stóð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: SSB, 82; DI IV 528; SSB, 82.

SP-015:003 heimild um útihús 65°46.096N 18°04.416V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús 35-40 metra norður af bæjarhól 001, þar er nú hlað og hús og öll ummerki því horfin. Undir húsi eða sléttað í hlaðið. Engin heimildamanna man eftir þessu húsi.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1917

SP-015:004 heimild um fjárhús 65°46.117N 18°04.528V
Um 90 metra norðvestur af útihúsi 003 var útihús samkvæmt túnakorti frá 1917 að sögn Olgeirs Friðbjörnssonar var það fjárhús. Þar er nú sléttað tún.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1917.

SP-015:005 heimild um hesthús 65°46.125N 18°04.565°V
Útihús var 165 metra norðvestur af bæjarhól 001, 60 metra suðaustur af fjárhúsi 006 miðað við túnakort frá 1917, að sögn Olgeirs Friðbjörnssonar var það hesthús. Í sléttu túni.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1917.

SP-015:006 heimild um fjárhús 65°46.152N 18°04.609V
Útihús var 60 metra norðvestur af hesthúsi 005, 225 metra norðvestur af bæjarhól 001 miðað við túnakort 1917, að sögn Olgeirs Friðbjörnssonar var það fjárhús. Á þessu svæði er nú sléttað tún.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1917.

SP-015:007 heimild um fjárhús 65°45.998N 18°04.357V
120 metra suðaustur af bæjarhólnum 001, undir geymslu sem stendur nú (2004) var útihús samkvæmt túnakorti frá 1917, að sögn Olgeirs Friðbjörnssonar var þar fjárhús með hlöðu. Fjárhúsin eru nú undir húsi.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1917.



SP-015:008 heimild um lendingu 65°46.086N 18°05.136V
“Niðri frá gílinu var lending og sjóbúð,” segir í Svalbarðsstrandarbók. Lendingin var þar sem lækurinn rennur í sjó fram, um 20 metra norðvestur af sjóbúðinni 009. Á þessu svæði er fjaran grýtt, engar hleðslur eru sjáanlegar við lendinguna. Lendingin er ekki lengur notuð.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:SSB, 82.

SP-015:009, sjóbúð

SP-015:009 tóft sjóbúð 65°46.085N 18°05.136V
“Niðri frá gílinu var lending [008] og sjóbúð,” segir í Svalbarðsstrandarbók. Sjóbúðin er 165° metra norðvestur af meintu Þorgeirsbólaleiði 010, tæpa 550 metra vestur af bæjarhólnum 001. Tóftin er í hallandi gróinni brekku sem er nokkuð þýfð og vel gróin.

Sjóbúðin hefur verið grafin inn í bakkann og síðan hlaðið ofan á kantana. Engar hleðslur eru sjáanlegar núna. Tóftin er einföld og aðeins eitt hól, opin til vesturs að sjónum. Tóftin er 2x3 metrar að innanmáli. Veggjaþykkt um 1 metri, hæð mest 0,5 metrar. Að austan er eins og það hafi verið lítil upphækkun inni tóftinni um 1 metra breið meðfram öllum austurveggnum.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:SSB, 82.

SP-015:010 Þorgeirsbólaleiði heimild um legstað 65°45.999N 18°05.093V
“Bakkar eru kallaðir sunnan Gautsstaðagils, fremur hrjóstrugir móar. Þar er há þúfa, ekki ólík því að vera upp hlaðin, er hún kölluð Þorgeirsbólaleiði. ... Einhvern tíma, er fólk frá Gautsstöðum var í grasaheiði, var þar með stúlka, er Margrét hét. Hún ól barn á laun þar efra og gróf það í fönn í skál norðan í Gautstaðahnjúk, er síðan heitir Útburðarskál. Þetta komst upp, og var henni dæmt að drekkjast. Var þá Dældarlækur stíflaður með garði þessum [017]. Fékkst þar nægjanlegur pollur til að kæfa hana í. Þurfti ekki djúpt vatn til, því broddastafir voru notaðir til að halda þeim niðri í vatninu sem drekkja skyldi. Ekki er ljóst hvar Margrét þessi var dysjuð. Gæti verið, að þúfa sú, er kallast Þorgeirsbólaleiði, geymi bein hennar. Reimt þótti á þessum slóðum, er rökkvað var. Hafa núlifandi menn orðið slæðings varir,” segir í Svalbarðsstrandarbók. “Rétt ofan við sjávarbakkann, skammt norðan við merkin móti Dálksstöðum, er svo kallað Þorgeirsbólaleiði. Sagan um Þorgeirsbola er alkunn. En hvaðan hann er upprunninn og hvar hann er heygður eru sagnir ósamhljóma,” segir í örnefnaskrá. Olgeir Friðbjörnsson man greinilega eftir þúfu um 100 metra norður af merkjum við

Dálksstaði uppi á bakkanum beint upp af fjörunni. Olgeir leitaði þúfunnar síðasta sumar (2003) og fann ekki en gat staðsett hana af korti um mitt túnið. Sinuvaxið kargapýfi í túnjaðri. “Þorgeirsboli var atkvæðamestur draugur hér á norðurslóðum, meðan slíkir voru og hétu. Hann gekk lengi ljósum logum, dragandi húðina á eftir sér, og var talið, að Húsavíkurskotta og einhver Móri, sem hún átti vingott við, hefðu stundum fengið sér ókeypis far á húðinni ym héruð ...,” segir í Árbók Ferðafélagsins. Á þessu svæði eru nokkrar þúfur og er ekki ljóst hver þeirra er Þorgeirsbolaleiði.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:SSB, 82-83.; Ö-Svalbarðsstrandarhreppur, 40; ÁFÍ 1969, 37

SB-015:011 Þinggerði heimild um þingstað 65°45.874N 18°04.455V

FF: 1817: “Þinggerði heitir fyrir sunnan Völlinn á ... Gavkstöðum, þar der Dómhringur gamall med Tóptar broti í Midju. - Til Dóma skal þar lengi fram eptir hafa gengid verid. Lækur rennur þar hiá med einum Hyldjúpum Polli, sem heitir Mavngu- c: Margretar- Pollur, konu skal þar hafa dreckt verid fyrir Dul og Utburd á barni hennar, sem skyldi fundist hafa þar uppí Fjallinu, hvar sídan heitir Útburðar Skál.” “Sunnanvert við Gautsstaðagil, lítið ofar en bærinn, var Brunamór. Þar voru tóttir og hringlaga gerði umhverfis. Var það kallað Þinggerði. Benedikt Árnason elur eftir gömlum munnmælum, að hér hafi verið leiðarþingstaður hreppsins. Þar litlu ofar er Gautsstaðardæld. Um hana rennur Dældarlækur. Lítinn spöl niður frá veginum sér fyrir garðstubbum við lækjarseyru þessa. Við þennan stað er tengd ein af mörgum harmsögum Stóradómstímans [sjá 010 og 017],” segir í Svalbarðsstrandarbók. “Sunnan og neðan við Dældarkrók er Þinggerði talinn gamall þingstaður. Enn sjást greinileg merki um hringlaga garðhleðslu (dómhring?) þetta er sunnan í melnum,” segir í örnefnaskrá. Gerðið hefur verið sléttað og muna heimildamenn ekki eftir þessum tóftum. Staðsetningin er nokkuð nákvæm því nafnið hefur haldist, 340 metra suður af bæjarhól 001.

Sléttað tún.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:SSB, 82; FF II, 557; Ö-Svalbarðsstrandarhreppur, 40

SB-015:012 Gautsstaðakot bæjarstæði býli 65°45.967N 18°04.049V


1712: “Gautsstaðakot, eyðihjáleiga. Bygð fyrir manna minni í úthögum upp frá jörðunni, og varaði bygðin inn til næstu 15 eða 16 ára, og rómast að þetta kot væri þá talið fyrir fjórðung allrar jarðarinnar með einnri dagsláttu, sem því var tillögð af heimatúninu. Byggingarkostir undirjettast hjer ekki greinilega, meinast þó hinir sömu og þá voru á hvörjum tíu hundruðum á heimajörðunni,” segir í Jarðabók Árna og Páls. LÞ: “Gautsstaðakot er eyðihjáleiga frá Gautsstöðum uppi undir fjalli. Þar var byggt fyrr á öldum en fór í eyði fyrir 1700. Endurbyggt skamma hríð seint á 18. öld.” “Ofan við nesið er Mýri og Grund neðan vegarins að bæjarlæk. Ofan vegar er líðandi brekka. Kallast brún hennar Móbrún suður að bæjarlæk. Þar ofar er Gautastaðamór, upp að fjallsbrekku og suður að Dældarlæk. Suður af Móbrún, sunnan bæjarlækjar, stóð Gautsstaðakot á litlum hól. Það mun hafa farið í eyði 1696,” segir í Svalbarðsstrandarbók. BBSÞ “Gautsstaðir [svo], í landi Gautsstaða, upp við fjall, óvíst um fyrstu byggð, fór í eyði fyrir 1800.” . Gautsstaðakot var tæpa 330 metra suðaustur af bæjarhólnum, 001, þar sem nú er sléttað tún. Það hefur verið um 50 metra norður af afgirtum trjáreit. Á þessu svæði var kartöflugarður sem síðan var umbýlt og breytt í tún. Alls engar leifar sjást nú af kotinu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:JÁM XI, 14;LÞSB, 72; SSB, 83; BBSÞ 1986, 53

SB-015:013 Seltóttir tóftir sel 65°45.818N 18°03.436V

“Ofan samgirðingar er Seldalshryggur og Seldalur ofan hans. Vestan í Seldalshrygg eru smálautir. Í einni þeirra lauta eru Seltóttir, ... Lítið hall ofan við Seldal kallast Selhjalli,” segir í Svalbarðsstrandarbók. “Neðst í fjallinu er lægð frá norðvestri til suðausturs, sem heitir Seldalur og brúnin neðan við dalinn heitir Seldalshryggur í þessum rana eru smádokkir, í dokk í rananum miðjum eru rústir Sel syðst í rananum er svo annað tóftarbrot, þar er líklega eftir stekk [014],” segir í örnefnaskrá. Svæðið er tæpa 900 metra suðaustur frá bæjarhól 001. Til að komast að selinu er best að ganga austur túnin sem eru gegnt heimreiðinni að Gautsstöðum. Best er að ganga suðaustur að gilinu og fylgja því upp að fjallsgirðingu. Fara þarf yfir hana og suður yfir lækinn og ganga upp Seldalshrygginn áfram til suðausturs uns komið er að lægðinni þar sem tóftirnar eru. Lautin er slétt og vel gróin.



SP-015:013, Seltóftir

Alls eru í lautinni 6 tóftir á svæði sem er 45 X 60 metra stórt og má vel vera að þær leynist þar fleiri. Tóftirnar eru hér aðgreindar með bókstöfum til hægðarauka. A er ferningslaga tóft syðsta tóftin á svæðinu, 9x6 metrar að utanmáli en 7x4 metrar að innanmáli, liggur norðvestur-suðaustur en ekkert op er sýnilegt á henni. Hleðsluhæð er mest 0,3 metrar, engar grjóthleðslur sjást þar. Út úr vesturvegg tóftarinnar er garður um 4 metra langur sem tengist við tóft B. B er aflöng tóft, alls 15 metra löng og um 5 metra breið að utanmáli og opnast í suðaustur. Tóftin liggur suðaustur-norðvestur og er í þó nokkrum halla til suðurs. Götuslóði liggur gegnum tóft B og framhjá tóft A. Tóft C er 23 metrum vestur af tóft B. Þetta er tvíhólfa tóft sem virðist hafa haft op úr báðum hólfum á vesturvegg. Að sunnanverðu er minna hólfa, um 2x3 metrar að innanmáli sem opnast til vesturs. Innangengt er á milli hólfa. Nyrðra hólfið er stærra 5x4 metrar að innanmáli og opnast í norðvestur.



SP-015:013 Seltóftir (C og D) horft til norðvesturs



SP-015:013 Seltóftir (E) horft til vesturs

að innanmáli. Ekki er hægt að greina að innangengt hafi verið á milli þeirra. Alls liggja 4

Alls er tóftin 10x6 metrar að utanmáli og er hleðsluhæð mest 0,3 m. 9 metra vestur af C er tóft D. Það er lítil ferhyrnd tóft, líkist stekkjartóftum sem skráðar hafa verið í hreppnum. Hún er aðeins eitt hólfa, 4x5 metrar að utanmáli 2x3 metrar að innanmáli og opnast hún í austur, hleðsluhæð mest 0,3 metrar. 8 metra norður af C er ógreinileg tóft, F. Það er lítil tóft, aðeins 3x5 að utanmáli og 1x4 að innanmáli og opnast hún til vesturs, hleðsluhæð er aðeins 0,1m. 13 metra austur af F er greinilega þriggja hólfa tóft, E. Smávægilegt rof er vegna götutroðninga sem liggja fast við vesturhlið tóftarinnar. Alls er tóftin 10x7 metrar að utanmáli og snýr austur-vestur. Að suðaustan í tóftinni er stærsta hólfið, 8x2 metrar að innanmáli og opnast það til vesturs að götunni. Norðan við það hólfa eru tvö minni (jafn stór) bæði 2x2 metrar

götutroðningar um Seldalinn.


Hættumat: engin hætt

Heimildir:SSB, 83; Ö-Svalbarðsstrandarhreppur, 41

SP-015:014 tóft beitarhús

65°45.719N 18°03.275V

“Ofan samgirðingar er Seldalshryggur og Seldalur ofan hans. Vestan í Seldalshrygg eru smálautir. Í einni þeirra lauta eru Seltóttir [013], en sunnar á þeim hrygg eru Beitarhúsatóttir,” segir í Svalbarðsstrandarbók. “Neðst í fjallinu er lægð frá norðvestri til suðausturs, sem heitir Seldalur og brúin neðan við dalinn heitir Seldalshryggur í þessum rana eru smádokkir, í dokk í rananum miðjum eru rústir Sels syðst í rananum er svo annað tóftarbot, þar er líklega eftir stekk,” segir í örnefnaskrá. 215 metra suður af seljatóftunum 013 1,1 km suðaustur frá bæjarhól 001 er beitarhúsa (stekkjars) tóftin.



Beitarhúsatóftin liggur hátt í landslaginu syðst á Seldalshryggnum. Á þessu svæði er mjög þýft og vel gróið. Mjög stór tóft, 17x7 metrar að utanmáli og eru veggir mjög þykkir eða 2 metrar alls. Hleðsluhæð er mest 0,4 metrar en ekkert hleðslugrjót er sjáanlegt. Enginn útgangur sést og tóftin er aðeins eitt hólf, liggur hún norðvestur-suðaustur. Ekki sést garði. Utanvið vesturlangvegg gætu verið óljósar leifar annarrar byggingar eða eldra byggingarstigs.

Hættumat: engin hætt

Heimildir:SSB, 83; Ö-Svalbarðsstrandarhreppur, 41

SP-015:014, Beitarhúsatóft



SP-015:014, beitarhúsatóft horft til suðausturs

SP-015:015 Vörðuhólar varða

“... Vörðuhólar. Þeir eru beint suður af Selklett í Þórisstaðalandi. Tvær stórar vörður stóðu sín á hvorum Vörðuhól til 1930, en eru nú grjóthrúgur,” segir í Svalbarðsstrandarbók. Ekki skráð 2004 því engin heimildarmanna kannaðist við þetta nafn.

Heimildir:SSB, 83.

SP-015:016 Gautsstaðasel heimild um sel

“Kistugil kallast austur á heiði. ... Benedikt Árnason segir: “Einhvern tíma hafa Gautsstaðabændur haft í seli, því til er Gautsstaðasel í Kistugili, uppi á heiði. Annað sel er í miðju fjalli, sunnan við Þórisstaðamerki [sennilega sama og 013] ; sjást tóttir af báðum. - - Beitarhús hafa þeir líka haft til forna á sunnanverðum Seldalsrana; sjást þar enn tóttir

kallaðar Beitarhúsatóttir [014] “ Kistugil kallast austur á heiði. Munu Fnjóskdælir eigna sér þar land. Seltóttir kannast menn [þó] ekki við á þessum slóðum,” segir í Svalbarðsstrandarbók. Gautsstaðasel var ekki skráð 2004 þar sem enginn heimildamanna gat staðsett Kistugil enda tilheyrir það sennilega Fnjóskadal.

Heimildir:SSB, 84.

SP-015:017 Möngupollur heimild um aftökustað

65°45.952N 18°04.458V

“Bakkar eru kallaðir sunnan Gautsstaðagils, fremur hrjóstrugir móar. Þar er há þúfa, ekki ólík því að vera upp hlaðin, er hún kölluð Þorgeirsbólaleiði [010] Einhvern tíma, er fólk frá Gautsstöðum var í grasaheiði, var þar með stúlka, er Margrét hét. Hún ól barn á laun þar efra og gróf það í fönn í skál norðan í Gautstaðahnjúk, er síðan heitir Útburðarskál. Þetta komst upp, og var henni dæmt að drekkjast. Var þá Dædlarlækur stíflaður með garði þessum. Fékkst þar nægjanlegur pollur til að kæfa hana í. Þurfti ekki djúpt vatn til, því broddastafir voru notaðir til að halda þeim niðri í vatninu sem

drekka skyldi. Ekki er ljóst hvar Margrét þessi var dysjuð. Gæti verið, að þúfa sú, er kallast Þorgeirsbólaleiði, geymi bein hennar. Reimt þótti á þessum slóðum, er rökkvað var. Hafa núlifandi menn orðið slæðings varir,” segir í Svalbarðsstrandarbók. “Skammt neðan við Þjóðveginn í læk þeim sem fellur um dæld, Dældarkrök og í Gautsstaðagil er pollur sem heitir Möngupollur. Pollurinn dregur nafn sitt af því að stúlka sem dæmd var til dauða í Þinggerði var drekkt þar ... Þetta á að hafa gerst um miðja 18. öld ...” segir í örnefnaskrá. Þegar skráð var 2004 var lítið vatn í læknum sem rann framhjá Þinggerðinu (011), og því ekki hægt að staðsetja aftökustaðinn nákvæmlega. Því engin merki sjást um garðinn sem hlaðinn var. Á þessu svæði er nú lækur.

Hættumat: engin hætt

Heimildir:SSB, 82-83; Ö-Svalbarðsstrandarhreppur, 40

SB-015:018 *Hesthúshóll* örnefni hesthús 65°45.993N 18°04.352V

“Suður og uppi í túni er hóll sem heitir Hesthúshóll. ... Ofan við Þjóðveginn sunnan við Bæjarlækinn er mýri sem heitir Hesthúsmýri,” segir í örnefnaskrá. Engin heimildarmanna kannast við þetta nafn, en hesthúsið hlýtur að hafa verið suðaustur af bæjarhólum miðað við lýsingu örnefnaskrár. Sléttað tún.

Hættumat: hætt, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Svalbarðsstrandarhreppur, 40

SB-015:019 *Gautshóll* heimild um legstað 65°45.575N 18°00.228V

FF: 1817: “Á Þorustada Skardi á Vadla Heidi innan Svalbards Annex Sóknar - frá Glæsibæ - í Nordur Sýslu, það er nú í Þorustada- og Gavkstada- Landeignum á Svalbardströnd, kallast Þorershavgur og Gavkshagur; þeir Þorer og Gavkr, sem fyrstir skyldu hafa byggt nefnda bæi, og heitid þá eptir Nöfnum sínum, er sagt að séu þar heygdir en ecki líta nú Hólarnir þesslega út á neinn Hátt.” 1820: “J Svalbards Sókn, jnnan Þyngejar Sysslu, á svokalladri Vödluheíde, finnast 2r Forn manna hólur, annar nefndur Þorishóll, sem stendr á Fyrirnefndriheídi, Rétt upp undan Þorissstöðum á Svalbardsströnd; hinn Er kalladur Gaukshóll stendur ogso á Fyrirnefndri Heídi uppundann Gautstöðum í Sömu Sókn - J þessum Hólum meínast þeir að vera Heígdur, sem numid hafa aminstar Jarðir I Landnáms Tíð nefnilega - Þorissstadi og Gautstadi - Ecke veít eg til, að I þessa Hóla hafi nockurn tíma verid grafid, Eda nockud Fiemætt hafi þar I grend Fundist ...” “Ekki þekki ég örnefni þarna austan í brekkunni sem liggur niður að lækjardalnum, þar eru lágar sem kallaðar eru Gautslágar þær eru austan í hnjúknum og eru á merkjum. Í þeim er Gautur sem er á merkjum en það er haugur Gauts bónda,” segir í örnefnaskrá. Enginn heimildamanna vissi hvar Gautur var lagður til hinstu hvílu

Heimildir:Ö-Svalbarðsstrandarhreppur, 38; FF II, 554, 556

SB-016 Þórisstaðir

25 hdr 1712, en jörðin óskipt milli Þórisstaða og Leifshús og er öll jörðin 50 hdr. 50 hdr 1550. Leifshús voru 1/4 jarðarinnar og Sveinshús 1/4 en er Sveinshús lögðust undir Leifshús (fyrir 1712) urðu Leifshús 1/2 jörðin. 1463: varðveist hefur bréf þar sem er fjalla um arf Eyjólfss Arnfinnssonar eftir systur sína. Þar hafði Oddur bóndi (mágur Eyjólfss) fengið Þórisstaði (Þóróddsstaði) og Gautsstaði og fékk Oddur Eyjólfur jörðina Garðsvík. (DI V, 393). 1473: Það ár selur Steinmóður Höskuldsson Magnúsi Oddssyni jörðina Þórisstaði fyrir 60 hdr, þá voru landamerki: “Sudur j merkisgard þar geingid er ofann effter monumm fyrir sunnann Þorstadagil. Enn Riettsyness þaðann sem gardenn þrytur og ofan j hofdan fyrer sunnann Þoroddshofda. Enn ut frá j lækiargilid fyere sunnann Bakagierdi. stodu þar tveir Raudir flater steinar j lækiar osenum. voru uppe umm fioru. en nidri umm flod. Sagdi Steinmodur þar markisteina vera. Þaðann Riettsyne uppi Gardinn er legi under breckunne fyrir sunnann Snæbiarnargierdi og ofann j lækinn og þadan Riettsune uppi nautastein. of þadan sionhending nordur j Hrossada. Svo og ætti Þorstedir landeign ut a Flateyjarðalsheiði og giellidifiár rekstur a millum mógilia til motz vid Gardswijk.” (DI V, 694-695). 1485: Þóróddsstaðir á Svalbarðsströnd nefndur í kaupmálabréfi Sveins Sumarliðasonar og Guðríðar Finnbogadóttur. (DI VI, 547-548) 1505: Jón Guðmundsson færir Gottskálki biskupi Þórisstaði (DI VII, 804). 1547: Jón Magnússon samþykkir jarðakaups Jóns biksupr og Guðnýjar Grímsdóttur á Þórisstöðum. (DI XI, 573). 1550: Í kaupmálabréfi Magnúsar Jónssonar og Elendar Jónsdóttur segir að Elena hafi fengið Þórisstaðir fyrir 50 hundruð og Gautsstaði fyrir 40 hundruð frá móður sinni Guðnýju Grímsdóttur. (DI XI, 823). 1553 Jöðrin Þórisstaðir seld (DI XII, 547-548). 1553: Dæmd gild gjöf Jóns Arasonar til Guðrúnar Magnúsdóttur sonardóttur hans en hann gaf henni Þórisstaði. (DI XII, 539-540, sjá 632-3) 1564: Gaf Helena Jónsdóttir Magnúsi Þórisstaði og Gautsstaði (DI XIV, 229-230). Leifshús í byggð 1847. Gata, eyðihjáeiga í meira en 40 ár. 1712 hét jörðin Þóróddsstaðir. Þórsmörk, byggð úr landi Þórisstaða 1946. Ítök 1712: “Afrjettarlandspart nokkurn á jörðin á Flateyjarðalsheiði hjá Mógiljum, Þangað er full

Þíngmannaleið, og því hefur jörðin ekkert gang af þessu afrjettarlandi.” (JÁM XI, 15)
 1917: 8,3 ha. (18/20 sléttað) garðar 1300 m². 1086: “Landrými er allmikið, einkum til heiða.” (BBSÞ 1986, 43.)



Þórisstaðir, mörk túns og útihúsa árið 1917

SP-016:001 Þórisstaðir bæjarhóll bústaður 65°46.339N 18°04.239V
 Bæjarhóllinn var fast við merkin við Leifshús, nú í heimreið eða hlaði, rúma 40 metra norðvestur af réttinni 021. Núverandi bæjarhús eru sunnar og vestar en bæjarhóllinn var. Undir heimreið eða í hlaði. Öllu hefur verið umbylt á Þórisstöðum og bæjarhóllinn alveg horfinn.
Heimildir: Túnakort 1917

SP-016:002 heimild um myllu 65°46.313N 18°04.431V
 Að sögn heimildarmanns var mylla tæpa 230 metra suðaustur af fjárhúsum 017, 150 metra suðvestur af bæjarhól 001. Í sléttuðu túni. Ekkert sést til fornleifar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

SP-016:003 heimild um útihús 65°46.444N 18°04.352V
 Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 200 metra norðvestur af bæjarhól 001. Þar er nú sléttað tún. Heimildarmaður man eftir tóftum á þessu svæði þar sem börn léku sér þegar hann var ungur (fæddur 1929).
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

SP-016:004 Vör mannvirki lending 65°46.442N 18°05.003V
 “Í Sjávarbökkum er Merkjaskarð, á merkjum við Gautsstaði. Þá er Vör, neðan Þórisstaðagils. Þar er bátauppsátur jarðanna. [Leifshús eru talin með í Svalbarðsstrandabókinni]” segir í Svalbarðsstrandarbók. “Beint niður af bænum og fram af gílinu sem gengur þar að sjó heitir Vör þar er aðaluppsátur jarðanna. Og Vararsteinar heita því steinar sem eru norðan við lendinguna (vörina) tveir samhliða en einn aðeins utar og frammar. Áður var vörin rudd fram á móts við steinana, sem áður eru nefndir, en síðustu 15 árin ekki haldið við,” segir í örnefnaskrá. Lendingin var 1-2 metra norðan við þar sem Þórisstaðalækurinn rennur í sjó fram, tæpa 40 metra suðvestur frá sjóbúð 006. Grýtt fjara.
Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Svalbarðsstrandarhreppur, 43; SSB, 86.

SP-016:005 *Klapparkriki* heimild um lendingu 65°46.539N 18°04.953V

“Klapparkriki er nothæf lending sunnan á Þórisstaðaklöppum, sem eru lágar klappir framarlega á Þórisstaðanesi, norðarlega í landinu. Hér höfðu Kjarnabræður, Jón og Jóhann uppsátur. Hlóðu þeir öflugan varnarvegg norðan vararinnar,” segir í Svalbarðsstrandarbók. Lendingin var sunnan á nesinu og er 260 metra norður af sjóbúð 006. Á svæðinu er nú grýtt fjara. Nokkurt grjót er á svæðinu eftir varnargarðinn þótt ekki sé mynd á því. Kjarni var í byggð 1920-1950 og hefur lendingin verið notuð þá.

Hættumat: engin hætt

Heimildir:SSB, 87.

SP-016:006 heimild um sjóbúð 65°46.458N 18°04.971V

“Búðarmór var um tveggja dagsl. spilda á bakkanum, norðan gilsins [Þórisstaðagils]. Þar var sjóbúð,” segir í Svalbarðsstrandarbók. Neðan Búðarmós er dokk í annars bröttum bakkanum norðan gilsins. 602 metra VNV af 001. Dokkin er á kafi í mjög háum njóla og engin leið að sjá neinar tóftir. Ekki sást til fornleifar á þessu svæði.

Hættumat: engin hætt

Heimildir:SSB, 87.

SP-016:007 heimild um smiðju 65°46.341N 18°04.263V

Að sögn heimildarmanns var smiðja um 8 metra suður af gamla torfbænum 001. Á þessu svæði er nú heimreið. Smiðjan var í öðrum enda kofans og hlóðir í hinum endanum. Eftir að hætt var að búa í torfbænum var kofinn notaður sem reykhus og hesthus.

Hættumat: hætt, vegna ábúðar

Heimildir:SSB, 88.

SP-016:008 gata leið 65°46.360N 18°04.346V

“Lækur rennur niður Leifstaðatún norðan bæjarins, en sunnan Þórisstaðabæjar og þar suður í gilið. Myndast þar rani milli lækjanna, sem kallaður var Beinrófa. Áður fyrr lágu götur vestan Þórisstaðabæja,” segir í Svalbarðsstrandarbók. Þjóðleiðin norður ströndina lá vestan við Þórisstaðabæinn áður fyrr en ekki sést til gatna í dag, enda allt svæðið vestan bæjarins orðið að túni. Sléttað tún.

Hættumat: hætt, vegna ábúðar

Heimildir:SSB, 88.

SP-016:009 *Kvíaból* örnefni kvíar 65°46.288N 18°03.924V

“Kvíaból var upp frá Leifshúsum, norðan gilsins,” segir í Svalbarðsstrandarbók. “Kvíaból frá lækjarmótum þar sem Kinn endar, og suður með læknum að austan upp á brekkubrún. Þar voru áður kvíar frá Leifshúsum, nú tún það er ræktaður kúabithagi,” segir í örnefnaskrá. Heimildarmaður kannaðist við Kvíaból sem er tunga sem liggur austan bæjarlækjar og er nú sléttað tún en hann kannaðist ekki við tóftir á þessum slóðum. Kvíabólið er um 260 metra ASA frá bæjarhól 001. Sléttað tún. Þar sjást nú engar tóftir.

Hættumat: hætt, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Svalbarðsstrandarhreppur, 45, SSB, 88.

SP-016:010 *Leifshússtekkur* heimild um stekk 65°46.177N 18°03.488V

“Kvíaból var upp frá Leifshúsum, norðan gilsins. Upp frá Kvíabóli var Grund, sléttur bali. Leifshússtekkur var um 100-150 metra suður og upp frá Grund, ...,” segir í Svalbarðsstrandarbók. Í Nákvæmari staðsetning er ekki þekkt. Þetta er tæpa 500 metra suðaustur frá bæjarhólum á Leifshúsum SP-017:001. Annaðhvort í túni eða horfið í móana austan túnsins.

Hættumat: hætt, vegna ábúðar


Heimildir:SSB, 88.

SP-016:011 *Þórisstaðastekkur* heimild um stekk 65°46.248N 18°03.499V

“... en Þórisstaðastekkur álíka leið þar norðar [eins og 010] og utar, neðanvert við samgirðingu,” segir í Svalbarðsstrandarbók. Engin heimildarmanna kannaðist við þessa stekki og er nákvæmari staðsetning ekki þekkt. Stekkurinn var líklega þar sem nú er slétt tún.

Hættumat: hætt, vegna ábúðar

Heimildir:SSB, 88.



SP-016:012, Jónssel



SP-016:012, Jónssel horft til norðvesturs

frá Jónsseli [012]. Langabrekka er norður frá Hundapúfu. Spöl ofar er Bjarnarselsbrún, nú oft kölluð Neðribrún. Bjarnarselsklöpp er norðan við Þórisstaðagil. Var Bjarnarsel ofan við klöppina. Er það upp frá Jónsseli. Tóttir eru þar óljósar, en talið að þær hafi verið heystæði, þar sem hey var sett saman, meðan heyjað var í fjallinu. Bjarnarselsmýri er ofan við klöppina og selið,” segir í Svalbarðsstrandarbók. “Bjarnarselsbrún nú líka oft kallað Neðribrún er spölkorn ofan við Löngubrekku en er nefnt Langabrekka í Sveinbjarnargerði ... Bjarnarselsklöpp lítill nokkuð norðan við Þórisstaðagil. Bjarnasel sem er upp af Jónsseli er bak við klöppina, þar sést móta fyrir tóft, getur þó verið að það sé síðan að hlaðið var þar kingum hey en á þessu svæði og ofan í fjallinu var heyjað á fyrstu tveim áratugum þessarar aldar,” segir í örnefnaskrá. Þetta svæði er innan skógræktargirðingar Gríms Jóhannessonar og var leitað vel og vandlega á því svæði sem Grímur merkti inná kortið en engar tóftir voru sjáanlegar, sennilega eru þær horfnar í skóg. Þétt skógrækt er á svæðinu

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

Heimildir:SSB, 88-89; Ö-Svalbarðsstrandarhreppur, 45

SP-016:014 Gata bæjarstæði býli

65°46.345N 18°04.265V

1712: “Gata hefur hjáleigunefna heitið í heimatúninu sem ekki hefur bygst í fjöruútu ár eður lengur, og halda menn að þessu býli hafi mjög lítill grasnyt fylgt. Um byggíngakosti vita ekki nálægir að undirretta, meina þó þá allitla verið hafa. Ekki má hjer aftur byggja nema jörðinni til rýrðar,” segir í Jarðabók Árna og Páls. Heimildarmaður man eftir að hafa heyrt þetta nafn en kannast ekki við staðsetningu á býlinu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:JÁM XI, 16.

SP-016:012 Jónssel tóftir sel

“Ofan samgirðingar er fyrst Vothjalli, ... Suður af Vothjalla, eða syðst á honum, er Jónssel. Sést þar fyrir tóttum,” segir í Svalbarðsstrandarbók. Þegar gengið er upp með gílinu að norðanverðu eru seltóftirnar á smá sléttendi við gilbarminn beint norður af fossinum, um 860 metra austur af bæjarhólum 001. Gróinn og sléttur bali. Á þessu svæði eru tvær greinilegar tóftir á svæði sem er 15 x 6 m stórt og verður þeim lýst með bókstöfunum A og B. Tóft A er mun stærri, alls 9 metra löng og 5 metra breið, snýr austur-vestur og eru þar 3 aðgreind hólfi. Öll hólfin opnast til vesturs. Syðsta hólfið er minnst aðeins 0,5x1 m að innanmáli. Miðhólfið er mest 3x4 að innanmáli. Gata liggur þvert yfir tóftirnar á millivegg milli þessara hólfa og hefur flatt veggina mikið út. Nyrsta hólfið er um 2x3 metrar að innanmáli. Hleðsluhæð er aðeins um 0,2-0,3 metrar og sjást engir steinar. Tóftin er nokkuð sokkin og eru veggir mög þykkir sérstaklega að austanverðu þar sem þeir eru mest 2 metrar á þykkt. 3,5 metrum norðan við tóftina er lítill tóft (sennilega kvíar) B. B er 1x2 metrar að innanmáli og er hún 3x3 að utanmáli og opnast einnig til vesturs. Veggjahæð aðeins 0,2 metrara og engar grjóthleðslur eru sjáanlegar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:SSB, 88.

SP-016:013 Bjarnarsel heimild um sel

“Merkjalág heitir suður við merki, við Gautsstaði, Fosslágsbrún kallast smáhjall suður frá klöpp í sunnanverðu Þórisstaðagili, en Hundapúfa neðan til móti klöppinni, beint upp

SB-016:015 Þórishaugur heimild um legstað 65°45.629N 18°00.273V

FF: 1817: “Á Þorustada Skardi á Vadla Heidi innan Svalbards Annex Sóknar - frá Glæsibæ - í Nordur Sýslu, það er nú í Þorustada- og Gavkstada- Landeignum á Svalbardströnd, kallast Þorershavgur og Gavkshagur; þeir Þorer og Gavkr, sem fyrstir skyldu hafa byggt nefnda bæi, og heitid þá eptir Nöfnum sínum, er sagt að séu þar heygdir en ecki líta nú Hólarnir þesslega út á neinn Hátt.” FF: 1820: “J Svalbards Sókn, jnnan Þyngejar Sysslu, á svokalladri Vöðluheíde, finnast 2r Forn manna hólur, annar nefndur Þorishóll, sem stendr á Fyrnefndriheídi, Rétt upp undan Þorisstöðum á Svalbardsströnd; hinn Er kalladur Gaukshóll stendur ogso á Fyrnefndri Heídi uppundann Gautstöðum í Sömu Sókn - J þessum Hólum meínast þeir að vera Heígdir, sem numid hafa aminstar Jarðir I Landnáms Tíð nefnilega - Þorisstadi og Gautstadi - Ecke veit eg til, að I þessa Hóla hafi nockurn tíma verid grafid, Eða nockud Fiemætt hafi þar I grend Fundist ...”“Sagnir eru um að jörð þessa hafi Þórir snepill byggt í elli sinni en skipsfélagi hans, Gautur, fylgt honum og byggt bæ þar nærri er síðan heitir á Gautsstöðum. Þórir lét verpa sér haug upp á Vaðlaheíði þar sem sér til beggja sveita og nefnist hann Þórishaugur,” Segir í BBSÞ Heimildarmenn voru ekki allir sammála um það hvar þessi haugur á að vera staðsettur en samkvæmt Grími Jóhannessyni er hann í árgili að sunnanverðu, þaðan sést ekki til beggja sveita og engin haugur var sjáanlegur þar sumarið 2004.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:BBSÞ 1986, 43; FF II,554- 556

SB-016:016 heimild um legstað 65°46.442N 18°05.003V

1817: “Nidr vid Sjóin í Þorustada Gili er Dys edur Leidi Fornmanna hvored avdsjen Manna verka merki med sér ber; Dysin, segir gamall, á Þorustöðum nú búandi bóndi, hafi í úngdæmi sínu barin verid med Lurk, og þókti edur heyrdist sem hríngladi edur glamradi nidrí henni - gjetid var til - í Vopna Leyfum, þó mega það verid hafa Hellur sem í skrölti, en eingin hefir - svo menn viti - grafid í Leidid.” FF II, 556 1820: “J svo kölludu Þorirsstada Gili, skal og líka vera Eín Dis, á stærð vid eítt mans leídi - og Er manna-mál, að þá Sleigid hafi verid ofan í þessa Dis til fona hafi Heírst so sem hríngla I nidri; em líklega mætte vera í Hellum, sem hefdu verid latnar í kring í Disinni.” FF II, 554 Enginn vissi um þennan stað hnit tekin við lendingu þar sem lækuri úr Þórisstaðagilinu rennur í sjó fram, á sama stað og lendingin 004.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:FF II, 554, 556

SB-016:017 heimild um fjárhús 65°46.392N 18°04.656V

Fjárhús út torfi voru í túninu 200 metra vestur af bæjarhól 001 að sögn Gríms Jóhannessonar. Þar eru merktur sáðreitur á túnakorti en Grímur var þess fullviss að það væri ekki rétt. Á þessu svæði er nú rennislétt tún. Engar minjar sjást um húsið

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1917

SB-016:018 heimild um útihús 65°46.356N 18°04.327V

Eftir því sem Grímur Jóhannesson segir var útihús 116 metra austur af fjárhúsum 017, og um 180 metra suður af útihúsum 003, sjást þau á túnakorti frá 1917 en merkt þar sem sáðreitur en Grímur var þess fullviss að þetta væru útihús. Slétt tún.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1917

SB-016:019 heimild um útihús 65°46.338N 18°04.231V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 4 metra austur af bæjarhólnum 001. Grímur Jóhannesson kannast ekki við það. Undir vegi.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1917

SB-016:020 heimild um uppsátur 65°46.442N 18°05.004V

“Í Sjávarbökkum er Merkjaskarð, á merkjum við Gautsstaði. Þá er Vör, neðan Þórisstaðagils. Þar er bátauppsátur jarðanna. [Leifshús eru talin með í Svalbarðsstrandabókinni]” Segir í Svalbarðsstrandarbók. Lendingin var 1-2 metra norðan við þar sem Þórisstaðalækurinn rennur í sjó fram, 38 metra suðvestur frá 006. Ekki var hægt að fá heimildir um það hvar uppsátrið var nákvæmlega en sennilega nálægt lendingunni. Grýtt fjara og gróinn bakki.


Hættumat: engin hætta

SP-016:021 heimild um rétt

65°46.314N 18°04.217V

Grímur Jóhannesson, fyrrverandi bóndi á Þórisstöðum, sagði hlaðna rétt hafa verið í Þórisstaðagilinu, norðan við lækinn en réttin er löngu horfin án þess að ljóst sé af hverju hún hvarf. Vel gróinn, þýðður mói norðan lækjar.

Hættumat: engin hætta



Leifshús, mörk túns og útihúsa árið 1917

SP-017 Leifshús

25 hdr. 1712 (telst hluti Þórisstaða og báðar jarðirnar saman 50 hdr. en Þórisstaðir einir 25 hdr.) Byggð í heimatúninu, í eyði 1712, í byggð 1847. Sveinshús var hjáleiga við tún Leifshúsa og voru Leifshús 1/4 jarðarinnar og Sveinshús 1/4 en þegar Sveinshús foru í eyði lagðist hjáleigan til Leifshúsa sem varð eins dýr og heimajörðin. 1712: “Túninu, sem Leifshúsum fylgir, spillir órækt og uppblástur. Engið sprettur lítt. Úthagarnir bjarglegir.” JÁM XI, 16. 1917: 4,55 ha. (3/5 sléttað) garðar 510 m².

SP-017:001 Leifshús bæjarhóll bústaður

65°46.341N 18°03.984V

Heimildarmenn telja allir að bærinn hafi áður staðið þar sem núverandi fjós stendur um 10 metra norðaustur af núverandi íbúðarhúsi sem byggt var árið 1928. Undir húsi, hlað vestan við húsin, annars sléttað tún. Allt hlaðið var sléttað og sléttað var yfir bæjartóftina og grafið niður áður en fjósið var byggt, sennilega eru því litlar minjar eftir í bæjarhólnum. Fjósið var byggt árið 1956.

Heimildir:Túnakort 1917

SP-017:002 mannabein legstaður

65°46.342N 18°04.190V

“Lækur rennur niður Leifsstaðatún norðan bæjarins, en sunnan Þórisstaðabæjar og þar suður í gilið. Myndast þar rani milli lækjanna, sem kallaður var Beinrófa. ... þegar vegur var lagður austan bæjar [Þórisstaðabæjar], var hann lagður um Beinrófu. Var þá farið að kalla þar Efri- og Neðri-Beinrófu. ... Þegar vegurinn var endurbyggður um 1950 var uppfyllingin í veginn sótt í Efri-Beinrófu. Var þá komið niðrá mannabein. Var talið að þar hefðu fundist 14 beinagrindur. Tíu árum fyrr fannst hér beinagrind, er send var suður á Þjóðminjasafn,” segir í Svalbarðsstrandarbók. Mannabeinin fundust um 5 metra austur af Þjóðvegi 1, í miðri heimreið norður af giliinu sem Þórisstaðalækurinn rennur eftir. 155 metra vestur af bæjarhól. Undir heimreið, skurðir beggja megin við heimreiðina en annars sléttuð tún. “Ytri-Lág er engjaræma sem skarast upp og niður gegnum Holtin, nú tún eða í flagi. Syðri-Lág engjaræma sem lá eins samhliða hinni. Neðri-Beinrófa sunnan við Þórisstaði frá Þjóðvegi og um túnhorn sem þá var frá Leifshúsum - komu lækirnir saman og mynduðu þessa þríhyrnu. - Ekki veit ég hvað nafnið Beinrófa er gamalt, en líkur eru til að það sé dregið af að fundist hafi þarna mannabein, eða a.m.k. hafi verið sagnir um bein þarna. Einhvern tíma um eða fyrir 1940 fann svo undirritaður (Sigurjón) beinagrind af manni, þá ofan Þjóðvegur í Efri-Beinrófu, var sú beinagrind flutt í

Þjóðminjasafnið. Árið 1950 var unnið með jarðýtu í Efri-Beinrófu, kom þá í ljós mikið af mannabeinum og hefur Sigurjón gert um þann fund sérstaka skýrslu, að minnsta kosti 14 höfuðkúpur fundust. ... Efri-Beinrófa ofan við núverandi þjóðveg. Sennilega hefir í upphafi verið, aðeins ein Beinrófa, en skorist sundur af vegi sem þarna varð lagður nálægt 1900 ... Nú er Efri-Beinrófa kartöflugarður frá Leifshúsum.” Þegar Stefán Júlíusson fór með jarðýtuna á svæðið skóf hann ofan af allt að 14 beinagrindum. Þær lágu suðaustur-norðvestur og voru engin merki um kistur né muni. Beininn voru mjög vel varðveitt, meðal annars var enn hár á höfði þeirra. Stefán setti beinin í poka og gróf þau í túnið, sjá 006. Í málðaga Svalbarðs frá árinu 1394 segir: Jtem reyknadist j portionem á medan Sæmundur hafði bvid vm. vij. ar. ad auk þess er hann hafði bætt kyrkiuna fimm hundrud voru. Þar er presta skyld. tekur heima j leigu fíkrar merkur. af Sigluvik. iiij. merkur. af Bænhvsum. v hundrad ef til liggja wt bænhvs. þau fiogur sem herra petur hefði til lagt. Heytollur og lysistollur af. x. Bæium. Líklegt að eitt þessara bænhúsa hafi verið á Þórisstöðum. Sarpur, safnnúmer A:12101, B1937-56

“Ofan við brautina milli Leifshúsa og Þórisstaða er hólmyndaður rani í túinu, sem hefur verið kallaður Beinrófa, því að í honum að norðan, upp frá og við læk lítinn, er þar fellur ofan, hafa komið í ljós mannabein aftur og aftur, en jafnan hulin aftur að sögn; þó segir sumir, að eitthvað hafi verið grafið niður í kirkjugarði af mannabeinum frá þessum stað. – Þegar brautin var gerð þarna í sumar (1937), var tekin moldarfylling í hana úr hólnum ofan við hana. Þá fann Sigurjón bóndi Valdimarsson í Leifshúsum 5 þ.m. bein úr einum manni í hólnum, fáum föðmum sunnar en sá staður er við lækinn, sem bein höfðu fundist áður. ... Sigurjón hafði grafið beinin niður aftur í moldina í hólnum og sett grasþökur yfir svæðið, sem moldin hafi verið tekin úr í veginn. Eftir allmikla leit tókst að finna beinin aftur. Þau eru úr unglingi, næsta ófúin en höfuðkúpan hafði brotnað, er Sigurjón fann hana. ... Beinagrindin hafði legið frá suðausturi og norðausturs(þ.e. höfuðuð í suðvesturenda): hefur hún varið þarna í halla og kann höfuðið því að hafa snúizt í holdinni. Við fætur kvað Sigurjón hafa verið holt bil í moldinni, svo sem að þar hefði verið eitthvert tréflát grafið, er síðan hefði fúnað gjörsamlega og horfið með öllu, en tómtil bil orðið eftir.”

Steingrímur Valdimarsson: Skýrsla um fund mannabeina í leifshúsum Svalbarðsstrandarhreppi S-Þing árið 1952. “Árið 1952 hinn 27. sept. fundust mannabein í túninu í Leifshúsum ... Við fyrstu athugun á staðnum kom í ljós að þarna voru margar beinagrindur. Víða var mjög stutt á milli þeirra. Þó mátti, þrátt fyrir það, frekar ætla að líkin hefðu verið jörðuð í kistum, því víðast hvar mátti sjá ofan á beinunum, dökkt lag sem verið gat fúíð timbur. Á einnum stað fannst tréflís um 10 cm löng, mjög fúin, verið gat að flís þessi væri úr griðingarstaur ... Allar grafirnar höfðu sömu stefnu, sem næst frá norðvestri til suðausturs. Í einni gröfinni voru 2 beinagrindur, og var augljóst að þar höfðu tveir verið jarðaðir í sömu gröf (sömu kistu). Alls fundust þarna í grafreitnum 14 beinagrindur, og voru þær allar af fullorönu fólki, eða þá því sem næst fullvöxnum unglingum. Beinagrindurnar voru sæmilega heillegar. Allar tennur sem ég skoðaði voru óskemdar, en í einni höfuðkúpunni voru svo slitnar tennur að undrun sætir, sérstaklega þó jaxlarnir. Það sem frekast vakti athygli var að ein höfuðkúpan var mjög frábrugðin hinum öllum, bæði var hún stærri en þær og mikið hvítari, auk þess sem hún var tiltölulega lítið fúin. ... Engir munir fundust í grafreitnum. Á einum stað í sama dýpi og beinagrindurnar voru, var raðað steinahnulungum í ferhyrning, sem mest 1 m á hvern veg. Ekkert var nema mold í þessum reit. ... Óljósar sagnir eru til um að bænhús hafi eitt sinn verið á Þórisstöðum, sem eins og áður segir, er þarna rétt hjá ... Að vísu veit ég að tóftarbrott voru á þessum slóðum fram yfir 1920, en álit mitt er að þau hafi frekar verið af hjáleigu sem sögð er hafa verið í Leifshúsatúni. Þegar þessar tóftir voru jafnaðar og sléttað þarna sást ekkert markvert. Fyrir fáum árum var svo grafinn dálítill skurður – fyrir jarðsíma – næstum þvert í gegnum þann stað þar sem tóftirnar voru, kom þá í ljós allmikið öskulag á kafla.”

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Svalbarðsstrandarhreppur, 44; SSB, 88; DI III 569-570; Sarpur, safnnúmer

A:12101, B1937-56; Steingrímur Valdimarsson: Skýrsla um fund mannabeina í Leifshúsum Svalbarðsstrandarhreppi S-Þing árið 1952.

SB-017:003 heimild um útihús

65°46.325N 18°04.011V

35 metra suðvestur af bæjarhólnum 001, var útihús samkvæmt túnakorti 1917. Þar stendur núverandi íbúðarhús í Leifshúsum en austan við það er timburskúr sem var notaður sem fjós. Útihúsið er nú undir húsi.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

SB-017:004 heimild um fjárhús

65°46.319N 18°03.984V

Þórunna Björgvinsdóttir í Leifshúsum man vel eftir fjárhúsi með hlöðu á sama stað merkt er útihús á túnakort frá 1917. Það var 40 metra suður af bæjarhól 001. Þar er nú sléttað tún. Fjárhúsið og hlaðan

var notað fram yfir miðja 20. öld en er nú alveg horfið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

SB-017:005 *Sveinshús* bæjarstæði býli 65°46.337N 18°04.010V

1712: “Sveins Hus heita tóftarrústir í því túninu sem Leifshúsum fylgir, og hefur þar bygt verið og reiknað fyrir fjórðungur allrar jarðarinnar með hálfum byggíngarkostum þeim sem áður eru skrifaður um Leifshús.” Ekki vitað hvar þetta býli var.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar


Heimildir: JÁM XI, 16

SB-017:006 mannabein legstaður 65°46.349N 18°04.121V

“Lækur rennur niður Leifsstaðatún norðan bæjarins, en sunnan Þórisstaðabæjar og þar suður í gilið. Myndast þar rani milli lækjanna, sem kallaður var Beinrófa. ... þegar vegur var lagður austan bæjar [Þórisstaðabæjar], var hann lagður um Beinrófu. Var þá farið að kalla þar Efri- og Neðri-Beinrófu. ... Þegar vegurinn var endurbyggður um 1950 var uppfyllingin í veginn sótt í Efri-Beinrófu. Var þá komið niðrá mannabein. Var talið að þar hefðu fundist 14 beinagrindur. Tíu árum fyrr fannst hér beinagrind, er send var suður á Þjóðminjasafn,” segir í Svalbarðsstrandarbók og var beinafundarstaðurinn skráður hér nr. 002. Stefán Júlísson hirti beinin og gróf þau niður í poka í túninu 55 metra norðaustur af þeim stað þar sem þau komu upp, og um 110 metra norðvestur af bæjarhól 001. Sléttað tún og smá dokk er sýnileg í túninu þar sem Stefán gróf beinin.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: SSB, 88.




kort 11. Minjakort fyrir Sveinbjarnargerði og Garðsvík

SP-018 Sveinbjarnargerði

20 hdr 1712, talin vera hjáleiga Garðsvíkur á 15. öld. 1473: Það ár selur Steinmóður Höskuldsson Magnúsi Oddssyni jörðina Þórisstaði fyrir 60 hdr, þá voru landamerki: “Sudur j merkisgard þar geingid er ofann effter monumm fyrir sunnann Þorestadagil. Enn Riettsyness þaðann sem gardenn þrytur og ofan j hofdan fyrer sunnann Þoroddshofda. Enn ut frá j lækiargilid fyere sunnann Bakagierdi. stodu þar tveir Raudir flater steinar j lækiar osenum. voru uppe umm fioru. en nidri umm flod. Sagdi Steinmodur þar markisteina vera. Þaðann Riettsyne uppi Gardinn er legi under breckunne fyrir sunnann Snæbiarnargierdi og ofann j lækinn ...” (DI V, 694-695). Jörðin kölluð Sæbjarnargerði eða Gerði 1712. Þá segir : “Munnmæli eru að þessi jörð sje eður hafi verð að fornu partur af Garðsvík. En nú er það haldin löbýlisjörð og afdeilt land með landamerkjum.” (JÁM XI, 16). Í LÞ segir að þarna hafi upphaflega verið beitarhús frá Garðsvík og síðar hjáleiga. (LÞ, 73.) “Á 15. öld sést að Garðsvík hefir átt tvær hjáleigur í sunnanverðu landi jarðarinnar við merki Þórisstaða. Bakkagerði var á sjávarbakka, norðan Sandsskarðs og Snæbjarnargerði uppi undir fjallsbrekkum. Á 17. öld hafa hjáleigur þessar verið sameinaðar og Snæbjarnargerði þá talizt þriðjungur af Garðsvík ...” (SSB, 93). Kjarni var nýbýli neðan verðarins, í byggð frá um 1920-1950. Skipt í Sveinbjarnargerði I og II og Sveinbjarnargerði IIC sem er alifuglasláturhús. 13 júní 1916 féll skriða úr Vaðlaheiði fyrir ofan Garðsvík og Sveinbjarnargerði. Ólafur Jónsson: Skriðuföll og snjóflóð I, 464-465

1712: “Útigangur í lakara lagi fyrir sauðfje, og þarf því að atla hey nærri til helmínga, og lömbum fult fóður. hestaganga í meðallagi. Torfrista og stúnga bjargleg. elt er taði undan kvikfje. Grastekja lítil. rekavon ekki teljandi, því festifjara er engin. Túninu spillir vatnsuppgangur, sem jetur úr rótina. Engið er votsókt og ilt að vinna. Úthagarnir eru bjarglegir.” (JÁM XI, 17). 1917: 3,2 ha. (allt sléttað). 1986: Sveinbjarnargerði I. Bærinn stendur upp við fjallsrætur, en sléttlendi frá honum niður til sjávar. Fjallið er bratt og hljóp úr því skriða 1916, er færði mestan hluta túnsins í kaf.” (BBSÞ 1986, 46.)



Sveinbjarnargerði, mörk túns og útihúsa árið 1917

SP-018:001 Sveinbjarnargerði bæjarhóll bústaður

65°46.815N 18°03.675V

Gamli bærinn í Sveinbjarnargerði var staðsettur þar sem húsið að Sveinbjarnargerði 1 er núna, rúma 120 metra vestur af kvíabólinu 005. Undir húsi, enginn hóll sjáanlegur undir húsínu. Húsið er þrjár hæðir með kjallara. Þegar grafið var fyrir lögnum frá húsínu komu í ljós aska og steinar. Hætt við að

bæjarhóllinn sé með öllu horfinn. “Þegar skriðan féll 1916 fór hlaðið yfir með miklum hraða og lenti á fjárhúshlöðu spölkorn fyrir ofan bæinn. Skriðan braut hlöðuna en hún og fjárhúsin sem þar voru náðu að kljúfa skriðuna. Minni hluti flóðsins fór norðan við bæinn, meirihlutinn fór sunnan við. Talsverður hluti túnsins varð undir skriðunni og alls 30 kindur.”

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917; Ólafur Jónsson: Skriðuföll og snjóflóð I, 464-465

SB-018:002 heimild um fjárhús

65°46.788N 18°03.604V

40 metra austur af bæjarhólnum 001, var fjárhús að sögn heimildarmanns, og sést fjárhúsið á túnakorti frá 1917. Á þessu svæði er nú þýfður mói. Enginar minjar sjást um húsið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917.

SB-018:003 *Gerðisgil* heimild um uppsátur

65°46.847N 18°04.500V

1712: “heimræði hefur her ekki brúkast, því lendning er engin eður skipsuppsátur,” segir í Jarðabók Árna og Páls. “Nokkru norðan við Sandskarð er Gerðisgil [Dregið af Sveinbjarnargerði]. Þar var bátauppsátur, ...” Segir í Svalbarðsstrandarbók. Gilið er í beina stefnu vestur af heimreiðinni heim að bænum, að sögn Hauks Halldórssonar heimildarmanns sést til uppsátursins en á þessu svæði er mjög mikill og hár gróður og því var ekki hægt að finna tóftina í ágúst 2004. Hleðslan sem Haukur vitnar til er við mitt gilið.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: JÁM XI, 17; SSB, 94


SB-018:004 *Kjarni* bæjarstæði bústaður

65°46.776N 18°04.084V

“Neðan vegarins norðan Grófarinnar var býlið Kjarni. Var búið þar 1928-1943,” segir í Svalbarðsstrandarbók. Kjarni var um það bil 15-13 metra vestur af Þjóðvegi 1 þar sem nú er rennislétt tún. 320 metra vestur af bæjarhólnum 001.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: SSB, 94



SB-018:005, Kvíaból



SB-018:005 *Kvíaból* tóft kvíar

65°46.811N 18°03.513V

“...Tunga norðan og ofan við bæjarlækinn, þar sem hann beygir til norðurs. Kvíaból var ofan við Tunguna, upp í brekkuna, neðan við Klöpp sem er smáklettur syðst í Gerðishjalla,” segir í Svalbarðsstrandarbók. Kvíatóftin sem Kvíaból er kennt við er 120 metra austur af bæjarhólnum 001.

Í nokkrum halla í grónum móa. Tóftin er L laga. Syðsti endinn er ofan í gili, þar sem bæjarlækurinn rennur) og teygir garðurinn sig til norðurs upp gilið og áfram þvert á brekkuna um það bil 8 metra. Síðan sveigir garðurinn niður brekkuna alls 12 metra langur. Hleðsluhæð er mun hærri efst í brekkunni, um 0,5 m en þar sem garðurinn liggur vestur (niður) brekkuna er hann aðeins 0,2-0,3 m á hæð. Veggjaþykkt er sú sama um 1 metrar. Austan við þverveginn er nokkur dæld og þar við eru ógreinilegar hleðsluleifar. Þónokkuð af grjóthleðslum eru sýnilegar beggja megin og eru hleðslurnar mest 2 umfór.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: SSB, 94

SB-018:006

Stekkjjarhjalli

örnefni

stekkur

65°46.639N 18°03.235V

“Stekkjjarhjalli er yzti hluti Votahjalla [?],”

SB-018:005, Kvíaból horft til vestnorðvesturs

segir í Svalbarðsstrandarbók. Stekkjarhjalli er rúma 460 metra suðaustur af bæjarhólnum 001. Þetta er mjög blautur og þýfður mói. Engin stekkur fannst á svæðinu.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:SSB, 94

SB-018:007 heimild um mógrafir 65°46.999N 18°04.190V

Að sögn Hauks Halldórssonar heimildarmanns voru mógrafir í núverandi túni, um 520 metra norðvestur af bæjarhólnum 001. Vésléttað tún og skurðir. Þar sem mógrafirnar voru hefur verið grafinn skurður til þurrkunar, bakkinn við skurðinn er um það bil 0,5-1 metra lægri en bakkinn hinu megin vegna mógrafanna.

Hættumat: engin hætta

SB-018:008 *Brennivínsþúfa* heimild um áfangastað 65°46.891N 18°04.276V

“Brennivínsþúfa er í mýrinni í miðju nesi. Allstór stök þúfa, nú er þetta tún,” segir í örnefnaskrá. Þetta var mjög há og greinilega þúfa sem var sléttuð í túnið, 480 metra tæpa norðvestur af bæjarhól 001, um 200 metra suður af mógrafirnar 007. Þar sem þúfan var er nú rennislétt tún. Leiðin sem menn fóru norður túnið í Eveinbjarnargerði er skráð 009. Á þessu svæði var stoppað til að staupa sig áður en menn lögðu á Víkurskarðið að sögn heimildamanns.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Svalbarðsstrandarhreppur, 42

SB-018:009 heimild um leið 65°46.891N 18°04.275V

Leiðin um Sveinbjarnargerðisland lá mun vestar en nú, hún lá um Brennivínsþúfu áfram til norðurs og svo austur yfir Víkurskarðið. Á þessu svæði er nú slétt tún.

Hættumat: engin hætta

SB-018:010 *Nónhóll* heimild um 65°46.900N 18°04.425V

Nónhóll hefur verið 120 metra vestur af 008 og 009, 114 metra NNA af 003. Slétt tún fram hólinn. Haukur Halldórsson telur að þarna hafi verið býli og voru þó nokkrar tóftir á hólum sem eru nú horfnar í tún og gróður á bakkanum milli túns og sjávarbrekkunnar.

Hættumat: engin hætta

SB-018:011 heimild um fjárhús 65°46.808N 18°03.623V

Um 10 metra austur af bæjarhólnum, 001 var fjárhús sem fór þegar skriða féll á jörðina árið 1916. Nákvæm staðsetning ekki þekkt en húsið var á þeim slóðum sem nú er hlað eða byggingar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SB-018:012 tóft 65°46.768N 18°03.603V



SB-018:012, tóft horft til norðausturs


Ógreinileg tóft er um 100 metra ASA af bæjarhólnum 001, hún er tæpa 370 metra austur af Kjarna 004. Þýfðir mói á milli tveggja götuslóða. Lítil tóft, 4x4 metrar að utanmáli og liggur hún austur-vestur og opnast til vesturs. Að innanmáli er tóftin 1x3 metrar. Veggir eru lágir, aðeins 0,1-0,2 metrar á hæð en veggjaþykkt er um 1-1,5 metrar þar sem mest er. Nokkuð er af grjóti innan í tóftinni þótt hleðslur séu ekki greinilegar. Götuslóðar liggja beggja megin tóftarinnar og hafa skemmt hana að hluta. Vestan við tóftina, nokkuð frá henni, er hleðslulegt grjót, ekki ljóst hvort það tilheyrir annarri byggingu eða hvort grjót úr þessari tóft var flutt þangað frá slóðunum.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar


SP-018:013 heimild um brunn
65°46.830N 18°03.650V

Brunnhús var við bæjarlækinn en ekki er vitað nákvæmlega hvar. Að sögn heimildamanns hvarf það í skriðufallinu mikla árið 1916, lækurinn rennur ekki lengur um hlaðið á Sveinbjarnargerði og ekki vitað nákvæmlega hvar þetta var. Sennilega í hlaðinu.

Hættumat: engin hætta



SP-018:012, tóft



Garðsvík, mörk túns og útihúsa árið 1917

SP-019 Garðsvík

60 hdr 1467. 40 hdr. 1712, 1253 er Einarr úr Gaddsvík (Garðsvík) nefndur sem fylgdarmaður Eyjólfss ofsa Þorsteinssonar fyrir Flugumýrabrennu. Menn Gissurar fóru svo eftir brennu í Garðsvík og rændu búið þar. (Sturlunga saga I, 485, 495) 1463: varðveist hefur bréf þar sem er fjalla um arf Eyjólfss Arnfinnssonar eftir systur sína. Þar hafði Oddur bóndi (mágur Eyjólfss) fengið Þórisstaði (Þóroddsstaði) og Gautsstaði og fékk Oddur Eyjólfur jörðina Garðsvík. (DI V, 393). Í kaupmálabréfi frá árinu 1467 á milli Hrafns brandssonar og Margrétar Eyjólfsdóttur er Eyjólfur gefur dóttir sinni Garðsvík, þá megin 60 hdr. (DI V, 505) 1559: Páll Jónsson semur við föður sinn og bróður um jarðirnar Svalbarð, Breiðabólstað og Tungu, ásamt Dálksstöðum og hálfri Garðsvík. (DI XIII, 414-415)

Jörðin nefnd í fornum bréfum Gazvík og Gaddsvík í Sturlungu. 1712: “Afrjettarland nokkuð er sagt að jörðin eigi, sem hún getur þó ei nytkað fyrir fjarlægðar sakir, sem áður segir um Þórisstaði.” (JÁM XI, 17). “Mógilsárnar eru tvær og koma báðar um gróna smádali vestan af fjalli. Landið á milli þeirra var eign Garðsvíkur á Svalbarðsströnd.” (LÞ I, 127) “Á 15. öld sést að Garðsvík hefir átt tvær hjáleigur í sunnanverðu landi jarðarinnar við merki Þórisstaða. Bakkagerði var á sjávarbakka, norðan Sandsskarðs og Snæbjarnagerði uppi undir fjallsbrekkum. Á 17. öld hafa hjáleigur þessar verið sameinaðar og Snæbjarnagerði þá talizt þriðjungur af Garðsvík ...” (SSB, 93)

1712: “Túninu hefur skriða spilt í einum stað fyrir nokkrum árum, sem nú er að mestu afræktuð og uppgróin. Engið er í betra lagi og þar með víðlent, og ljær ábúandi stundum nokkrar slægjur sjer til gagnsmunar. Er sá hefyngur þó jörðunni áður talinn í föðurásetning. Úthagarnir eru litlir og

hrjóstrugir.” (JÁM XI, 17.) 1954: “Land jarðarinnar er óvenju frjósamt, móar með miklu grasi, og er þetta mesta engajörð á Svalbarðsströnd. Þó eru engjarnar ekki véltækar. Tún teygjast nú um móana. Land jarðarinnar er allmikið norðurhlíðina, sem er gróið hið neðra, þó brött sé til sjávar.” (LbSB, 74). 1917, 7,12 ha. (2/3 sléttaður) garðar 876 m².

SB-019:001 *Garðsvík* bæjarhóll bústaður 65°47.124N 18°03.731V

Bæjarhóllinn var fast austur af steypa húsinu frá 1926, fyrrverandi íbúðarhús í Garðsvík, þar hefur allt verið vélsléttað og ekkert eftir af bæjarhólnum. Sléttað malarborið hlað, á milli gamla íbúðarhússins og útihúsa. Hluti gamla bæjarins stóð eftir að húsið var reist og var notaður en síðan var allt rífið niður.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917.


SB-019:002 heimild um útihús

65°47.141N 18°03.739V

Um 10 metra norður af bæjarhólnum, 001, var haughús áður fyrr að sögn heimildarmanns, húsið sést á túnakorti. Þarna standa núverandi útihús og er útihúsið því undir húsi

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917.



SB-019:003, útihúsatóft

SB-019:003 tóft útihús

65°47.188N 18°03.680V

100 metra norðaustur af bæjarhól 001, 180 metra suður af fjárhúsi 006 er útihúsatóft, er hún merkt inná túnakort frá 1917. Tóftin er í þýfðum móa. Tvíhólfa tóft, alls 8x5 metrar að utanmáli og snýr asutur - vestur. Engir veggir eru sjáanlegir að vestanverðu og gæti hafa verið timburgafl á húsinu. Syðra hólfið er 4x3 metrar að innanmáli og nyrðra hólfið er 2x3 metrar að innanmáli. Óskýr þúst er bak við (austan við) tóftina, þar gæti hafa verið hlaðið heystæði. Lítið grjót er sjáanlegt í veggjum, aðeins við vesturenda tóftarinnar. Hleðsluhæð mest 0,3 metrar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917.



SB-019:003, útihúsatóft horft til suðurs

SB-019:004 *Hestúsklöpp* heimild um hesthús

65°47.178N 18°03.678V

“Hestúsklöpp er stök klöpp ofan Miðtúns,” segir í Svalbarðsstrandarbók. Hestúsklöpp er 90 metra norðaustur af bæjarhólnum, 001 10-15 metra suðaustur af útihúsi 003. Heimildarmaður kannaðist ekki við hesthús á þessum slóðum en úsihús er merkt undir klöppinni á túnakorti. Þýfður mói er undir klöppinni.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: SSB, 99; Túnakort 1917

SB-019:005 heimild um fjárhús

65°47.155N 18°03.730V

Um 50 metra norður af bæjarhólnum, 001, var fjárhús og sést það á túnakorti frá 1917. Þar sem nú standa útihúsin í Garðsvík. Undir húsi.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917.

SB-019:006 heimild um fjárhús

65°47.338N 18°03.639V

260 metra norður af bæjarhól 001 var fjárhús að sögn heimildarmanns og einnig er það merkt inná

túnakort frá 1917. Húsið var 46 metra suðaustur af réttinni 022. Á svæðinu er nú sléttað tún.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917.




SB-019:008, landing á Knarrarnesi sunnanverðu. Horft til norðvesturs

SB-019:007 Búðargil þúst sjóbúð

“Austast í fjörunni er Grafningur, kallaður Austara-Búðargili. Vestan við það er bátalendingin [014] og sjóbúð á bakkanum,” segir í Svalbarðsstrandarbók. Búðargil er norðan í útnesinu, það er mjög greinilegt gil og er skurðum úr túninu veitt þangað. Sjóbúðin var norðan við læk sem rennur þar í sjó, rúma 250 metra NNV af Garðsvíkurstekki 011. Mikill gróður er í gili, hár og þéttur. Ekki er hægt að lýsa sjóbúðinni því hún var alveg á kafi í gróðri þegar vettvangsskönnun fór fram. Þústin virðist um það bil 4x4 metrar að utanmáli

Hættumat: engin hætta

Heimildir: SSB, 98.



SB-019:009, sjóbúð og naust

SB-019:008 heimild um landingu

65°47.868N 18°03.717V

“Knarranes er lítið nes. ... Góð landing var innan á nesinu í þröngri vör, meðan ekki brýtur af innri boðanum fyrir vörina,” segir í Svalbarðsstrandarbók. Knarrarnesið skagar út í Eyjafjörðinn til vesturs, mjög mjótt að austanverðu og í raun smá gróðurlengja með fjöru beggja megin en nesið breiðkar svo að vestanverðu út til norðurs og suðurs. Landingin er að sunnanverðu á nesinu, greinileg hvílt er inn í nesið þar sem það breiðkar og hefur landingin verið þar. Nesið er um 1,5 km norðvestur frá bænum. Grýtt fjara.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: SSB, 97.

SB-019:009 tóftir sjóbúð

“Knarranes er lítið nes. ... Á nesinu ofan við klappirnar sér fyrir þremur búðatóttum. Hefir verið hér uppsátur frá Garðsvík og Gerði,” segir í Svalbarðsstrandarbók. Knarrarnesið er mjótt að austanverðu en breiðkar að vestan og myndast við það 2 pollar sinn hvoru megin, þar sem gott var að lenda, sjá 008 og 023. Þar sem nesið breiðkar að sunnanverðu og landing 008 er, eru greinilegar tvær tóftir, rúma 50 metra suðvestur af landingunni 023. Grýtt fjara og gróinn mói. Greinilegar tvær tóftir, sú vestari er af nausti eða uppsátri, lítil og mjög gróin. Hún er 1,5x5 metrar að innanmáli. Tóftin hefur verið niðurgráfin, ekki hlaðið upp og því er hún orðin mjög ógreinileg. Veggjahæð um 0,2 metrar. Tóftin snýr norðaustur-suðvestur. 2-3

65°47.878N 18°03.714V



SB-019:009, sjóbúð og naust, horft til vesturs

metra norðaustur af þessari tóft er önnur mjög greinileg tóft, sennilega sjóbúð. Tóftin er mjög heilleg og hleðslur eru mjög greinilegar, mest 7-8 umför. Tóftin er alls 7x6 metrar að utanmáli og hefur hún tvö hólfi. Tóftin opnast til austurs að sjónum. Hólfið að norðanverðu er 1,5x5 metrar að innanmáli, langveggur að norðan sérstaklega heillegur Veggjahæð er mest 1,3 metrar. Syðra hólfið er 2x5 metrar að innanmáli og er mikið af hruni við opið á tóftinni. Í vesturveggnum stendur trékassi.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:SSB, 97.


SB-019:010 Garðsvíkurstekkur hleðsla stekkur

65°47.588N 18°03.607V



SB-019:010, Garðsvíkurstekkur, horft til vesturs

“Nokkurn spöl sunnan við Knarrarnes er Faxafallið. Það eru klettur í sjávarbakkanum, allháir en meinleysislegir. ... Faxfallssker eru kölluð innanvert við Faxafall. Garðsvíkurstekkur var um 150 metrum suður frá Faxafallinu. Þar var haldið við fjárrétt til 1950. Stekkjasker er fram af fjörunni, neðan við stekkin,” segir í Svalbarðsstrandarbók. Tóftin er innan girðingar 15-20 metra vestur af Þjóðvegi 1 og 860 metra frá norðvestur bæjarhólnum 001. Þýfður mói. Hluti stekkjans (réttarinnar) er uppistandandi. Þar er greinilegur grjóthlaðinn veggur, 1,3 metra hár og eru greinileg 8-9 umför af grjóthleðslum í honum. Veggurinn liggur norður-suður og er um 6,5 metra langur og 1



metra breiður. Að norðanverðu sveigir hann til austurs og er þar lægri veggstubbur 3 metra langur. Austan við hleðsluna austan girðingar er ólöguleg grjóthrúga, gæti verið hleðslugrjót úr stekknunum eða leifar af tóft.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:SSB, 98.

SB-019:011 heimild um heygarð

65°47.259N 18°03.933V

“Á Útnesi voru ...Heygarður norðan til í nesinu, nú tún. Heygarðsgrund þurr og lítt þýfður blettur sunnan við heiðar, nú tún,” segir í örnefnaskrá. Ekki vitað hvar þetta var nákvæmlega. Sennilega norðan til í nesinu, fyrir miðju á milli Þjóðvegar 1 og sjávar.vegar og sjávar Allt nesið er nú sléttatún Hvergi sjást merki um heygarð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Svalbarðsstrandarhreppur, 52

SB-019:010, Garðsvíkurstekkur

SB-019:012 heimild um mógrafir

“Mógrafir voru í Útnesi, austan við Svarðgrafagil, fram að bakkanum,” segir í Svalbarðsstrandarbók. Enginn heimildarmanna kannaðist við þessa lýsingu.

Heimildir:SSB, 98.

SB-019:013 heimild um mógrafir

65°47.143N 18°04.292V

“Hlemmar eru neðan við Grundina [Heygarðsgrund 011], smá pollar, líklega gamlar mógrafir,” segir í Svalbarðsstrandarbók. Mógrafirnar voru þar sem nú hefur verið grafinn skurður í gegnum túnið, liggur suður-norður, um 35 metra austur af uppsátrinu 015. Slétt tún. Mógrafirnar með öllu horfnar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:SSB, 98.

SB-019:014 heimild um lendingu

65°47.395N 18°03.978V

“Austast í fjörunni er grafningur, kallaður Austara-Búðargil. Vestan við það er bátalendingin og sjóbúð 007 á bakkanum,” segir í Svalbarðsstrandarbók. “Búðargil er norðan í Útnesinu, það er mjög greinilegt gil og er skurðum úr túninu veitt þangað. Lendingin var á sama stað og sjóbúðin, ekki hægt að sjá 2004

hvar lendingin hefur verið nákvæmlega en heimildarmenn sögu hana hafa verið á svipuðum stað og skurður liggur í sjó fram. Fjaran er nokkuð grýtt og ekki breið.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:SSB, 98.

SB-019:015 Vör heimild um uppsátur 65°47.143N 18°04.344V

Upphlaðin lending, nefnd Vör, var í gílinu þar sem skurður úr svarðargröfunum 013 liggur í sjó fram, 40 metra austur af 013. Mjög bratt og sinuvaxið gil, erfitt að átta sig á landslaginu þar. Lendingin hefur verið rétt norðan við lækinn sem kemur niður gilið, þar er smávægileg hleðsla 2-3 metrar út í sjóinn úr fjörunni.

Hættumat: engin hætta

SB-019:016 Gerðið heimild um 65°47.084N 18°03.732V

“Heimatún er sunnan við bæjarlæk. Syðst í því er Gerðið, gömul tóttarbrot á hæð,” segir í Svalbarðsstrandarbók. Þetta var grænn og greinilegur hóll en nú er búið að byggja á honum því þar stendur nýja íbúðarhúsið, byggt 1975-6. Rúma 70 metra suður af bæjarhólnum, 001. Undir húsi, gróinn sléttadur lundur kringum húsið, nema að norðanverðu en þar er bílastæði.

Kjallari er undir húsinu og því búið að grafa allan hólinn út.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:SSB, 99.

SB-019:017 Hóllinn heimild um 65°47.081N 18°03.719V

“Hóllinn heitir efst í heimatúni, með tóttarbroti, - þar er nú trjárækt, ...” Segir í Svalbarðsstrandarbók. Hóllinn er 5 metra austur af núverandi íbúðarhúsi, sléttað er ofan á hólnum og þar voru geymdar heyrúllur og því ekkert að sjá sumarið 2004.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:SSB, 99.

SB-019:018 Hrossadalsrétt heimild um rétt 65°47.838N 17°59.739V

“Hrossadalsrétt var á melum vestan lækjar, er nú að grafast í sand. Var réttin notuð á árunum 1921-1945,” segir í Svalbarðsstrandarbók. Hrossadalurinn gengur suður vaðlaheiðina frá Víkurskarði. Dalurinn var genginn vestan megin nær inn í botn en ekki kom skrásetjari auga á tóftina. Að sögn heimildarmanna sjást tóftir á þessu svæði en þær fundust ekki við leit sumarið 2004, ef til vill sökum rigningar og slæms skyggnis.

Heimildir:SSB, 100.

SB-019:019 heimild um heygarð 65°47.147N 18°04.254V

“Suðurnes er frá bæjarlæk og suður að merkjum móti Sveinbjarnargerði. Heygarður er í miðju Suðurnesi,” segir í örnefnaskrá. Engin heimildarmanna kannast við þennan garð. Þarna er slétt tún.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Svalbarðsstrandarhreppur, 52

SB-019:020 Hallhúshóll heimild um útihús 65°47.267N 18°03.668V

“Hallhúshóll ofan við Laut sem er lægð í túninu sunnan við Ytrihúsátún,” segir í örnefnaskrá. Engin heimildarmanna kannaðist við þessa lýsingu, miðað við lýsingu var áætlað að Hallhúshóllinn væri suður af fjárhúsunum 006. Á svæðinu er nú slétt tún.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Svalbarðsstrandarhreppur, 52

SB-019:021 Kvíabrekka örnefni kvíar 65°47.215N 18°03.666V

“Hesthúsklöpp [004] er stök klöpp ofan við Miðtún norðanvert við miðja Kvíabrekku, smálægð utan við Fossinn í bæjarlæknum sem er rétt utan og ofan við Garðsvíkurbæ,” segir í örnefnaskrá. Að sögn heimildamanns var Kvíabrekkan 70-80 metra NNA af Hesthúsaklöpp 004 og um 18°0 metra norðaustur af bæjarhól 001. Þýfður mói rétt vestan í túninu, undir brekku. Engar tóftir sjást á þessu svæði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Svalbarðsstrandarhreppur, 52-53

SB-019:022 heimild um rétt 65°47.307N 18°03.738V

Að sögn Jóhanns Gauta heimildamanns var rétt vestan við Þjóðveg 1, samt ekki á sama stað og Garðsvíkurstekkur 010. Hún var rúma 330 metra norður af 001. Slétt tún. Þarna var grjótrétt til að

rýja fé á sumrin.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SP-019:023 heimild um lendingu

65°47.890N 18°03.65°9V

Lending var á Knarrarnesinu, sjá 008 og 009, norðanverðu. Önnur lending er tæpa 50 metra norðaustur af 009. Grýtt fjara og upp af fjörunni eru stórar grónar dokkir. Sagt að stærri skip hafi lent á þessu svæði norðan í nesinu eftir verslun á Gásum sem eru handan fjarðarins.

Hættumat: engin hætta

SP-019:024 *Bakkagerði* bæjarstæði býli

“Á 15. öld sést að Garðsvík hefir átt tvær hjáleigur í sunnanverðu landi jarðarinnar við merki Þórisstaða. Bakkagerði var á sjávarbakka, norðan Sandsskarðs og Snæbjarnargerði uppi undir fjallsbrekkum. Á 17. öld hafa hjáleigur þessar verið sameinaðar og Snæbjarnargerði þá talizt þriðjungur af Garðsvík ...” Þessi fornleif var ekki staðsett sumarið 2004.

Heimildir:SSB, 93

SP-612 Óstaðsetjanlegar fornleifar

SP-612:001 heimild um bænhus

Samkvæmt miðaldamáldögum voru fjögur útbænhus frá Svalbarði, ekki ljóst hvar þau voru. 1394: Jtem reynadist j portionem ä medan Sæmundur hafdi bvid vm. vij. ar. ad auk þess er hann hafdi bætt kyrkiuna fimm hundrud voru. Þar er prestz skyld. tekur heima j leigu fiorar merkur. af Sigluviyk. iiij. merkur. af Bænhvsum. v hundrad ef til liggia wt bænhvs. þau fiogur sem herra petur hefdi til lagt. Heytollur og lysistollur af. x. Bæium.

Heimildir:DI III 569-570

SP-612:002 heimild um bænhus

Samkvæmt miðaldamáldögum voru fjögur útbænhus frá Svalbarði, ekki ljóst hvar þau voru. 1394: Jtem reynadist j portionem ä medan Sæmundur hafdi bvid vm. vij. ar. ad auk þess er hann hafdi bætt kyrkiuna fimm hundrud voru. Þar er prestz skyld. tekur heima j leigu fiorar merkur. af Sigluviyk. iiij. merkur. af Bænhvsum. v hundrad ef til liggia wt bænhvs. þau fiogur sem herra petur hefdi til lagt. Heytollur og lysistollur af. x. Bæium.

Heimildir:DI III 569-570

SP-612:003 heimild um bænhus

Samkvæmt miðaldamáldögum voru fjögur útbænhus frá Svalbarði, ekki ljóst hvar þau voru. 1394: Jtem reynadist j portionem ä medan Sæmundur hafdi bvid vm. vij. ar. ad auk þess er hann hafdi bætt kyrkiuna fimm hundrud voru. Þar er prestz skyld. tekur heima j leigu fiorar merkur. af Sigluviyk. iiij. merkur. af Bænhvsum. v hundrad ef til liggia wt bænhvs. þau fiogur sem herra petur hefdi til lagt. Heytollur og lysistollur af. x. Bæium.

Heimildir:DI III 569-570

SP-612:004 heimild um bænhus

Samkvæmt miðaldamáldögum voru fjögur útbænhus frá Svalbarði, ekki ljóst hvar þau voru. 1394: Jtem reynadist j portionem ä medan Sæmundur hafdi bvid vm. vij. ar. ad auk þess er hann hafdi bætt kyrkiuna fimm hundrud voru. Þar er prestz skyld. tekur heima j leigu fiorar merkur. af Sigluviyk. iiij. merkur. af Bænhvsum. v hundrad ef til liggia wt bænhvs. þau fiogur sem herra petur hefdi til lagt. Heytollur og lysistollur af. x. Bæium.

Heimildir:DI III 569-570

VI. Fornleifar og byggð

Hér á eftir verður fjallað um helstu minjaflokka á svæðinu.

Bæjarhólar og bæjarstæði

Yfirleitt hafa bæir staðið á sama stað öldum saman, jafnvel allt frá landnámsöld til þessarar og hafa þá myndast bæjarhólar sem eru samsettir úr byggingaleifum og mannvistarlögum. Í bæjarhólum er mestra og fjölbreytilegastra fornminja að vænta. Í þeim er geymd saga daglegs lífs kynslóðar á kynslóð ofan og í þeim er flesta forngripi að finna. Bæjarhólar eru því langmikilvægasta tegund fornleifastaða og brýnt að koma í veg fyrir að þeir verði eyðileggingu að bráð. Vandinn við bæjarhóla er, að í meirihluta tilfella er enn búið á þeim og víða hafa steypuhús með djúpum kjöllum verið byggð á þeim og skemmt þá að meira eða minna leyti. Þar sem enn er búið á bæjarhólum er hæpið að réttlætanlegt sé eða raunhæft að friða þá fyrir frekara raski, en skemmdir bæjarhólar geta þó verið markverð rannsóknarefni og er mikilvægt að reynt verið að finna leiðir til að fylgjast með framkvæmdum á þeim, enda skýrt í lögum að ekki megi raska þeim. Mikilverðastir eru þó bæjarhólar, sem ekki hefur verið byggt á eða orðið fyrir raski. Sjaldnast er hægt að komast að því hvort bæjarhólar eru óskemmdir eður ei, nema við vettvangsathugun, en oftast er til upplýsingar um hvort bæjarhús hafi verið flutt og má ganga útfrá því, að þar sem hús hafa ekki verið flutt séu bæjarhólar minna eða meira raskaðir.

Alls voru skráðir 17 bæjarhólar á jörðunum 17 sumarið 2004 en að auki nokkur bæjarstæði. Nær allir bæjarhólar á skráningarsvæðinu hafa eyðilagst, enda byggð enn þétt á Svalbarðsströnd og víðast verið byggt fast uppvið eða ofan á gömlu bæjarhólunum. Þeir bæjarhólar sem enn eru óraskaðir eru að Meyjahóli (SP-005:001) og á Neðri-Dálksstöðum (SP-013:001). Á Meyjahóli má ætla að bæjarhóllinn sé að mestu óraskaður af nútíma vinnuvélum en síðasti torfbærinn þar var með hlöðnum kjallara (fjósi) og því hefur sú bygging raskað að hluta byggðarleifum þar. Að Neðri-Dálksstöðum sjást ógreinilegar hólamyndanir austan við Jóhönnuhús sem er varðveitt framhús sem byggt var vestan við torfbæinn og stendur það enn þótt torfbærinn hafi verið rifinn. Svæðið hefur verið sléttað en líklega leynast minjar þar undir sverði.

Fyrir utan bæjarhóla á býlum sem verið hafa í byggð fram á þessa öld eru fjölmargir staðir þar sem byggð hefur annaðhvort varað í stuttan tíma eða þar sem hjáleigur eða afbýli hafa lagst í eyði, en um þá staði var að hluta fjallað í

byggðasögukaflanum. Í Svalbarðsstrandarhreppi voru alls skráð 21 býli og 22 bústaðir. Helsti munurinn á þessum tveimur hlutverkum er sá að þeim minjastöðum sem vitað er að menn bjuggu almennum búskap með skepnum er gefið hlutverkið *býli* en þurrabúðum er gefið hlutverkið *bústaður*. Frá sjónarmiði fornleifafræðinnar eru staðir af þessu tagi ekki síður mikilvægir en bæjarhólar á lögbýlum, því oft er meira eftir af byggingum í kringum bæjarstæðið þ.e. útihúsum og görðum. Þar hefur byggð sjaldan haldist stöðug og lítið verið byggt á mörgum smærri býlum í seinni tíð. Slíkir staðir hafa einnig meira kynningargildi því að á þeim getur verið auðvelt að átta sig á legu og afstöðu bygginga en bæjarhólar eru oftast ekki annað en ólögulegir hólar, margir huldur sjónum af byggingum og uppfyllingum. Hér verður fjallað sérstaklega um bæjarstæði þar sem minjar eru enn sýnilegar. Hluta þessara býla er getið í Jarðabók Árna og Páls frá árinu 1712.

Í landi Veigarstaða var býlið **Símonarkot** (SP-003:009) talið fornt eyðibýli 1712 en á 17. öld hafði Símon nokkur byggt upp á eyðibýlinu kot þetta og búið þar í nokkur ár. Þarna er ágætlega vel varðveitt tóft sem er í nokkurri hættu vegna vegaslóða sem liggur fast vestur af tóftinni. Í landi Svalbarðs voru nokkur býli og hafa varðveist tóftir að **Hækingi** (SP-009:016) og **Stefánsstöðum** (SP-012:026) sem beggja er getið í Jarðabók 1712, en þá voru bæði býlin í eyði. Við ritun Jarðabókar er þess getið að stekkur hafi verið byggður í bæjarrústum Hækings og er þar vel varðveitt tóft. Svæðið umhverfis Stefánsstaði er algjörlega hlaupið í þúfur en greina má óglöggar leifar bæjarins þótt veggir séu ógreinilegir og illa farnir. Í landi Svalbarðs eru einnig tóftarleifar uppi á **Sólheimaborg** (SP-009:019) sem hvergi er getið í jarðabókum. Í örnefnalýsingum segir að þarna hafi verið búið um tíma og sjást 4-5 tóftir. Er umfang þeirra slíkt að vel má vera að þar hafi verið býli. Ekki var vitað um staðsetningar allra býla sem getið var í jarðabók 1712 en þar sem slík vitneskja var fyrri hendi voru minjarnar oftast horfnar vegna túnsléttunar. Á ströndinni voru miklir kartöflugarðar og því hafa mörg bæjarstæðin verið marg plægð á hverju sumri og því líklegt að allar tóftir séu horfnar.

Kirkjur og legstaðir

Engin kuml hafa fundist í Svalbarðsstrandarhreppi. Sóknarkirkja hreppsins er Svalbarðsstrandarkirkja (SP-009:002) og hefur verið það um aldir, en hennar er fyrst getið í heimildum árið 1318°. Kirkja var einnig í Siglufvík (SP-007:002) og virðist þar fyrst hafa verið alkirkja sem síðar breyttist í hálfkirkju. Bænhúss er getið í landi

Gautsstaða (SP-015:002) en ekki er vitað hvar það var staðsett. Mikið af mannabeinum hefur komið upp í landi Leifshúsa sem bendir til þess að bænhús hafi verið frá Þórisstöðum (sjá SP-017:002) og einnig verður að teljast líklegt að guðshús hafi verið í Garðsvík þó að engar heimildir séu fyrir því. Vitað er að stök beinagrind fannst í túninu á Halllandi fyrir aldamótin 1900 þótt nákvæm vitneskja liggi ekki fyrir um staðsetningu hennar (SP-004:023). Telja verður ólíklegt að bænhús hafi verið að Halllandi sem var rýrasta lögbýlið í hreppnum á miðöldum.

Nokkrar þjóðsagnakenndar sagnir eru í hreppnum um leiði nafnkenndra manna eða furðuskepna. Fyrst má geta um Þorgeirsbola sem á að hafa verið kveðinn niður í landi Gautsstaða (SP-015:010). Síðan er getið um þá félagu Gaut (SP-015:019) og Þóri (SP-016:015) sem eiga að vera jarðaðir uppi á Vaðlaheiði. Mýmargar keimlíkar sagnir hafa varðveist um allt land, en yfirleitt eru þetta staðir sem ólíklegt er að séu legstaðir eins og segja má um Þórishaug og Gautshaug.

Útihús og túngarðar

Útihús í túnum bæja eru einn stærsti minjaflokkurinn í fornleifaskráningu og má þar helst telja fjárhús, hesthús, skemmur, smiðjur, hænsnakofa og fjós. Jafnframt er þetta sá minjaflokkur sem hvað verst hefur orðið úti við jarðabætur og framkvæmdir á 20. öld. Eðli málsins samkvæmt er því sjaldgæft að finna vel varðveittar tóftir útihúsa á bæjum sem enn eru í byggð eða þar sem tún hafa verið sléttuð með jarðýtum. Sumarið 2004 voru fornleifar skráðar á bæjum sem eru flestir enn í byggð og þar var mjög lítið af varðveittum tóftum í túni.

Ekki er vitað um hlutverk 22 útihúsa en þau sem hafa þekkt hlutverk skiptast á eftirfarandi hátt:

hlutverk	fjöldi
fjárhús	35
lambhús	3
hesthús	10
fjós	2

Almennt virðast bændur ekki hafa verið duglegir að girða tún sín í Svalbarðsstrandarhreppi en túngarðar eða leifar þeirra sjást aðeins í landi Tungu.

Heimildir eru fyrir túngörðum á þremur jörðum til viðbótar.

Stekkir og kvíar

Víðast hvar á Íslandi lögðust fráfærur af um og upp úr aldamótunum 1900. Skráðir stekkir á svæðinu eru 19 og voru stekkir við nær hvern bæ. Víðast virðast stekkir vera einfaldar girðingar eða tóftir með litlu hólfi (lambakró) á einni hlið eða við annan enda. Í Svalbarðsstrandarhreppi fundust aðeins sex stekkjartóftir sumarið 2004. Stekkjartóftin í landi Veigarstaða (SP-003:013) er mjög stór og gæti hún hafa verið notuð eftir fráfærur lögðust af því að þar var gaddavír og spýtur. Stekkjartóftirnar í landi Geldingsár (SP-006:010) og Svalbarðs (SP-009:017) eru hefðbundnar stekkjartóftir með tvö hólfi þar sem annað er töluvert minna en hitt. Stekkurinn í landi Garðsvíkur (SP-019:010) var notaður sem rétt eftir að fráfærur voru aflagðar og hefur verið endurhlaðinn að hluta þá. Í landi Tungu (SP-012:025) og Mógils (SP-010:014) eru stekkjartóftirnar einfaldar, ferhyrðar tóftir, án lambakró. Slíkar tóftir var einnig að sjá á tveimur stærri minjasvæðum án þess að við þau séu tengd stekkjörnefni (SP-003:016, SP-015:013). Sumstaðar hafa myndast litlir túnblettir í kringum stekki, sem voru slegnir. Á skráningarsvæðinu var algengt að stekkir væru byggðir upp á gömlum eyðibýlum eða að byggð risi á gömlum stekkstæðum. Halllandssel (SP-004:015) er talið gamalt býli 1712 og var síðar byggt þar sel og síðast stekkur. Siglúvíkurstekkur (SP-007:008) var byggður á gömlu eyðibýli. Einnig var byggður stekkur ofan á býlinu Hækingi (SP-009:016) í landi Svalbarðs. Í landi Tungu er nefndir Neðri- og Efri Tungustekkur (SP-012:015 og 16) þar sem byggð á að hafa verið en nákvæmt staðsetning þeirra er ekki þekkt.

Kvíar voru yfirleitt mun nær bæ en stekkirnar og oft beinlínis í túnjaðri.

Ekki hafa það alltaf verið hlaðnar kvíar, heldur aðeins ákveðinn staður þar sem ær voru mjaltaðar og sumstaðar voru færirkvíar notaðar, sérstaklega þegar komið var fram á 20. öld. Aðeins eru skráðar 9 kvíar á svæðinu, en þær hafa vafalaust verið á hverjum bæ. Líklegasta ástæðan fyrir því að þeirra er ekki getið á öllum jörðum er sú að færirkvíar voru mikið algengari í seinni tíð og hafa sennilega ekki staðið á sama stað lengi. Örnefni hafa því ekki náð að festast við staðinn og því ekki nefnd í örnefnaskrá. Aðeins eru tvennar kvíatóftir á svæðinu, aðrar í landi Siglúvíkur (SP-007:030) og miklar hleðslur í landi Sveinbjarnagerðis sem líkjast ekki hefðbundnum kvíatóftum (SP-018:005).

Beitarhús og sel

Skráð voru fjögur beitarhús og eru tóftir á þremur þeirra. Í landi Veigarstaða eru beitarhúsatóftir uppi á klettabelti langt frá bæ (SP-003:016). Þar eru selsörnefni í kring og freistandi að ætla að þar hafi áður verið sel þótt það sé ekki vitað. Einnig hafa varðveist beitarhúsatóftir í landi Geldingsár (SP-006:014) og í landi Gautsstaða (SP-015:014).

Skráðar voru sjö selstöður en einnig fjögur býli þar sem hefur verið selstaða en er þeirra minjastaða þegar getið. Af þessum sjö selstöðum eru aðeins tóftir á þremur stöðum en það helgast af því að ræktun bænda á ströndinni hefur náð svo langt til fjalls að seltættur hafa víða verið sléttaðar í tún. Fyrst má nefna óglöggar seltættur á bakka Geldingsár í landi Sigluvíkur (SP-007:014). Þær eru langt uppi í fjalli en lentu undir Vaðlaheiðarveginum þegar hann var byggður um 1930. Miklar tóftir eru í landi Gautsstaða (SP-015:013), sumarið 2004 sáust þar að minnsta kosti sex tóftir og má vel vera að þar hafi verið býli einhvern tíma. Síðan má nefna **Jónssel** (SP-016:012) í landi Þórisstaða. Á nær hverri jörð í hreppnum eru óglöggar heimildir fyrir byggð, beitarhúsi, seli eða stekk uppi á heiði en vitneskja um nákvæmt hlutverk þessara minjastaða er oft á reiki og má vel vera að selstöður hafi verið víðar.

Mótekja

Mótekja hefur verið mikil á skráningarsvæðinu og mór nýttur til eldsneytis framundir 1930-1940. Skráðar mógrafir eru alls 15. Við Sigluvík, Breiðaból, Svalbarð og Tungu voru mógrafirnar nákvæmlega þar sem þjóðvegur eitt er nú. Engar mógrafir eru hinsvegar sýnilegar á skráningarsvæðinu, allar eru þær horfnar í veg eða tún.

VII. Niðurstöður

Tölfræði og hættumat

Með þessari skýrslu er lokið skráningu fornleifa í Svalbarðsstrandarhreppi. Ætla má að með skýrslunni fáið mjög gott yfirlit um dreifingu og ástand fornleifa á svæðinu. Ekki er þar með sagt að skýrslan sé tæmandi, enda leynast fornleifar víða. Gengið var á langflesta þekkta minjastaði en hinsvegar fundust ekki margir minjastaðir til viðbótar sökum þess hve margir staðir eru nú í túni. Heildarfjöldi skráðra minjastaða

reyndist 315 í öllum hreppnum. Hér á eftir fylgja nokkrar staðreyndir um eðli og ástand þessara minja, þ.e. þeirra sem á annað borð var unnt að flokka.

tegund	fjöldi
bæjarhóll	17
bæjarstæði	12
frásögn	2
garðlag	4
gata	6
heimild	212
hleðsla	1
laug	3
lind	1
mannabein	3
tóftir	26
vörður	8
þjóðsögur	2
þústir	2
örnefni	13
öskuhaugur	1

hlutverk	fjöldi
aftökustaður	1
áfangastaður	1
áveita	1
beitarhús	4
brunnur	6
bústaður	21
býli	23
bænhús	5
draugur	1
eyktarmark	2
fjárhús	35
fjós	2
hesthús	10
heygarður	2
heystæði	1
huldufólksbústaður	2
kálgarður	3
kirkja	1
kvíar	9
lambhús	3
landamerki	4
legstaður	7
leið	14
leikvöllur	2

lending	17
mógrafir	15
mylla	3
naust	2
refagildra	1
rétt	10
sel	7
sjóbúð	10
smalakofi	1
smiðja	3
stekkur	19
sundlaug	5
tjaldstæði	1
túngarður	4
uppsátur	6
útihús	22
útkirkja	1
þingstaður	1

hættumat	fjöldi
engin hætta	92
hætta	199
stórhætta	4

Staðir sem eru ekki í hættu eru yfirleitt fjarri bæjum uppi í heiði eða niðri við sjóinn. Allir staðir sem eru í heimatúnum þar sem enn er búið eða nærri hugsanlegum framkvæmdum teljast í hættu en í stórhættu eru einungis þær fornleifar sem eru í næsta námunda við stórframkvæmdir eða á barmi eyðileggingar. Helstu hættuorsakir eru eftirfarandi:

hættuorsök	fjöldi
vegna ábúðar	18°3
vegna vegagerðar	5
vegna rofs	3
vegna bygginga	7
vegna trjáræktar	5

Verndun og kynning minja

Eins og þegar hefur verið minnst á er meirihluti fornleifa innan túna á skráningarsvæðinu eyðilagður og að nú sjáist aðeins brot þeirra rústa sem áður voru til, helst hátt uppi í Vaðlaheiði eða niður við sjóinn. Skilvirk minjavernd verður að byggja á vettvangsathugunum en benda má á nokkur atriði sem vert er að hafa í huga við áætlanagerð og skipulag byggðar.

Dregið hefur úr framkvæmdum í landbúnaði á undanförunum árum og stafar því þeim tóftum sem enn eru sýnilegar ekki jafnmikil hætta og áður af nýbyggingum, framræslu og túnasléttun. Mikill hluti slíkra tófta eru stekkir, beitarhús, eyðikot og sel og hafa margar þeirra kynningargildi. Brýnt er að komið verði í veg fyrir frekari eyðileggingu slíkra minja. Auk vegagerðar og línulagna stafar fornleifum nú helst hætta af skógrækt og aukinni sumarbústaðabyggð auk þess sem nýbyggingar og framkvæmdir ógna fornleifum. Aukin skógrækt er vaxandi áhyggjuefni fyrir minjavernd á Íslandi og brýnt er að fundnar verða leiðir til að koma í veg fyrir að fornleifar spillist af völdum skógræktar.

Skógur eyðileggur hinsvegar fornleifar ekki á sama hátt og skurðgröfur. Rætur trjáa sprengja vegghleðslur og afmynda rústir þannig að erfitt verður að átta sig á þeim á

yfirborði eða kanna þær með uppgrefti. Það er þó ekkert sem segir að hagsmunir skógræktar og minjavörslu geti ekki farið saman. Fornleifar þekja aðeins brotabrot af heildarflatamáli mögulegs skógræktarlands og þegar fornleifaskráning liggur fyrir er auðvelt að sneiða hjá þeim.

Byggingar húsa geta valdið miklu alvarlegri spjöllum á fornleifum ef ekki er farið að með gát. Þar gildir hinsvegar það sama og með skógrækt. Þegar fornleifastaðir eru þekktir á að vera auðvelt að sneiða hjá þeim.

Engir staðir eru friðlýstir á skráningarsvæðinu er ljóst er að nokkrir minjastaðir í hreppnum eiga skilið meiri athygli en þeim hefur verið sýnd hingað til.

SP-003:016. Beitarhúsatóftir í landi Veigarstaða. Þær eru einstakur vitnisburður um það hve erfður búskapur var oft á landinu. Staðsetning ein er mjög merkileg uppi á klettabelti uppi í heiði og hefur verið langur beitarhúsavegur fyrir þá sem sinntu fé. Þarna uppi á klettunum var heyjað og var heyinu hent niður í pokum að vetrarlagi. Kynningargildi staðarins stafar af því að staðsetningin er til vitnis um örðuga og löngu horfna búskaparhætti.

SP-005:001. Bæjarhóllinn að Meyjarhóli. Hann er einn af tveimur lítið röskuðum bæjarhólum í sveitinni og er framhúsið uppistandandi. Ef það væri gerður upp hefði hann ákveðið kynningargildi. Bæjarhóllinn hefur mikið varðveislugildi sökum þess hve lítið er varðveitt af óskemmdum bæjarhólum í sveitinni.

SP-007:002. Sumarið 2004 fundust mannabein við húsið í Siglufík og er brýnt að rannsaka betur umhverfi bæjarins.

SP-009:019. Sólheimar í landi Svalbarðs. Þessi minjastaður er nokkuð aðgengilegur og hefði kynningargildi. Þar eru greinilegar tóftir af býli og/eða seli og er svæðið sérstaklega merkilegt sökum þess hve fá slík minjasvæði eru varðveitt í hreppnum.

SP-015:013-14. Í landi Gautsstaða hafa varðveist greinilegar tóftir (6 talsins) og skammt frá er stór beitarhúsatóft. Þetta svæði hefur sérstakt varðveislu-, rannsóknar- og kynningargildi vegna þess að þetta er nær eina heillega minjasvæðið í göngufæri frá Þjóðvegi 1.

SP-017:002. Staðurinn þar sem mannabein fundust í túni Leifshúsa hefur mikið rannsóknar og varðveislugildi, sérstaklega ef þar nálægt hefur verið bænhús.

SP-019:008, 009 og 023. Knarrarnes í landi Garðsvíkur er merkilegur minjastaður. Þar eru lendingar beggja vegna nessins, tenging við Gásir hinu megin fjarðarins og svo er þar mjög vel varðveitt, hlaðin sjóbúð sem þyrfti að friðlýsa og merkja.

Heimildaskrá

BBSÞ *Byggðir og bú Suður-Þingeyinga*, Reykjavík 1986.

Birna Lárusdóttir og Guðrún Alda Gísladóttir: *Menningarminjar í Hálshreppi*, Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík 2001.

DI: *Diplomatarium Islandicum eða Íslenskt fornbréfasafn* I-XVI. Kaupmannahöfn og Reykjavík 18°53-1976.

FF: *Frásögur um fornaldarleifar 18°17-18°23* I-II. 1983. Sveinbjörn Rafnsson bjó til prentunar. Reykjavík.

Hjalti Hugason: *Frumkristni og upphafi kirkju. Í Kristni á Íslandi* Reykjavík 2000

ÍF I: *Íslensk fornrit I. Íslendingabók og Landnáma*. Reykjavík 1968.

ÍF IX: *Íslensk fornrit XI. Eyfirðinga sögur* Reykjavík 1956

ÍF X: *Íslensk fornrit X. Ljósvetninga saga með þáttum. Reykdæla saga ok Víga-Skútu. Hreiðars þáttur* Reykjavík 1979

JÁM XI: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IV*. Kaupmannahöfn 1943

JJ: Johnsen, J: *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppnum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 18°35-18°45, og skýrslu um sölu þjóðjarða á landinu*. Kaupmannahöfn 18°47.

Jón Skaptason: *Suður-Þingeyjarsýsla vestan Skjálfandafljóts og Fljótsheiðar* Árbók ferðafélags Íslands Reykjavík 1969.

Kálund, Kristian: *Íslenskir Sögustaðir III*, Reykjavík 1985

Ólafur Jónsson: *Skriðuföll og snjóflóð I*, Akureyri 1957

PP: Sveinn Nielsson: *Presta tal og prófasta* Kaupmannahöfn 18°69.

Sigurður Bergsteinsson: Bréf 11 maí 2005

Sigurjón Valdimarsson: *Skýrsla um fund mannabeina í Leifshúsum Svalbarðstrandarhreppi S-Þing árið 1952* Þjóðminjasafn.

SSB: Júlíus Jóhannesson: *Svalbarðsstrandabók*, Akureyri 1964

SSE: Sýslu- og sóknalýsingar *Eyjafjarðarsýslu*, Eyfirzkræði II, Akureyri 1972.

Sturlunga saga I-II. Reykjavík 1946.

Ö-Svalbarðsstrandarhreppur: *Örnefni á jörðum í Svalbarðsstrandarhreppi* Guðmundur Benediktsson safnaði og skráði.

Heimildarmenn

Bára Sævaldsdóttir fædd 7.4.1915
Bjarney Bjarnadóttir fædd 19.6.1950
Grímur Jóhannesson fæddur 22.8.1929
Guðmundur Bjarnason fæddur 20.4.1964
Haukur Halldórsson fæddur 25.1.1945
Hildur Gestsdóttir fædd 01.06. 1972
Hólmfríður Ásgeirsdóttir fædd 22.6.1927
Hulda Halldórsdóttir fædd 27.4.1928
Ingi Þór Ingimarsson fæddur 23.12.1925
Jóhann Gauti Gestsson fæddur 3.5.1926
Jóhannes Halldórsson fæddur 26.8.1940
Jóhannes Kristjánsson fæddur 3.8.1954
Kristín Friðbjörnsdóttir fædd 1.7.1930
Kristján Kjartansson fæddur 8.2.1938
Margrét Jóhannsdóttir fædd 1.10.1937
Máni Guðmundsson fæddur 14.1.1964
Olgeir Friðbjörnsson fæddur 24.12.1940
Pálmi Valdimarsson fæddur 29.3.1931
Sigfús Árelíusson fæddur 1.1.1932
Stefán Júlíusson fæddur 25.1.1924
Steingrímur Valdemarsson fæddur 30.9.1926
Sveinberg Laxdal fæddur 3.7.1942
Þóranna Björgvinsdóttir fædd 30.6.1943